

# MANNRÉTTINDADÓMSTÓLL EVRÓPU 2019

**Dómareifanir**

2. hefti 2019 (júlí–desember)

Mannréttindastofnun Háskóla Íslands

**Ritstjóri:** Brynhildur G. Flóvenz  
**Ritnefnd:** Kári Hólmar Ragnarsson  
Brynhildur G. Flóvenz

Mannréttindadómstóll Evrópu  
Dómareifanir 2. hefti 2019, (júl–desember)  
© Mannréttindastofnun Háskóla Íslands  
ISSN 1670-6145

Umbrot: Þorkell J. Sigurðsson (torkellsig@simnet.is)  
Útgáfan er styrkt af dómsmálaráðuneytinu

## Frá ritstjóra

Í þessu hefti eru birtar reifanir á nokkrum helstu dómum Mannréttindadómstóls Evrópu frá síðari hluta ársins 2019. Dómareifanirnar koma út tvisvar á ári, annars vegar reifanir dóma sem kveðnir hafa verið upp fyrstu sex mánuði hvers árs og ættu þær að jafnaði að koma út í lok árs eða byrjun hins næsta og hins vegar reifanir dóma sem kveðnir eru upp síðari hluta árs en þær ættu að jafnaði að koma út að vori eða sumri árið eftir. Fer það m.a. að nokkru eftir því hvenær þýðingar helstu mála, eða svokallaðra lykilmála eru aðgengilegar á ensku hjá dómstólnum. Þegar þetta er skrifað er unnið að reifunum og frágangi 1. tbl. 2020 og 2. tbl. 2020 og kemur fyrra tölublaðið út á næstu vikum og hið síðara í vor, gangi allt að óskum.

Sú breyting var gerð á framsetningu dóma og ákvarðana varðandi mál gegn Íslandi fyrir nokkru að dómarnir og ákvarðanirnar eru reifuð undir viðeigandi greinum sáttmálans eins og aðrir dómur en auk þess eru þau birt í heild sinni á íslensku aftast í heftinu. Sama fyrirkomulag verður í þessu hefti.

Áfram eru dómur í málum gegn Íslandi. Í þessu hefti eru dómur í tveimur málum gegn Íslandi og varða þau bæði réttinn til réttlátrar málsmeðferðr samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sáttmálans. Annar vegar er dómur í máli Júlíusar Þórs Sigurþórssonar og hins vegar í máli Styrmis Þórs Bragasonar en dómur voru kveðnir upp í málunum 16. júlí 2019. Í báðum málunum var íslenska ríkið talið hafa brotið gegn 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmálans. Það eru því orðin all nokkur mál á undanförunum árum þar sem mannréttindadómstóllinn hefur talið íslenska ríkið brjóta gegn réttinum til réttlátrar málsmeðferðar.

Sem kunnugt er var mál Gumundar Andra Ástráðssonar (*Kæra nr. 26374/18*) gegn íslenska ríkinu flutt fyrir yfirdeild dómstólsins þann 5. febrúar 2020. Vart þarf að taka fram að málið varðaði skipun dómara við Landsrétt og féll dómur í því í desember 2020. Reifun þess dóms mun birtast í viðeigandi tölublaði, þ.e. 2. tbl. 2020 ásamt dóminum í heild sinni á íslensku verði þýðingu lokið þegar heftið kemur út en dómurinn er afar langur.

Auk málanna gegn Íslandi er að venju fleiri áhugaverð mál að finna í þessu hefti enda þótt ekki séu mörg mál að þessu sinni sem teljast til svokallaðra lykilmála dómstólsins og heldur ekki mörg mál utan þeirra sem snerta Norðurlöndin en til þess hefur gjarnan verið horft við val á dómum til reifana.

Mál Strand Lobben o.fl. gegn Noregi (*Kæra nr. 37283/13*) er áhugavert, m.a. fyrir þær sakir að dómurinn fjallar um málefni sem víða er nú nokkuð togast á um, þ.e. mat á hagsmunum barna og foreldra í barnaverndarmálum og þá m.a. eins og í þessu máli hvernig málsmeðferð barnaverndaryfirvalda er í svo vandasömum málum. Niðurstaða yfirdeildar dómstólsins var að norska ríkið hefði brotið gegn rétti móður barns með því að heimila fyrst varanlegt fóstur og síðan ættleiðingu ungs barns hennar án þess að kanna öll úrræði til hlítar og með því að byggja á gömlum gögnum og þannig hefði ríkið brotið gegn 8. gr. sáttmálans.

Áfram eru til meðferðar mál sem varða umsækjendur um alþjóðlega vernd og

meðal þeirra er mál N.A. gegn Finnlandi (*Kæra nr. 25244/18*) en hluti fjölskyldu N.A. hafði fengið vernd en ekki þó faðir hennar sem hafði verið vísað brott til Íraks þrátt fyrir að hann teldi sig í hættu þar sem og reyndist raunin en hann var myrtur eftir að hann var sendur þangað. Dómstóllinn taldi Finnland bæði hafa brotið gegn 2. og 3. gr. sáttmálans í málinu.

Þá má nefna mál Ilias og Ahmed gegn Ungverjalandi (*Kæra nr. 47287/15*) en þar er fjallað um skyldu ríkis til að ganga úr skugga um aðstæður í ríki sem aðildarríki endursendir umsækjendur um alþjóðlega vernd til og þarf þá sérstaklega að hafa í huga svokallaða keðju-brottvísun. Í málinu var ungverska ríkið talið hafa brotið gegn 3. mr. sáttmálans.

Umsjónarmaður dómareifana þessa heftis er Dr. Kári Hólmar Ragnarsson, lektor. Að gerð dómareifana unnu Júlíana Amalía E. Sveinsdóttir, lögfræðingur og Kolbrún Birna Hallgrímsdóttir, laganemi. Eru þeim færðar bestu þakkir fyrir störf sín.

*Brynhildur G. Flóvenz*

## Efnisyfirlit

### 2. hefti 2019 (júlí–desember)

#### 2. gr. Réttur til lífs

Olewnik-Cieplińska og Olewnik gegn Póllandi. Dómur frá 5. september 2019.

*Mannrán. Morð. Ófullnægjandi rannsókn. Réttur til lífs. Jákvæðar skyldur. Málshraði.* ..... 7

N.A. gegn Finnlandi. Dómur frá 14. nóvember 2019.

*Flóttamaður. Brottvísun. Réttur til lífs. Bann við pyndingum.* ..... 9

#### 3. gr. Bann við pyndingum

Ulemek gegn Króatíu. Dómur frá 31. október 2019.

*Bann við ómannlegri eða vanvirðandi meðferð. Aðbúnaður í fangelsi.*

*Skadabætur. Raunhæft úrræði.* ..... 11

N.A. gegn Finnlandi. Dómur frá 14. nóvember 2019.

*(sjá reifun undir 2. gr.)* ..... 13

Z.A. o.fl. gegn Rússlandi – Yfirdeild. Dómur frá 21. nóvember 2019.

*Flóttamaður. Frelsissvipting. Flugvöllur. Bann við ómannlegri og vanvirðandi meðferð.* ..... 13

Ilias og Ahmed gegn Ungverjalandi – Yfirdeild. Dómur frá 21. nóvember 2019.

*Flóttamaður. Bann við ómannlegri eða vanvirðandi meðferð. Brottvísun. Rannsókn. Frelsissvipting.* ..... 16

#### 5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

Ilias og Ahmed gegn Ungverjalandi – Yfirdeild. Dómur frá 21. nóvember 2019.

*(sjá reifun undir 3. gr.)* ..... 20

Z.A. o.fl. gegn Rússlandi – Yfirdeild. Dómur frá 21. nóvember 2019.

*(sjá reifun undir 3. gr.)* ..... 20

#### 6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar

Júlíus Þór Sigurþórsson gegn Íslandi. Dómur frá 16. júlí 2019.

*Réttlát málsmeðferð. Áfrýjun. Milliliðalaus málsmeðferð. Endurrit munnlegra framburða.* ..... 21

Styrmir Þór Bragason gegn Íslandi. Dómur frá 16. júlí 2019.

*Réttlát málsmeðferð. Umboðssvik. Hlutdeild. Áfrýjun. Milliliðalaus málsmeðferð. Endurrit munnlegra framburða.* ..... 23

#### 8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Strand Lobben o.fl. gegn Noregi. Dómur frá 10. september 2019.

*Ættleiðing. Forsjársvipting. Fósturforeldrar. Hagsmunir barns.* ..... 26

|  |    |
|--|----|
| López Ribalda o.fl. gegn Spáni. Dómur frá 17. október 2019.<br><i>Friðhelgi einkalífs. Öryggismyndavélar. Þjófnaður. Uppsagnir. Jákvæðar skyldur.</i> .....  | 28 |
| <b>13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns</b><br>Ulemek gegn Króatíu. Dómur frá 31. október 2019.<br><i>(sjá reifun undir 3. gr.)</i> .....  | 31 |
| Ilias og Ahmed gegn Ungverjalandi – Yfirdeild. Dómur frá 21. nóvember 2019.<br><i>(sjá reifun undir 3. gr.)</i> .....  | 31 |
| <b>14. gr. Bann við mismunun</b><br>J.D. og A gegn Bretlandi. Dómur frá 24. október 2019.<br><i>Mismunun. Meðalhóf. Lögmeitt markmið. Húsnæðisbætur. Fötlun. Kyn. Heimilisofbeldi. Svefnherbergisskattur.</i> .....  | 32 |
| <b>35. gr. Skilyrði þess að mál sé tækt</b><br>Ulemek gegn Króatíu. Dómur frá 31. október 2019.<br><i>(sjá reifun undir 3. gr.)</i> .....  | 35 |
| <b>1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar</b><br>J.D. og A gegn Bretlandi. Dómur frá 24. október 2019.<br><i>(sjá reifun undir 14. gr.)</i> .....   | 36 |
| <b>2. gr. 7. viðauka. Réttur til áfrýjunar sakamáls</b><br>Styrmir Þór Bragason gegn Íslandi. Dómur frá 16. júlí 2019.<br><i>(sjá reifun undir 6. gr.)</i> .....   | 37 |
| <b>4. gr. 7. viðauka. Réttur til að vera ekki saksóttur eða refsað tvívegis</b><br>Mihalache gegn Rúmeníu. Dómur frá 8. júlí 2019.<br><i>Umferðarlagabrot. Ölvunarakstur. „Ne bis in idem.“ Réttur til að vera ekki saksóttur eða refsað tvívegis.</i> ..... | 38 |
| <b>Dómar í málum gegn Íslandi</b><br>Júlíus Þór Sigurþórsson gegn Íslandi. ....  | 40 |
| Styrmir Þór Bragason gegn Íslandi. ....  | 63 |

---

## 2. gr. Réttur til lífs

---

### **Olewnik-Cieplińska og Olewnik gegn Póllandi**

**Dómur frá 5. september 2019**

**Mál nr. 20147/15**

#### **2. gr. – Réttur til lífs**

*Mannrán. Morð. Ófullnægjandi rannsókn. Réttur til lífs. Jákvæðar skyldur. Málshraði.*

#### **1. Málsatvik**

Kærendur, fæddir 1949 og 1974, eru pólskir ríkisborgarar fæddir og búsettir í Drobin, Póllandi. Krzysztof Olewnik, sonur annars kærenda og bróðir hins, var numinn á brott af heimili sínu í októbermánuði ársins 2001, þá 25 ára að aldri. Degi síðar, þann 27. október, gerðu kærendur sér grein fyrir mannhvarfinu og tilkynntu það til yfirvalda. Manninum var haldið sem gísl í tvö ár og hann beittur ofbeldi þar til hann var myrtur þann 5. september 2003, nokkrum mánuðum eftir að fjölskylda hans hafði greitt lausnargjaldið sem mannræningjarnir höfðu krafist með símaskilaboðum og bréfum. Frekari upplýsingar um mannrán hans og morð komu í ljós í nóvember 2005, í kjölfar þess að vitni bar kennsl á einn mannræningjanna sem játaði sök og gaf upp hvar líkamsleifar mannsins voru grafnar.

Tíu meðlimir glæpagengis voru að lokum sakfelldir fyrir morðið árið 2010. Sakfellingarnar byggðu aðallega á játningum þeirra. Þrír sakborninganna létust í varðhaldi en lát þeirra voru talin sjálfsvíg. Á árunum 2009 til 2013 var þess freistað að varpa frekara ljósi á mannránið og morðið. Á þeim árum höfðaði saksóknari í Gdańsk þannig refsímál gegn flestum sem að málinu komu, nánar tiltekið gegn lögreglunni vegna misbeitingar valds, saksóknurum vegna vanrækslu og gegn háttsettum opinberum starfsmönnum vegna alvarlegs aðgerðaleysis. Brot tveggja lögreglumanna töldust fyrnd og aðrar ákærur voru felldar niður.

Þá setti Sejm (neðri deild pólska þingsins) á laggirnar rannsóknarnefnd sem rannsakaði aðgerðir lögreglu, ákærvaldsins og opinberra stjórnýslustofnana í málinu. Niðurstöður lokaskýrslu deildarinnar árið 2011 gáfu til kynna að seinlæti, kæruleysi og skortur á fagmennsku af hálfu rannsóknaraðilanna hefði leitt til þess að sakborningar komu ekki í leitirnar og á endanum leitt til andláts Krzysztof. Rannsóknin náði einnig til möguleikans á því að einhverjir rannsóknaraðilar hefðu unnið með glæpagenginu.

#### **2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum**

##### ***Kæran***

Kærendur byggðu á því fyrir Mannréttindadómstólnum að pólsk yfirvöld bæru ábyrgð á andláti hins látna vegna þess að þeim hefði hvorki tekist að vernda líf hans né rannsaka mannrán hans á fullnægjandi hátt. Byggðu kærendur kröfur sínar aðallega á 2. gr. sáttmálans. Jafnframt kvörtuðu þeir yfir að fullnægjandi rannsókn á morði hans hefði ekki farið fram.

### *Niðurstaða*

Mannréttindadómstóllinn ítrekaði, með vísan til fyrri fordæma, að skv. 1. mgr. 2. gr. væri aðildarríkjum ekki aðeins skylt að koma í veg fyrir aftökur án dóms og laga, heldur einnig að gera viðeigandi ráðstafanir til að vernda líf einstaklinga innan lögsögu þeirra. Skyldur ríkjana til að gera viðeigandi ráðstafanir til verndar lífs þeirra sem staddir eru innan lögsögu þeirra náí þá einnig, undir vissum kringumstæðum, til jákvæðrar skyldu yfirvalda til að grípa til fyrirbyggjandi aðgerða til að vernda líf einstaklings gegn hættu sem stafar af glæpsamlegum athöfnum annars einstaklings.

Hvað brot á efnisþætti 2. gr. varðar komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að pólsk yfirvöld hefðu vitað eða mátt vita að líf Krzysztof væri í húfi allt frá hvarfi hans, en það hefði einkum mátt ráða af tölfræðiupplýsingum sem gefnar voru út af pólsku ríkisstjórninni á tíma rannsóknarinnar, þess efnis að mannrán á viðkomandi tíma í Póllandi hefðu falið í sér pyndingar, heilsutjón hvers konar og jafnvel leitt til dauða. Þá höfðu samningaviðræður við mannræningjana staðið yfir árum saman og bárust fjölskyldu hans bréf er innihéldu lífláts- og ofbeldishótanir og því hafi rannsóknaryfirvöld mátt gera sér grein fyrir þeirri hættu sem líf hans var í. Dómstóllinn tók fram að við slíkar aðstæður væri jákvæð skylda á yfirvöldum til þess að gera allt sem með sanngirni mátti vænta af þeim til að finna fórnarlambið eins hratt og unnt væri, sem og að bera kennsl á mannræningjana. Dómstóllinn lagði hvað ríkasta áherslu á skýrslu rannsóknarnefndar pólska þingsins og niðurstöður hennar, þar sem finna mátti skýr dæmi um vanhæfni pólsku lögreglunnar og mistök hennar á upphafsstigum málsins. Lögreglu hafi m.a. láðst að safna saman nauðsynlegum sönnunargögnum af heimili hins látna; að afla gagna innan eðlilegs tíma frá afgreiðslumanni stórmarkaðar sem selt hafði forsprakka gengisins farsíma árið 2001; að rannsaka nafnlaust bréf frá árinu 2003 þar sem þeir er komu að mannráninu voru nafngreindir; að greina hratt og rekja símtöl; og að hafa umsjón með afhendingu lausnargjaldsins. Þessi mistök hafi m.a. bent skýrt til þess að viðbrögð pólsku lögreglunnar hefðu ekki verið í takt við það sem jafnan er krafist í slíkum tilfellum. Dómstóllinn komst því að þeirri niðurstöðu að telja yrdi pólsk yfirvöld ábyrg fyrir þessari hrinu mistaka. Að framansögðu virtu hafi pólska ríkið brotið gegn 2. gr. sáttmálans að því er varðar skyldu þess til að vernda líf Krzysztof.

Dómstóllinn sneri sér þá að málsmeðferðarþætti 2. gr. sáttmálans, þ.e. hvort yfirvöld hafi rannsakað málsatvik nægilega. Tók dómstóllinn fram að þáttaskil hefðu orðið í rannsókninni árið 2005 og helstu gerendurnir handteknir árið 2006, ákærðir 2007 og þeir sakfelldir innan skamms tíma. Þá hafi rannsókn þingsins og vitleitni saksóknara í Gdańsk á árunum 2009 til 2013 stuðlað að jákvæðri framvindu rannsóknarinnar. Engu að síður vísaði dómstóllinn til þess að um það bil 17 árum eftir mannránið hefði málsmeðferð vegna morðsins á Krzysztof enn verið yfirstandandi og staðreyndir málsins ekki enn að fullu skýrðar, en það hefði skilið kærendur eftir í óvissu. Þá hafi, við málsmeðferð fyrir dómstólnum, ríkið verið beðið um að veita upplýsingar um þá yfirstandandi rannsóknir en það hafi ekki gert það og borið við trúnaði. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að yfirvöldum



## 2. gr. Réttur til lífs

hefði ekki tekist að framkvæma fullnægjandi og árangursríka rannsókn á andláti mannsins og þar með brotið gegn málsmeðferðarþætti 2. gr. sáttmálans.

### **N.A. gegn Finnlandi**

**Dómur frá 14. nóvember 2019**

**Mál nr. 25244/18**

**2. gr. Réttur til lífs**

**3. gr. Bann við pyndingum**

***Flóttamaður. Brottvísun. Réttur til lífs. Bann við pyndingum.***

### **1. Málsatvik**

Kærandi er fædd 1996 og býr í Finnlandi. Kæran varðaði andlát föður kæranda í desember 2017 í Írak. Faðir kæranda var súnní-múslimi frá Bagdad og liðsmaður í Íraksher í valdatíð Saddam Hussein. Eftir fall Hussein starfaði hann fyrir bandarískt fyrirtæki og síðar fyrir írösk stjórnvöld við sakamálarannsóknir. Árið 2014 varð faðir kæranda yfirmaður rannsókna á mannréttindabrotum, m.a. brotum liðsmanna hersveita sjáa-múslima. Á árinu 2015 lenti faðir kæranda í deilum við samstarfsmann sinn, sem sagður var meðlimur í hersveit sjáa-múslima. Var honum m.a. hótað lífláti. Síðar voru tvær tilraunir gerðar til þess að ráða hann af dögum; í skotárás og sprengjutilræði. Einnig var gerð tilraun til þess að nema kæranda á brott. Í ágúst 2015 flúðu kærandi, faðir hennar og bróðir Írak en móðir kæranda og tvær systur urðu eftir í Írak í felum. Þann 2. september 2015 komu kærandi, faðir hennar og bróðir til Finnlands og sóttu um alþjóðlega vernd daginn eftir.

Umsókn föður kæranda um alþjóðlega vernd í Finnlandi var hafnað þann 16. desember 2016 og var sú niðurstaða staðfest af stjórnsýsludómstól Helsinki þann 26. september 2017. Byggðist sú niðurstaða m.a. á því að faðir kæranda hefði ekki sýnt fram á tengsl skotárásarinnar, sprengjutilræðisins og deilna hans við fyrrum samstarfsmann. Þá ætti hann ekki raunverulega hættu á ofsóknum vegna súnní-bakgrunns síns. Málskotsbeiðnum var hafnað.

Í kjölfarið tók faðir kæranda þátt, gegn peningagreiðslu, í endursendingu með samþykki og skrifadi m.a. undir yfirlýsingu um að stjórnvöld bæru ekki ábyrgð á endursendingunni. Hann yfirgaf Finnland þann 29. nóvember 2017.

Kærandi komst síðar að því að þann 17. desember 2017 hefði faðir hennar verið skotinn til bana í Bagdad af ótilgreindum aðilum.

### **2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum**

#### ***Kæran***

Kærandi byggði á því að brottvísun föður hennar til Írak hefði brotið gegn 2. gr. og 3. gr. sáttmálans.

#### **Niðurstaða**

Dómstóllinn hafnaði sjónarmiðum ríkisins um að brottför föður kæranda frá Finnlandi hefði verið með samþykki hans og því ekki á ábyrgð ríkisins. Benti

## 2. gr. Réttur til lífs

---

dómstóllinn á að hann hefði ekki yfirgefið Finnland nema vegna þess að brottvísunarúrskurður hafði þegar verið kveðinn upp og samþykki hans fyrir endursendingu hefði því ekki byggst á frjálsri viljaafstöðu hans. Hið sama mætti segja um yfirlýsingu þá sem hann undirritaði um ábyrgðartakmörkun.

Dómstóllinn benti á að finnsk yfirvöld hefðu tekið frásögn föður kæranda af atburðum trúanlega og einnig bent á gögn sem greint hefðu frá spennu milli hersveita sjía-múslima og súnní-múslima, morðum á Írökum sem hefðu starfað fyrir bandarísk fyrirtæki og því að öryggisaðstæður í Bagdad væru með þeim hætti að nauðsynlegt væri að kanna sérstakar aðstæður þeirra einstaklinga sem ætlunin væri að endursenda.

Þegar þessir þættir væru virtir heildstætt hefði faðir kæranda verið í raunverulegri hættu, en finnsk yfirvöld hefðu ekki framkvæmt slíkt heildarmat. Þá hefðu landsdómstólar afskrifað skotárásina og sprengjutilræðið sem handahófskennda atburði fremur en árásir á föður kæranda. Dómstóllinn sá ekki fullnægjandi réttlætingu fyrir því að umræddir atburðir hefðu ekki verið teknir alvarlega. Þá hefðu deilur föður kæranda við samstarfsmann verið afskrifaðar sem persónulegar deilur en ekki settar í samhengi við deilur sjía- og súnní-múslima eða morðtilræðin gagnvart föður kæranda.

Finnsk yfirvöld hefðu því brugðist skyldum sínum á grundvelli bæði 2. og 3. gr. sáttmálans við meðferð umsóknar föður kæranda um alþjóðlega vernd.

---

## 3. gr. Bann við pyndingum

---

**Ulemek gegn Króatíu**

**Dómur frá 31. október 2019**

**Mál nr. 21613/16**

**3. gr. Bann við pyndingum**

**13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns**

*Bann við ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð. Aðbúnaður í fangelsi. Skaðabætur. Raunhæft úrræði.*

### 1. Málsatvik

Kærandi er króatískur ríkisborgari fæddur 1982. Í mars 2010 var hann dæmdur til 18 mánaða fangelsisrefsingar fyrir hlutdeild í ráni. Hann sat í fangelsi í Zagreb, Króatíu, frá 12. maí til 8. júní 2011 en afplánaði það sem eftir stóð í fangelsi í Glina, þar til honum var veitt reynslulausn í september 2012.

Kæran laut að aðbúnaði og aðstæðum í fangelsinu í Zagreb. Kærandi hélt því m.a. fram að fangelsið hefði verið yfirfullt, honum hefði verið komið fyrir í 21 fermetra klefa með sjö, stundum átta, öðrum föngum. Í því sama rými var salernisaðstaðan sem var einungis aðskilin að hluta til og leiddi af því mikinn fnyk. Laut kvörtun hans einnig að því að aðstöðuleysi væri mikið en fangarnir fengu ekki aðgang að nauðsynlegum hreinlætisvörum eða sturtu. Hann taldi starfsemi illa skipulagða, engin afþreying var í boði og þurftu fangar að húka í klefanum allan sólarhringinn, að undanskilinni einni klukkustund á dag sem nýta mátti í útiveru. Kærandi kom kvörtunum sínum ekki í formlegt ferli á meðan á fangelsisvistinni stóð.

Kæran laut einnig að aðbúnaði í fangelsinu í Glina en þar var hann færður milli klefa af ýmsum stærðum, með mismörgum föngum. Hann kvað þá alla hafa verið yfirfulla og skort hafi á hreinlætis- og salernisaðstöðu. Afþreying þar hafi verið illa skipulögð og hann þurft að þola áreiti og árásir frá öðrum föngum, sem leiddi til þess að hann var settur í einangrun frá þeim í 90 daga samtals. Honum var meinað að heimsækja veika fjölskyldumeðlimi, þ.á m. veikan föður sinn, og var neitað um heimsóknir maka síns. Á meðan á afplánun hans stóð þurfti hann bráðaþjónustu tannlæknis en henni var seinkað um fimm mánuði, án réttmætrar ástæðu. Kærandi kvartaði yfir aðstæðum en kvörtunum var hafnað af fangelsisvirkvöldum, fullnustudómara og héraðsdómi.

Eftir fangelsisvistina höfðaði kærandi skaðabótamál vegna ófullnægjandi aðstæðna í báðum fangelsum. Kröfum hans var endanlega hafnað með dómi stjórnlagadómstóls Króatíu 19. nóvember 2015.

### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

**Kæran**

Kærandi byggði kæru sína á 3. gr. sáttmálans vegna aðstæðna í fangelsunum tveimur og 13. gr. þar sem hann hefði skort raunhæft úrræði að landsrétti til þess að afla réttindum sínum verndar.

### 3. gr. Bann við pyndingum

#### *Niðurstaða*

*Um 13. gr. og 35. gr.:* Dómstóllinn þurfti að taka afstöðu til þess hvort til staðar hefðu verið raunhæf úrræði að landsrétti og hvort kærandi hefði tæmt slík úrræði og sent síðan kæru til dómstólsins innan sex mánaða, sbr. 35. gr. sáttmálans. Í samhengi við aðbúnað í varðhaldi þyrfti að kanna samspil fyrirbyggjandi úrræða, t.d. kæruleiða sem ætlað væri að bæta úr ástandi í fangelsi, og eftirfarandi úrræða, t.d. skaðabóta. Dómstóllinn ítrekaði fyrri afstöðu sína um að væru kændur enn í haldi yrði þess krafist að þeir tæmdu fyrirbyggjandi úrræði áður en þeir leitundu til dómstólsins. Væri afplánun lokið væri eftirfarandi úrræði (t.d. skaðabótamál) almennt raunhæft úrræði í skilningi 35. gr., ef fyrirbyggjandi úrræði hefði ekki verið í boði á meðan á varðhaldi stóð. Kændur hefðu hins vegar ekki óskorað val um hvort þeir nýttu sér fyrirbyggjandi úrræði eða eftirfarandi bótaúrræði: Séu raunhæf og virk fyrirbyggjandi úrræði til staðar bæri kændum að nýta þau, en að öðrum kosti gæti kæra talist of seint fram komin í skilningi 35. gr. sáttmálans. Dómstóllinn hefði m.a. fallist á það fyrirkomulag að landsrétti að fangar gætu ekki höfðað bótamál nema hafa leitast við að nýta fyrirbyggjandi úrræði. Í sumum málum kynni þó fyrirbyggjandi úrræði að vera óviðeigandi og bótamál eini kosturinn. Með hliðsjón af kröfum um fyrirsjáanleika taldi dómstóllinn að almennt væri rétt að gera þá kröfu að bótamál væri höfðað innan sex mánaða frá því að hinar ætluðu ófullnægjandi varðhaldsáðstæður voru uppi (með fyrirvara um aðrar reglur landsréttar).

Í máli þessu taldi dómstóllinn að króatískt réttarkerfi byði upp á raunhæf og virk úrræði til þess að fjalla um ófullnægjandi fangelsisáðstæður, bæði fyrirbyggjandi og eftirfarandi. Kvörtun kæranda á grundvelli 13. gr. var því hafnað. Í fyrri dómum varðandi Króatíu hefði dómstóllinn gert þá kröfu að kændur nýttu sér fyrirbyggjandi úrræðin, þ.e. kröfu um úrbætur á aðstæðum til fangelsisýfirvalda, þaðan til fullnustudómara og að endingu málskot til stjórnlagadómstólsins.

Hvað varðar skilyrði 35. gr. sáttmálans um að tæma úrræði að landsrétti og kæra til dómstólsins innan sex mánaða var niðurstaðan sú að almennt hefði mátt gera þá kröfu að kærandi tæmði fyrirbyggjandi úrræði með því að kvarta yfir aðstæðum í fangelsinu í Zagreb á meðan á varðhaldinu stóð, en það gerði kærandi ekki. Þar sem stjórnlagadómstóllinn hefði á endanum fjallað um aðstæður í fangelsunum báðum, og sú umfjöllun tekið til alls þess tíma er kærandi var í haldi, og kærandi lagt fram kæru til dómstólsins í kjölfar þess yrði kærinni ekki vísað frá.

*Um 3. gr.:* Dómstóllinn hafði í öðrum dómi komist að því að aðstæður í fangelsinu í Zagreb á svipuðum tíma og kærandi var þar í haldi hefðu brotið gegn 3. gr. Sá stutti tími sem kærandi dvaldi í fangelsinu breytti því ekki að aðstæður, einkum varðandi fjölda fanga í litlu rými, skort á hreinlæti og mataraðstöðu og langan dvalartíma í læstum klefa, fælu í sér brot á 3. gr.

Hvað fangelsið í Glina varðar taldi dómstóllinn að sýnt hefði verið fram á að aðstæðurnar hefðu verið breytilegar á meðan á vistinni stóð, m.a. varðandi stærð klefarymis, en lengst af hefði rými verið nægilegt. Kærandi gat almennt farið út úr klefa sínum, fékk hreinlætisvörur, sendingar að utan, fullnægjandi næringu og

### 3. gr. Bann við pyndingum

---

aðstæður töldust viðunandi. Á tímabili var kæranda haldið aðskildum frá öðrum fögnum vegna ótta um öryggi hans, en lýsingar kæranda á aðstæðum á því tímabili hefðu ekki verið í samræmi við gögn málsins. Slíkur aðskilnaður ætti að vera neyðarúrræði en í þessu tilviki teldi dómstóllinn ekki um brot gegn 3. gr. að ræða. Þá hefði kærandi ekki sýnt fram á að sér hefði verið neitað um heilbrigðisþjónustu (tannlæknaþjónustu). Aðstæður í fangelsinu í Glina hefðu því ekki brotið gegn 3. gr.

#### **N.A. gegn Finnlandi**

**Dómur frá 14. nóvember 2019**

**Mál nr. 25244/18**

**Sjá reifun dómsins undir 2. gr.**

*Flóttamaður. Brottvísun. Réttur til lífs. Bann við pyndingum.*

#### **Z.A. o.fl. gegn Rússlandi – Yfirdeild**

**Dómur frá 21. nóvember 2019**

**Mál nr. 61411/15 o.fl.**

**5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi**

**3. gr. Bann við pyndingum**

*Flóttamaður. Frelsisvæpting. Flugvöllur. Bann við ómannlegri og vanvirðandi meðferð.*

#### **1. Málsatvik**

Kærendur eru fjórir og eru með íraskt, palestínskt, sómalískt og sýrlenskt ríkisfang eða vegabréf. Þeir voru allir upphaflega hver á sinni leið til annara ríkja en Rússlands en var snúið við á áfangastað og vísað aftur til Moskvu, þar sem þeir höfðu upphaflega millilent. Öllum var þeim neitað um inngöngu í landið við vegabréfaeftirlit á Sheremetyevo-flugvelli í Moskvu. Þeir sóttu um hæli í Rússlandi án árangurs. Dvöldu þrír kæranda á biðsvæði flugvallarins í fimm til sjö mánuði árin 2015 og 2016 en einn kæranda dvaldi þar í tæp tvö ár.

Purftu þeir að sofa á dýnum á gólfi biðsvæðis flugvallarins þar sem ávallt var mikil lýsing, hávaði og mannfjöldi. Þeir höfðu ekki aðgang að sturtum né fengu þeir tækifæri til að hreyfa sig utandyra. Þá hafi þeir ekki haft tækifæri til að njóta með fullnægjandi hætti aðstoðar lögmanns.

Tveir kæranda hlutu að endingu alþjóðlega vernd í gegnum Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna í Danmörku og Svíþjóð, einn yfirgaf flugvöllinn með flugi til Egyptalands en sá fjórði sneri aftur til Sómalíu.

#### **2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum**

##### ***Kæran***

Kærendur byggðu á því fyrir Mannréttindadómstólnum að á meðan þeir dvöldust á flugvöllinum hafi þeir verið hælisleitendur sem biðu efnismeðferðar

### 3. gr. Bann við pyndingum

umsóknar sinnar um alþjóðlega vernd. Á meðan á dvölinni stóð hafi þeim ekki staðið til boða að yfirgefa flugstöðina nema til þess eins að snúa aftur til landanna sem þeir voru að flýja. Þeir hafi ekki haft aðgang að lækniþjónustu, aðgengi þeirra að lögmönnum hafi verið takmarkað, auk þess sem vegabréf þeirra voru gerð upptæk. Í reynd hafi þeim því verið haldið í flugstöðvarbyggingunni gegn vilja sínum og þeir sviptir frelsi sínu í skilningi 5. gr. sáttmálans. Þá hafi enginn dómstóll eða þar til bært yfirvald tekið ákvörðun um að svipta kærendur frelsi sínu og ákvörðunin verið í andstöðu við innlend lög. Loks hafi aðstaða þeirra á flugvellingum verið svo slæm að jafna megi henni við vanvirðandi meðferð í skilningi 3. gr. sáttmálans.

#### *Dómur aðaldeildar*

Með dómi þann 28. mars 2017 komst aðaldeild dómstólsins að þeirri niðurstöðu með sex atkvæðum gegn einu að brotið hefði verið gegn 1. mgr. 5. gr. sáttmálans á þeim grundvelli að dvöl kærenda á flugvellingum hefði verið andstæð vilja þeirra og því talist frelsisvipting en fyrir henni hefði skort lagaheimild. Taldi aðaldeildin einnig að 3. gr. sáttmálans hefði verið brotin þar sem aðstæður dvalarinnar hefðu verið óviðunandi.

#### *Niðurstæða*

Dómstóllinn tók fram að mál þetta lyti í raun ekki að rétti til alþjóðlegrar verndar, fjölda flóttamanna í Rússlandi eða vandamálum því tengdu, heldur að lögmæti þess að halda kærendum á flugvellingum og aðstæðum þar.

*Um 5. gr.:* Dómstóllinn taldi það skipta höfuðmáli hvort kærendur hefðu í reynd verið sviptir frelsi sínu í skilningi 5. gr. eða hvort um væri að ræða annars konar (vægari) takmarkanir á ferðafrelsi. Skilgreiningar landsréttar væru ekki ráðandi í þeim efnum. Dómstóllinn tók fram að líta yrði til fjögurra þátta við matið. Í fyrsta lagi þyrfti að líta til einstaklingsbundinna aðstæðna kærenda og þess vals sem þeir stóðu frammi fyrir og í öðru lagi viðkomandi lagaumhverfis og tilgangs þess. Í þriðja lagi væri þörf á að líta til lengdar ráðstöfunarinnar og þeirra málsmeðferðarreglna sem um hana giltu og að lokum þyrfti að líta til edlis og alvarleika viðkomandi takmarkana.

Dómstóllinn benti á að kærendur hefðu allir komið til Rússlands gegn eigin vilja eftir að hafa verið vísað frá öðrum ríkjum. Þá hafi beinar aðgerðir Rússlands heldur ekki leitt til þess að þeir hafi komið til Moskvu. Dómstóllinn ítrekaði að rússneskum yfirvöldum væri heimilt að grípa til aðgerða eins og að svipta einstaklinga vegabréfi sínu til skamms tíma og láta viðkomandi dveljast á flugvelli á meðan leyst væri úr því hvort hleypa ætti þeim inn í landið. Í tilfelli kærenda væri sá tími sem um ræðir þó umtalsverður, m.a. vegna verulegra tafa á svörum rússneskra yfirvalda. Dómstóllinn taldi jafnframt ámælisvert að rússneskum stjórnvöldum hefði ekki tekist að benda á innlent lagaákvæði sem setti því skorður hve lengi heimilt væri að meina fólki að yfirgefa flugstöðina á meðan leyst væri úr málum þess. Vísaði Mannréttindadómstóllinn í dómaframkvæmd því til stuðnings að það

### 3. gr. Bann við pyndingum

eitt að kærendum hafi ávallt staðið til boða að yfirgefa Rússland geti ekki sjálfkrafa leitt til þess að ekki sé um frelsissviptingu að ræða, enda hefði brottför ekki verið raunhæfur valkostur fyrir kærendum. Í ljósi framangreinds taldi dómstóllinn að kærendum hefðu verið sviptir frelsi sínu í skilningi 5. gr. sáttmálans.

Mannréttindadómstóllinn sneri sér því næst að því að skoða hvort frelsissviptingin hefði verið lögmæt, en 1. mgr. 5. gr. sáttmálans kveður nánar á um lögmætar ástæður frelsissviptingar. Dómstóllinn ítrekaði að ríkjum væri fengið töluvert svigrúm til ákvörðunar um hvernig staðið skyldi að innflytjendamálum og í ákveðnum tilfellum væri heimilt að beita frelsissviptingum við að ná markmiðum stjórnvalda. Slíkt yrði að hafa viðhlítandi lagastöð sem megi ekki vera of matskennd. Lágmarkskröfur til slíkra lagaheimilda lúta að mati dómstólsins m.a. að því hvaða stjórnvaldi sé heimilt að úrskurða um frelsissviptingu og á hvaða grundvelli, hve lengi frelsissvipting geti staðið yfir og hvert áfrýja megi úrskurðinum. Í ljósi þess að í tilfelli frelsissviptingar á kærendum var engri lagastöð fyrir að fara, svo og með hliðsjón af öllum aðstæðum kæranda, taldi dómstóllinn að um brot á 5. gr. sáttmálans væri að ræða.

*Um 3. gr.:* Dómstóllinn ítrekaði að 3. gr. sáttmálans legði skyldur á herðar aðildarríkjum um að tryggja að aðstæður frelsissviptra séu í samræmi við mannlega reisn. Réttmætar áhyggjur aðildarríkja af tilraunum einstaklinga til að komast undan innflytjendalöggjöf leysi þau ekki undan þeim lágmarkskröfum sem settar eru fram í sáttmálanum. Taldi dómstóllinn framburð kæranda, sem samrýmdist m.a. álit Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna, trúverðugan er varðar þær aðstæður sem þeir bjuggu við á flugvælinum. Í ljósi niðurstöðu dómsins um að þeir hafi verið sviptir frelsi sínu sé því rétt að skoða nánar hvort kærendum hafi verið beittur ómannlegri eða vanvirðandi meðferð.

Dró dómstóllinn fram þá þætti við aðstæður kæranda í flugstöðvarbyggingunni sem þóttu sérstaklega ámælisverðar. Má hér nefna nánast stöðugan hávaða, það að kærendum hafi þurft að sofa á gólfi eða bekkjum í upplýstu rými, lélegan eða engan aðgang að hreinlætis- eða matreiðsluadstöðu auk skorts á aðgangi að heilbrigðis- og félagsþjónustu. Öll framangreind atriði telur dómstóllinn ekki til þess fallin að tryggja mannúðlega meðferð á kærendum.

Jafnframt voru kærendum í flugstöðinni án teljandi aðstoðar rússneska ríkisins. Að mati dómsins var það í andstöðu við reglur landsréttar um réttindi flóttamanna en samkvæmt þeim skal hælisleitendum tryggt tímabundið húsnæði á meðan ríkið hefur mál viðkomandi til meðferðar. Auk framangreinds varði frelsissviptingin í verulegan tíma og taldi dómstóllinn heildarmat á fyrrnefndum aðstæðum leiða til þess að ekki verði hjá því komist að telja meðferð Rússlands á kærendum hafa verið vanvirðandi og með því í andstöðu við 3. gr. sáttmálans.

## Ilias og Ahmed gegn Ungverjalandi – Yfirdeild

Dómur frá 21. nóvember 2019

Mál nr. 47287/15

### 3. gr. Bann við pyndingum

### 5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

### 13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

*Flóttamaður. Bann við pyndingum. Brottvísun. Rannsókn. Frelsisvipting.*

## 1. Málsatvik

Kærendur, Ilias Ilias og Ali Ahmed, eru ríkisborgarar Banglades fæddir árin 1983 og 1980. Kærendur komu til Ungverjaland 15. september 2015 eftir að hafa ferðast í gegnum nokkur lönd, þ.á m. Grikkland og síðar Serbíu. Þeir sóttu umsvifalaust um hæli í Ungverjalandi og í kjölfarið var þeim gert að dvelja á sérstöku biðsvæði (e. transit zone), sem staðsett var á ungversku umráðasvæði við landamæri Serbíu. Þeim var ekki heimilt að halda lengra inn í Ungverjaland og var biðsvæðið bæði afgirt og undir eftirliti.

Hælisúmsóknum þeirra var hafnað án efnismeðferðar. Byggðist ákvörðunin á því að Serbía, sem var síðasta landið sem þeir áttu viðkomu í, væri skilgreint sem öruggt ríki. Landsdómstólar staðfestu ákvörðunina og var hún birt kærendum 8. október 2015. Sama dag, eftir 23 daga dvöl á biðsvæðinu, tjáði lögregla kærendum að þeir gætu valið milli brottvísunar með valdi og þess að fara sjálfir yfir landamærin til Serbíu. Kærendur yfirgáfu biðsvæðið og fóru aftur til Serbíu án beinnar valdbeitingar.

## 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum

### *Kæran*

Kærendur byggðu kæru sína á 3. gr. sáttmálans, en þeir töldu að yfirvöld hefðu ekki rannsakað nægilega þá staðhæfingu þeirra að brottvísun til Serbíu myndi leiða til þess að þeir myndu eiga á hættu ómannúðlega og vanvirðandi meðferð, einkum með keðju-endursendingum til Grikklands. Þá töldu þeir einnig að aðstæður á biðsvæðinu hefðu brotið gegn ákvæðinu. Í þessu samhengi byggðu kærendur einnig á 13. gr. sáttmálans um rétt til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns, samhliða ákvæði 3. gr.

Kærendur töldu jafnframt að vistun þeirra á biðsvæðinu hefði brotið gegn 1. mgr. 5. gr. um rétt til frelsis og mannhelgi og 4. mgr. 5. gr. um rétt til að bera lögmæti frelsskerðingar undir dómstól sem úrskurða skal um hana með skjóttum hætti.

### *Dómur aðaldeildar*

Með dómi 14. mars 2017 komst aðaldeild Mannréttindadómstólsins einróma að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið gegn 3. gr. sáttmálans með brottvísun kærenda til Serbíu og einnig hefði verið brotið gegn 1. mgr. 5. gr. Byggðist niðurstaðan á því að ekki hefði verið litið til viðeigandi gagna um aðstæður í Serbíu og



### 3. gr. Bann við pyndingum

Óhæfileg sönnunarbyrði verið lögð á kærændur. Þá hefði frelsissviptingu kærenda skort nægan grundvöll. Hvað varðar aðstæður á biðsvæðinu hefðu þær ekki falið í sér brot á 3. gr., en þó taldi dómstóllinn brotið gegn 4. mgr. 5. gr. og 13. gr., sbr. 3. gr.

Pann 18. september 2017 var málinu vísað til Yfirdeildar að beiðni ríkisins.

#### *Niðurstaða*

*Um 3. og 13. gr.:* Dómstóllinn taldi að kærændur hefðu ekki yfirgefið biðsvæðið af fúsom vilja og að brotthvarf þeirra væri á ábyrgð Ungverjálands. Brottvísunin byggðist á því að skv. ungverskum lögum, sem byggðu á Evrópugerðum, væri heimilt að vísa hælisleitendum úr landi án efnismedferðar á hælisumsókn þeirra, kæmu þeir frá landi sem væri skilgreint sem öruggt þriðja ríki og gæti því fjallað um hælisumsóknina. Málið snerist því um hvort brottvísun til Serbíu væri heimil gagnvart 3. gr. sáttmálans í ljósi fullyrðinga kærenda um að í Serbíu hefðu þeir ekki aðgang að öruggum hælisúrræðum. Einkum ættu þeir á hættu keðju-brottvísun til Grikklands, en þar brytu aðstæður hælisleitenda gegn 3. gr. sáttmálans skv. fyrri dómum dómstólsins.

Ákvörðun um brottvísun byggðist einkum á lista stjórnvalda um örugg þriðju ríki, þar sem Serbía var skilgreint sem slíkt. Dómstóllinn tók fram að sáttmálinn girti ekki fyrir notkun slíkra lista. Ætti slíkur listi hins vegar að hafa áhrif við afgreiðslu einstakra hælisumsókna væru gerðar kröfur um að skráningin byggist á greiningu á viðeigandi þáttum, sér í lagi hælisúrræðum í viðkomandi ríkjum. Dómstóllinn taldi hins vegar að Ungverjaland hefði ekki sýnt fram á að lagt hefði verið nægilegt mat á það hvort hætta hefði verið á skorti á raunhæfum hælisúrræðum í Serbíu eða hvort hætta hefði verið á að kærændur yrðu sendir í aðstæður sem fælu í sér raunverulega hættu á pyndingum, ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð.

Í máli kærenda hefðu yfirvöld litið framhjá gögnum frá Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna, m.a. um hættu á að fólki væri meinaður aðgangur að hælisúrræðum í Serbíu, því vísað úr landi með takmarkaðri málsmedferð og það endaði síðan í Grikklandi. Þar sem ungversk yfirvöld höfðu ekki fengið neinar tryggingar frá serbneskum yfirvöldum um aðstæður og meðferð hælisleitenda í landinu var það mat dómstólsins að þau hefðu, með því að stuðla að endurkomu kærenda til Serbíu, jafnframt stuðlað að þeirri hættu sem kærændur stóðu frammi fyrir. Dómstóllinn komst því að þeirri niðurstöðu að Ungverjaland hefði brotið gegn skyldu sinni um að leggja mat á hættu þess að kærændur myndu sæta meðferð sem kynni að brjóta gegn 3. gr. sáttmálans, áður en þeim var vísað úr landi til Serbíu.

Í ljósi þess að dómstóllinn taldi að málsmedferð kærenda hefði farið í bága við 3. gr. var ekki talið nauðsynlegt að kanna sérstaklega hvort brotið hefði verið gegn 13. gr. sáttmálans.

Hvað varðaði þær aðstæður sem kærændur þurftu að þola á biðsvæðinu var það mat dómstólsins að þær næðu ekki þeim þröskuldi að teljast ómannúðleg meðferð í skilningi 3. gr. sáttmálans. Benti dómstóllinn á að kærændur hefðu dvalið á lokuðu 110 fermetra svæði í 23 daga og haft aðstöðu í fimm manna herbergi í aðliggjandi

### 3. gr. Bann við pyndingum

flutningagámi, en á þeim tíma verið einu vistmenn herbergisins. Hreinlæti, næring og aðgengi að heilbrigðisaðstoð hefði verið fullnægjandi. Höfðu þeir möguleika á samskiptum við aðra hælisleitendur, fulltrúa Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna, hagsmunasamtök og lögfræðing. Þá tilheyrðu kærendur ekki sérstaklega viðkvæmum hópum.

*Um 1. og 4. mgr. 5. gr.:* Dómstóllinn taldi skipta höfuðmáli hvort kærendur hefðu í reynd verið sviptir frelsi sínu í skilningi 5. gr. eða hvort um væri að ræða annars konar (vægari) takmarkanir á ferðafrelsi. Skilgreiningar landsréttar væru ekki ráðandi í þeim efnum. Dómstóllinn tók fram að líta yrði til fjögurra þátta við matið. Í fyrsta lagi þyrfti að líta til einstaklingsbundinna aðstæðna kæranda og þess vals sem þeir stóðu frammi fyrir Og í öðru lagi viðkomandi lagaumhverfis og tilgangur þess. Í þriðja lagi væri þörf á að líta til lengdar ráðstöfunarinnar og þeirra málsmeðferðarreglna sem um hana giltu og að lokum þyrfti að líta til eðlis og alvarleika viðkomandi takmarkana.

Í samræmi við framangreint vísaði dómstóllinn til þess að kærendur hefðu farið inn á biðsvæðið að eigin frumkvæði í því skyni að sækja um hæli í Ungverjalandi og þess að þeir hefðu ekki staðið frammi fyrir yfirvofandi hættu í Serbíu sem beindist gegn lífi þeirra og heilsu, sem hefði orðið þess valdandi að þeir yfirgáfu landið. Hvað lagaumgjörðina varðaði vísaði dómstóllinn til þess að tilgangur svæðisins hefði verið sá að gegna hlutverki biðsvæðis á meðan hælisumsóknir væru til meðferðar og að kærendur hefðu þurft að bíða þar á meðan áfrýjunarferli væri ólokið. Það eitt að þurfa að bíða í stuttan tíma á meðan á slíku ferli stæði gæti ekki talist frelsissvipting í skilningi ákvæðisins. Þá vísaði dómstóllinn til þess að í landslögum væri að finna sérstakan málsmeðferðarrétt um biðtíma, sem stuðst hafi verið við í máli kæranda. Jafnframt hefði það tekið 23 daga að kanna staðhæfingar þeirra, á sama tíma og ríkið stóð frammi fyrir stórstreymi hælisleitenda og farandfólks. Var það mat dómstólsins að aðstæður kæranda hefðu ekki verið með þeim hætti að þær hefðu litast af opinberum athöfnum eða athafnaleysi sem ekki hefðu verið í tengslum við hælisumsókn þeirra. Hvað varðaði hinar eiginlegu takmarkanir sem kærendur þurftu að sæta á biðsvæðinu var það niðurstaða dómstólsins að ferðafrelsi þeirra hefði verið verulega skert í ljósi þeirrar staðreyndar að það var bæði lítið og undir miklu eftirliti. Hins vegar var ekki talið að frelsi kæranda hefði verið ónauðsynlega takmarkað eða að það hefði verið gert á grundvelli ástæðna sem væru ótengdar hælisumsóknum þeirra.

Það sem eftir stóð var því að meta hvort kærendum hefði verið fært að yfirgefa biðsvæðið og halda til annarra landa en Ungverjalands. Dómstóllinn tók fram að fólk í svipuðum aðstæðum hefði snúið aftur til Serbíu frá biðsvæðinu. Þá þyrfti að hafa í huga að ólíkt þeim sem staddir væru á flugvallarbiðsvæði hefðu kærendur ekki þurft fara um borð í flugvél, með tilheyrandi heimild frá yfirvöldum, til að yfirgefa landið. Serbía væri aðliggjandi biðsvæðinu og því hefði möguleiki kæranda á að snúa aftur til landsins ekki aðeins verið fræðilegur heldur raunhæfur. Serbía væri einnig bundin af flóttamannasamningnum frá 1951.

### 3. gr. Bann við pyndingum

---

Dómstóllinn tók tillit til þess að kærendur óttuðust um stöðu sína, færu þeir til Serbíu, en féllst ekki á að slíkur ótti einn og sér leiddi til þess að 5. gr. ætti við með hliðsjón af atvikum málsins sem væru frábrugðin fyrri dómum sem varðað höfðu flugvallarbiðsvæði. Önnur niðurstaða myndi teygja hugtakið frelsissvipting út fyrir þá merkingu sem því væri ætlað með sáttmálanum.

Í samræmi við framangreint var það niðurstaða dómstólsins að kærendur hefðu ekki verið sviptir frelsi sínu í skilningi 5. gr.

---

## 5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

---

**Ilias og Ahmed gegn Ungverjalandi – Yfirdeild**

**Dómur frá 21. nóvember 2019**

**Mál nr. 47287/15**

**Sjá reifun dómsins undir 3. gr.**

*Flóttamaður. Bann við pyndingum. Brottvísun. Rannsókn. Frelsisvipting.*

**Z.A. o.fl. gegn Rússlandi – Yfirdeild**

**Dómur frá 21. nóvember 2019**

**Mál nr. 61411/15 o.fl.**

**Sjá reifun dómsins undir 3. gr.**

*Flóttamaður. Frelsisvipting. Flugvöllur. Bann við ómannlegri og vanvirðandi meðferð.*

---

## 6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar

---

**Júlíus Þór Sigurbórsson gegn Íslandi**

**Dómur frá 16. júlí 2019**

**Mál nr. 38797/17**

**1. mgr. 6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi**

***Réttlát málsmeðferð. Áfrýjun. Milliliðalaus málsmeðferð. Endurrit munnlegra framburða.***

### 1. Málsatvik

Kærandi er fæddur árið 1962 og búsettur í Kópavogi. Á þeim tíma sem málsatvik áttu sér stað var kærandi starfsmaður Húsasmíðjunnar. Árið 2014, að lokinni lögreglurannsókn, gaf embætti sérstaks saksóknara út ákæru á hendur kæranda og tólf öðrum starfsmönnum Húsasmíðjunnar og tveggja annarra byggingarvöruverslana, Byko og Úlfsins, þar sem þeir voru sakaðir um refsivert verðsamráð. Hin meintu brot höfðu aðallega verið framin með símtölum og tölvupóstssamskiptum. Meðan á rannsókninni stóð hafði Héraðsdómur Reykjaness heimilað hlerun og hljóðritun símtala milli tiltekinna símanúmera sem skráð voru í nafni fyrirtækjanna þriggja. Við meðferð málsins lagði ákærvaldið fram upplýsingar um símtölin ásamt hljóðritum, svo og tölvuskeyti og önnur skrifleg sönnunargögn. Sakargiftir á hendur kæranda byggðu á símtali frá B, starfsmanni Byko, hinn 28. febrúar 2011, þar sem þeir höfðu að sögn hvatt hvorn annan til þess að eiga með sér refsivert verðsamráð. Við aðalmeðferð gáfu sakborningar munnlegar skýrslur fyrir réttinum að viðstöddum öðrum meðákærðu, án tillits til þess hvort hinir síðarnefndu hefðu áður gefið skýrslu. Þeir voru gagnspurðir af verjendum og ákærendum og fjöldi vitna bæði ákærvaldsins og verjenda bar vitni að ákærðu viðstöddum.

Með dómi héraðsdóms 9. apríl 2015 var kærandi sýknaður af refsiverðu verðsamráði en dóminum var áfrýjað. Fyrir Hæstarétti voru ekki teknar skýrslur af sakborningum og vitnum á ný. Með dómi sínum þann 1. desember 2016 sneri Hæstiréttur við sýknudóminum yfir kæranda og sjö öðrum sakborningum og sakfelldi þá fyrir brot gegn samkeppnislögum. Kærandi hlaut níu mánaða skilorðsbundinn fangelsisdóm.

Í dómi sínum gagnrýndi Hæstiréttur þá málsmeðferð að héraðsdómur hefði gefið ákærðu kost á að vera viðstaddir þegar meðákærðu gáfu skýrslu og að ekki hefði verið gerður greinarmunur á ákærðu sem sakborningum og sem vitnum, þrátt fyrir ólíka stöðu þeirra að lögum. Á grundvelli þessa taldi Hæstiréttur að sá háttur skýrslutöku af ákærðu væri „ekki síst ámælisverður fyrir þá sök að hann rýrir til muna sönnunargildi framburðar þeirra fyrir dómi“.

### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

#### ***Kæran***

Kærandi kvartaði undan því að eftir að hann hafði verið sýknaður á fyrsta dómstigi hefði Hæstiréttur sakfelld hann án þess að hafa hlýtt að nýju á munnlegan

## 6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar

framburð sakborninga og vitna. Taldi kærandi að með því hefði verið brotið gegn rétti hans til réttlátrar málsmeðferðar skv. 1. mgr. 6. gr. sáttmálans. Einkum væri réttur hans til þess að gefa munnlega skýrslu, sem talin var trúverðug í héraðsdómi, einkis virði ef Hæstiréttur gæti virt hana að vettugi án þess að hlýða á hana. Taldi kærandi að með þeirri niðurstöðu að gildi hins munnlega framburðar hefði verið „rýrt til muna“ vegna þeirrar aðferðar sem beitt hefði verið hefði Hæstiréttur „hent út“ þeim framburði með þeim afleiðingum að horft hefði verið framhjá öllum skýringum og útlistunum sakborninga, sem héraðsdómur hefði talið trúverðugar.

### *Niðurstaða*

Dómstóllinn ítrekaði að þótt 6. gr. mannréttindasáttmálans tryggði rétt til réttlátrar málsmeðferðar væru þar ekki settar fram neinar sérstakar reglur um hvaða sönnunargögn séu tæk eða hvernig skuli meta þau, og því heyra þau atriði fyrst og fremst undir landsrétt og landsdómstóla. Dómstóllinn tók ennfremur fram að jafnvel þótt áfrýjunardómstóll hafi heimild til þess að endurmeta bæði lagaatriði og málsatvik sé ekki í 1. mgr. 6. gr. mælt fyrir um skilyrðislausan rétt til munnlegs málflyttings eða, ef munnlegur málflyttingur er haldinn, um rétt aðila til að vera sjálfur viðstaddur og ávarpa réttinn milliliðalaust. Á hinn bóginn hefur dómstóllinn talið að þegar áfrýjunardómstól er falið að endurmeta málsatvik og lagaleg atriði og ráðast í heildarmat á álitaefninu um sekt eða sýknu kæranda geti sá dómstóll ekki, með hliðsjón af réttlátri málsmeðferð, kveðið upp úr um þau atriði án þess að ráðast í milliliðalaust mat á framburði ákærða sjálf – haldi hann því fram að hann hafi ekki framið þann verknað sem talinn hefur verið refsivert brot.

Samkvæmt fyrri framkvæmd dómstólsins brýtur það eitt að áfrýjunardómstóll hafi til þess vald að ómerkja sýknudóm dómstóls á lægra stigi, án þess að kalla til sakborninginn og án þess að hlýða á framburð hans eða vitna milliliðalaust, ekki í sjálfu sér gegn þeim rétti sem tryggður er skv. 1. mgr. 6. gr. Á hinn bóginn má ráða af dómaframkvæmd að ef áfrýjunardómstóll hefur til þess heimild að endurskoða niðurstöður varðandi málsatvik kunni rétturinn til réttlátrar málsmeðferðar skv. 1. mgr. 6. gr. eftir atvikum að girða fyrir að áfrýjunardómstóllinn geti sakfellt sakborning sem þegar hefur verið sýknaður á lægra dómstigi.

Hæstiréttur hafði fulla lögsögu til þess að endurmeta álitaefni um málsatvik, svo og lagaatriði, þ.m.t. sönnunargildi skriflegra sönnunargagna. Á hinn bóginn mátti hann ekki, skv. íslenskum lögum, endurmeta munnlegan framburð fyrir héraðsdómi án þess að hlýða á hann aftur. Meginágreiningsefnið milli aðilanna var hvort Hæstiréttur hefði endurmetið framburðinn með þeirri niðurstöðu að sönnunargildi hins munnlega framburðar hafi rýrst til muna vegna þess hvernig honum var háttáð fyrir héraðsdómi. Samkvæmt íslenskum lögum var Hæstarétti beinlínis bannað að endurmeta munnlegan framburð án þess að hlýða á hann sjálfur. Að mati dómstólsins tók Hæstiréttur hins vegar afdráttarlausu afstöðu til áreiðanleika munnlegu framburðanna sem sönnunargagna og þannig til sönnunargildis þeirra við heildarmatið á sök eða sakleysi kæranda. Dómstóllinn sá ekki efnislegan mun á áreiðanleika og trúverðugleika hins munnlega framburðar í þessu samhengi.

Leiddi mat Hæstaréttar til þess að horft var að verulegu leyti framhjá hluta af þeim sönnunargögnum sem héraðsdómur hafði tekið mið af.

Að mati dómstólsins var ekki unnt að líta svo á að í þessu hafi einungis falist að leggja hreint lagalegt mat á fyrirliggjandi málsatvik. Þvert á móti væri um að ræða nýtt mat á sönnunargögnum í heild, sem leiddi til sakfellingar kæranda á grundvelli sönnunargagna sem voru önnur en þau sem héraðsdómur hafði reitt sig á þegar hann sýknaði kæranda. Af því leiðir að ef málsmeðferðin átti að vera réttlát gat Hæstiréttur ekki endurmetið þau álitæfni sem til álita komu við áfrýjun án þess að leggja beint mat á framburð kæranda og þá framburði sem héraðsdómur hafði reitt sig á í sönnunarmati sínu á samhengi símtalanna milli kæranda og B hinn 28. febrúar 2011. Að öðrum kosti stóð Hæstarétti opin sú leið að ómerkja sýknudóm héraðsdóms og vísa málinu aftur til nýrrar málsmeðferðar vegna þeirra annmarka sem Hæstiréttur hafði bent á.

Með hliðsjón af öllu framangreindu var það niðurstaða dómstólsins í þessu máli að brotið hefði verið gegn 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmálans.

### **Styrmir Þór Bragason gegn Íslandi**

**Dómur frá 16. júlí 2019**

**Mál nr. 36292/14**

**1. mgr. 6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi**

*Réttlát málsmeðferð. Umboðssvik. Hlutdeild. Áfrýjun. Milliliðalaus málsmeðferð. Endurrit munnlegra framburða.*

#### **1. Málsatvik**

Kærandi er fæddur 1970 og búsettur í Reykjavík. Á þeim tíma sem um ræðir var kærandi bankastjóri MP fjárfestingabanka, þar til honum var sagt upp í desember 2013, í kjölfar þess að hann var sakfelldur fyrir hlutdeild í umboðssvikum og peningabætti. Árið 2009 hafði Fjármálaeftirlitið hafið rannsókn á kaupum einkahlutafélagsins Y á stofnfjárbréfum í X, sparisjóði þar sem kærandi hafði áður setið í stjórn. Eigendur stofnfjárbréfanna, A og C, höfðu fjármagnað kaup sín með lánum frá MP banka, sem tryggð voru með veði í bréfunum sjálfum. Árið 2010 voru A og C, stjórnarformaður sparisjóðsins X og forstjóri hans og sem báðir voru eigendur stofnfjárbréfanna, ákærðir fyrir misnotkun á aðstöðu vegna þess að þeir höfðu veitt einkahlutafélaginu Y lán til þess að kaupa hlut í sparisjóðnum án þess að leggja mat á fjárhagsstöðu þess. Á sama tíma var kærandi, sem haft hafði milligöngu um kaupin á bréfunum, ákærður fyrir peningabætti skv. 264. gr. almennra hegningarlaga með því að hafa tekið við fjármununum, sem aflað var ólöglega með umboðssvikum meðákærðu, þrátt fyrir að honum hefði mátt vera ljóst að lán það sem meðákærðu tryggðu frá X til viðskiptanna hafi verið veitt með ólögætum hætti. Með dómi 29. júní 2011 voru kærandi og meðákærðu sýknaðir í héraði. Taldi rétturinn að þótt lánið hafi verið veitt án þess að meta fjárhagsstöðu félagsins og þannig brotið gegn lánareglum X hefði ekki verið sýnt fram á að lánið hefði verið veitt gegn ófullnægjandi veðum, né heldur hafi verið sýnt fram á að ásetningur

## 6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar

Þeirra hefði staðið til þess að misnota aðstöðu sína og stefna fé X í hættu. Þar sem A og C voru sýknaðir af þessum ákæruliðum var kærandi einnig sýknaður af ákærum um hlutdeild í umboðssvikum og peningþvætti. Þann 5. júlí 2011 áfrýjaði ríkissaksóknari málinu til Hæstaréttar. Með dómi 7. júní 2012 sneri Hæstiréttur við dómi héraðsdóms að því er varðar A og C og sakfelldi þá en að því er varðar kæranda taldi Hæstiréttur að héraðsdómur hefði ekki ráðist í sjálfstætt mat á því hvort og þá með hvaða hætti meta þyrfti munnlegan framburð fyrir dómi hvað varðar sök kæranda. Hæstiréttur ómerkti því dóm héraðsdóms að því er varðar kæranda og vísaði málinu aftur til nýrrar meðferðar. Með dómi 31. janúar 2013 sýknaði héraðsdómur kæranda þar sem ekki hefði verið sýnt fram á að kærandi hefði mátt vita að meðákærðu hefðu staðið með ólögsmætum hætti að lánveitingunni. Niðurstöðu héraðsdóms var áfrýjað til Hæstaréttar og þess krafist að kærandi yrði sakfelldur. Við meðferð málsins fyrir Hæstarétti voru ekki teknar skýrslur af kæranda og vitnum á ný, en með dómi þann 31. október 2013 sneri Hæstiréttur við dómi héraðsdóms og sakfelldi kæranda fyrir hlutdeild í umboðssvikum. Þar kom m.a. fram að kærandi, með hliðsjón af aðkomu hans að viðskiptunum, menntun og þekkingu á lána- og fjármálastofnunum, hefði mátt vita að lánveitingin væri í andstöðu við lög. Var kærandi dæmdur til eins árs fangelsisvistar.

## 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

### *Kæran*

Kærandi hélt því fram fyrir Mannréttindadómstólnum að með dómi Hæstaréttar 31. október 2013 hefði verið brotið gegn rétti hans til réttlátrar málsmeðferðar skv. 1. mgr. 6. gr. sáttmálans. Í þessu máli hefði verið brotið gegn meginreglu 6. gr. um milliliðalausá sönnunarfærslu þar sem Hæstiréttur hefði í dómi sínum 31. október snúið við sýknudómi yfir honum og byggt sakfellingu á endurmati á gildi munnlegs framburðar kæranda og vitnanna fyrir héraðsdómi án þess að hlýtt væri á framburðinn fyrir Hæstarétti.

Þá hélt kærandi því einnig fram að brotið hefði verið gegn rétti hans til áfrýjunar, sem færi gegn 2. mgr. 2. gr. 7. samningsviðauka við sáttmálann. Kærandi taldi að brotið hefði verið gegn málskotsrétti hans þar sem Hæstiréttur hefði í dómi sínum 31. október 2013 byggt sakfellingu hans á röksemdum og niðurstöðum sem fram hefðu verið settar við meðferð málsins sem dæmt var í Hæstarétti þann 7. júní 2012 þegar A og C voru sakfelldir. Þær röksemdir hefðu ekki verið liður í máli hans fyrir héraðsdómi í síðara málinu og honum hefði ekki gefist færi á að halda uppi vörnum gegn þeim. Þá hefði Hæstiréttur látið undir höfuð leggjast að hlýða á hann og vitni.

### *Niðurstaða*

#### *1. mgr. 6. gr.*

Dómstóllinn ítrekaði að þótt 6. gr. mannréttindasáttmálans tryggji rétt til réttlátrar málsmeðferðar væru þar ekki settar fram neinar sérstakar reglur um hvaða sönnunargögn séu tæk eða hvernig skuli meta þau, og því heyrja þau atriði fyrst



## 6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar

og fremst undir landsrétt og landsdómstóla. Dómstóllinn tók ennfremur fram að jafnvel þótt áfrýjunardómstóll hafi heimild til þess að endurmeta bæði lagaatriði og málsatvik sé ekki í 1. mgr. 6. gr. mælt fyrir um skilyrðislausan rétt til munnlegs málflyttings eða, ef munnlegur málflyttingur er haldinn, um rétt aðila til að vera sjálfur viðstaddur og ávarpa réttinn milliliðalaust. Á hinn bóginn hefur dómstóllinn talið að þegar áfrýjunardómstól er falið að endurmeta málsatvik og lagaleg atriði og ráðast í heildarmat á álitaefninu um sekt eða sýknu kæranda geti sá dómstóll ekki, með hliðsjón af réttlátri málsmeðferð, kveðið upp úr um þau atriði án þess að ráðast í milliliðalaust mat á framburði ákærða sjálfs – haldi hann því fram að hann hafi ekki framið þann verknað sem talinn hefur verið refsivert brot.

Dómstóllinn vakti athygli á að kærandi var sýknaður af héraðsdómi eftir fullt réttarhald þar sem aðilar höfðu málsforræði og þar sem skýrslur voru teknar, þ.m.t. munnlegar skýrslur kæranda og vitna. Um sanngirni þeirrar málsmeðferðar var ekki deilt. Sýknudóminum var síðan áfrýjað til Hæstaréttar og meðal málsgagna fyrir Hæstarétti voru endurrit munnlegs framburðar fyrir héraðsdómi og öll skjöl sem lögð höfðu verið fram. Án þess að hlýða aftur á hinn munnlega framburð sakfelldi Hæstiréttur kæranda fyrir hlutdeild í umboðssvikum A og C. Hæstiréttur hefði haft fulla lögsögu til að rannsaka álitaefni um málsatvik, svo og lagaatriði, þ.m.t. sönnunargildi skriflegra sönnunargagna. Á hinn bóginn mátti hann ekki endurmeta munnlegan framburð fyrir héraðsdómi án þess að hlýða á hann aftur.

Þegar lítið væri til málsmeðferðarinnar í heild fyrir hinum íslensku dómstólum, til hlutverks Hæstaréttar á þeim tíma sem um ræðir og til eðlis þeirra álitaefna sem dæma átti um taldi dómstóllinn ekkert í málinu hafa réttlætt að Hæstiréttur léti undir höfuð leggjast að kalla til kæranda og vitni, sem máli skiptu, til þess að hlýða milliliðalaust á framburð þeirra áður en dómur yrði kveðinn upp skv. 196. gr. laga um meðferð sakamála. Sú staðreynd að Hæstiréttur hefði aðgang að endurritum af munnlegum framburðum fyrir héraðsdómi breytti ekki þessari niðurstöðu. Samkvæmt framangreindu var það niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

### 2. mgr. 2. gr. 7. sammingsviðauka

Mannréttindadómstóllinn vísaði til orðalags 2. mgr. 2. gr. 7. sammingsviðauka, þar sem berum orðum sé fallist á að málskotsréttur sé takmarkaður „þegar fjallað var um mál viðkomandi einstaklings á frumstigi af æðsta dómi, eða hann var sakfelldur eftir áfrýjun á sýknudómi“. Af þessu leiði að þótt enginn möguleiki væri til áfrýjunar á sakfellingardómi Hæstaréttar gæfi það eitt og sér ekki tilefni til beitingar ákvæðisins. Ennfremur væri ekki tilefni til að kanna sanngirni málsmeðferðarinnar fyrir Hæstarétti sérstaklega gagnvart 2. mgr. 2. gr. 7. sammingsviðauka. Því var niðurstaða dómsins að þessi kæruliður væri augljóslega illa ígrundaður í skilningi a-liðar 3. mgr. 35. gr. mannréttindasáttmálans og því ótækur til meðferðar.

---

## 8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

---

**Strand Lobben o.fl. gegn Noregi**

**Dómur frá 10. september 2019**

**Mál nr. 37283/13**

**8. gr. Réttur til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu**

*Ættleiðing. Forsjársvipting. Fósturforeldrar. Hagsmunir barns.*

### 1. Málsvik

Í september árið 2008 eignaðist Trude Strand Lobben (hér eftir nefnd kærandi), ein kæranda, barn sitt, X. Kærandinn var einhleyp og búsett í Noregi. Norsk barnaverndaryfirvöld álitu hana þurfa handleiðslu varðandi umsjá X. Hún samþykkti að dvelja með syni sínum á vistheimili fyrstu mánuðina í lífi barnsins svo unnt væri að aðstoða hana við umönnun og meta umönnunarhæfni hennar. Premur vikum síðar dró hún samþykki sitt til baka. Barnaverndaryfirvöld höfðu þó áður, í október 2008, fengið neyðarúrskurð þess efnis að barninu yrði komið fyrir hjá fósturfjölskyldu. Yfirvöld fengu að endingu varanlegan úrskurð þess efnis í mars 2009. Í desember 2011 kváðu félagsmálayfirvöld upp úrskurð þess efnis að svipta skyldi móðurina forsjá og heimila fósturforeldrum að ættleiða X. Þessi úrskurður var síðan staðfestur af héraðsdómi (n. tingrett) í febrúar 2012. Þrátt fyrir að aðstæður kæranda hefðu breyst til batnaðar (hún var gift og hafði eignast dóttur sem hún virtist geta séð fyrir) var talið að hún væri ekki nægilega fær um að sjá um X eða skilja sérþarfir þess, og því veruleg hættu á að barnið þroskaðist ekki eðlilega ef þörfum þess væri ekki fullnægt. X hefði myndað sterk tengsl við fósturfjölskyldu sína þar sem það hafði búið hjá þeim nánast frá fæðingu og talið að með ættleiðingu yrði því veitt öruggara heimili heldur en með fósturvistun. Kærubeiðnum kæranda var endanlega hafnað af Hæstarétti Noregs þann 15. október 2012.

### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

#### *Kæran*

Kærandur byggðu á því að svipting á forsjá kærandans yfir X og úrskurður sá er veitti fósturforeldrum X heimild til að ættleiða það hefði brotið gegn rétti kæranda til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu, sbr. 8. gr. sáttmálans.

Ýmsir þriðju aðilar sendu dómstólnum greinargerðir í málinu, þ.á.m. sjö önnur ríki.

#### *Dómur aðaldeildar*

Með dómi, sem kveðinn var upp þann 30. nóvember 2017 af einni af aðaldeildum Mannréttindadómstólsins, var komist að þeirri niðurstöðu, með fjórum atkvæðum gegn þremur, að ekki hefði verið brotið gegn 8. gr. sáttmálans. Í ljósi þess að engar jákvæðar framfarir hefðu orðið á umönnunarfærni kæranda í reglulegum heimsóknum í þau þrjú ár sem hún naut umgengnisréttar, þess að málsmeðferðin

## 8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

hefði verið sanngjörn og með hliðsjón af þeim brýnu hagsmunum X sem málið laut að, var það mat dómstólsins að umræddar ráðstafanir hefðu verið réttlætanager.

Að beiðni kæranda var málinu vísað til Yfirdeildar þann 9. apríl 2018.

### *Niðurstaða*

Aðilar deildu um umfang málsins, þ.e. hvaða ákvarðanir norskra yfirvalda skyldu koma til skoðunar Yfirdeildarinnar. Með hliðsjón af reglum um meðferðarhæfi tók dómstóllinn fram að umfjöllun dómsins yrði einkum beint að niðurstöðu héraðsdóms 22. febrúar 2012, þar sem kærandi var svipt forsjá og fósturforeldrum veitt áttleiðingarheimild, en sú niðurstaða varð endanleg við frávisun Hæstaréttar á málkotsbeiðni þann 15. október 2012.

Dómur héraðsdóms byggði aðallega á skorti á getu kynforeldra til umönnunar barnsins. Samkvæmt héraðsdómi þótti sennilegt að kærandi væri varanlega ófær um að veita X viðeigandi umönnun. X hefði myndað sterk tengsl við fósturheimili og var það talið geta haft alvarleg áhrif að slíta það frá því umhverfi. Ekkert í gögnum málsins hefði bent til þess að uppeldishæfni kæranda hefði batnað frá ákvörðun um varanlegt fóstur í apríl 2010. Kærandi hefði ekki gert sér grein fyrir því að hún hefði vanrækt X og að hún væri ófær um að vita hvað væri best fyrir það. Kærandi hefði vissulega gíft og eignast annað barn í millitíðinni, en héraðsdómur taldi þann þátt ekki afgerandi varðandi getu hennar til að annast X. X hefði verið sérstaklega viðkvæmt barn sem hafði sætt alvarlegri og lífshættulegri vanrækslu fyrstu þrjár vikur ævi sinnar. Þá tók héraðsdómur einnig tillit til þess að umgengnisheimsóknir kæranda til X hefðu ekki gengið vel.

Mannréttindadómstóllinn tók fram að við ákvarðanir er varða börn skuli hagsmunir barnsins vera í fyrirrúmi. Þá væri samheldni fjölskyldu og fjölskyldusameining mikilvægt sjónarmið við beitingu 8. gr. Almennt væri það barni fyrir bestu að viðhalda tengslum þess við fjölskyldu, nema í þeim tilfellum þar sem fjölskylda reynist sérstaklega óhæf, enda hefðu slit þessara tengsla það í för með sér að barn yrði rífið upp frá rótum þess. Af þessu leiddi að fjölskyldubönd skyldu aðeins rofin í undantekningartilvikum og að gera yrði allt til þess að varðveita persónuleg tengsl og, þegar við á, sameina fjölskylduna. Á hinn bóginn sé það einnig í þágu hagsmuna barns að tryggja þroska þess í traustu umhverfi og foreldri geti ekki átt þann rétt á grundvelli 8. gr. að láta grípa til ráðstafana sem skaða heilsu barns og þroska þess.

Að mati dómstólsins tókst norskum yfirvöldum ekki að framkvæma viðunandi hagsmunamat milli hagsmuna barnsins annars vegar og kynforeldra hins vegar, heldur hefðu þau einblínt á hagsmuni barnsins. Þar að auki hefðu yfirvöld ekki fyllilega ígrundað möguleika á að koma X aftur fyrir hjá kæranda. Yfirvöld hefðu ekki tilhlýðilega kynnt sér þýðingu þeirrar staðreyndar að kærandi hafði þá gíft og eignast annað barn. Niðurstaða héraðsdóms hefði byggst að mestu leyti á umönnunarhæfni kæranda en annmarkar hefðu verið á þeirri málsmeðferð sem nýtt var til þess að leggja mat á þá hæfni.

Niðurstöður norskra yfirvalda hefðu miðað við aðstæður þar sem takmarkað

## 8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

samband hafði verið milli kæranda og X. Tilhögun umgengnisheimsóknna hefði ekki verið til þess fallin að gera þeim kleift að mynda tilfinningatengsl. Þrátt fyrir að heimsóknir hafi oftast en ekki gengið illa hafi norsk yfirvöld ekkert gert til að prófa önnur úrræði. Takmarkaðar ályktanir yrðu því dregnar af þessum fáu heimsóknum.

Pá hefði, þrátt fyrir beiðni þar að lútandi, ekki farið fram nýtt sérfræðimat á sambandi kæranda og X. Þegar dómur héraðsdóms var kveðinn upp voru skýrslurnar tvær sem fyrir lágu a.m.k. tveggja ára gamlar, þ.e. frá 2009 og 2010. Skortur á nýju sérfræðimati hafi því skaðað áreiðanleika mats héraðsdóms á hinum nýju aðstæðum kæranda og umönnunarhæfni hennar á viðkomandi tíma.

Þar að auki hafi héraðsdómur aðeins byggt á takmarkaðri lýsingu sérfræðinga á viðkvæmni X, þ.e. að X væri auðveldlega taugastrekkur og þyrfti næði, öryggi og stuðning sem undirstrikaði tregðu og mótspyrnu X í samskiptum við kæranda, einkum þegar kærandi væri í tilfinningalegu uppnámi. Ekki væri að finna rökstuðning fyrir því að umrædd viðkvæmni hefði haldist óbreytt þrátt fyrir dvöl hjá fósturfjölskyldu frá þriggja vikna aldri. Hefði verið skylda yfirvalda að leggja ítarlegt mat á þessar sérstöku aðstæður X við meðferð málsins.

Að teknu tilliti til þeirra takmörkuðu sönnunargagna sem unnt var að afla úr umgengnisheimsóknum milli X og kæranda, þess að ekki hafi verið aflað nýs sérfræðimats á umönnunarhæfni kæranda þrátt fyrir nýjar fjölskylduadstæður og með hliðsjón af takmarkaðri könnun á viðkvæmni X, hefði niðurstaða héraðsdóms frá febrúar 2012 ekki tekið nægt tillit til allra sjónarmiða og hagsmuna kæranda.

Umrædd málsmeðferð hefði því ekki tryggt nauðsynlega varnagla í ljósi alvarleika fyrirbyggjandi aðstæðna og þeirra hagsmuna er í húfi voru. Því var um brot á 8. gr. sáttmálans að ræða.

**López Ribalda o.fl. gegn Spáni**

**Dómur frá 17. október 2019**

**Mál nr. 1874/13 og 8567/13**

**8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu**

***Friðhelgi einkalífs. Öryggismyndavélar. Þjófnaður. Uppsagnir. Jákvæðar skyldur.***

### 1. Málsvik

Kærendur, sem alls voru fimm, störfuðu í matvörubúð í Barcelona. Þrír þeirra störfuðu á kassa, hinir tveir voru sölumenn við afgreiðsluborð. Í mars 2009 tók framkvæmdastjóri markaðarins eftir ósamræmi í uppgjöri, þ.e. milli vöurbirgða og sölutalna. Ósamræmið nam allt að 20.000 evrum að meðaltali á mánuði. Til að varpa ljósi á þetta tap setti framkvæmdastjórinn upp öryggismyndavélar í búðinni, bæði sýnilegar og leyndar. Sýnilegu myndavélunum, sem ætlað var að vakta hugsanlega þjófnaði viðskiptavina, var komið fyrir við inngang og útgang stórmarkaðarins. Hinum leyndu myndavélum, sem ætlað var að vakta hugsanlegan þjófnað starfsmanna, var komið fyrir við afgreiðsluborð. Starfsmönnum var tilkynnt um sýnilegu myndavélarinnar en þeim var ekki tilkynnt sérstaklega um

## 8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

leyndu myndavélnar. Öryggismyndavélnar náðu upptökum af kændum að stela vörum og einnig að hjálpa öðru samstarfsfólki og viðskiptavinum að stela vörum. Á grundvelli þess var fjórtán starfsmönnum sagt upp, þ.á m. kændum.

Í kjölfar uppsagnanna höfðu kændur mál fyrir spæskum dómstólum á þeim grundvelli að uppsagnir þeirra hafi verið óréttmætar og héldu því fram að notkun þess efnis sem fengist hafði með hinum meintu ólögmetu upptökum væri brot á friðhelgi einkalífs þeirra. Spænskir dómstólar úrskurðu að aðgerðir stórmarkaðarins væru réttlætanagerar í ljósi rökstudds gruns um misferli og hefðu því verið víðeigandi og nauðsynlegar til að ná því markmiði sem að var stefnt.

## 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum

### *Kæran*

Kændur kvörtuðu yfir leynilegu myndbandseftirliti og héldu því fram fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu að notkun slíkra upptakna sem sönnunargagna fyrir dómi, er mat uppsagnir þeirra réttmætar, væri brot á rétti þeirra til friðhelgi einkalífs skv. 8. gr. og rétti þeirra til réttlátrar málsmeðferðar skv. 6. gr. sáttmálans.

### *Dómur aðaldeildar*

Með dómi þann 9. janúar 2018 komst aðaldeild dómstólsins að þeirri niðurstöðu að myndbandseftirlitið hefði ekki uppfyllt þær kröfur sem til slíks eru gerðar í spænski löggjöf. Þá hefðu spænskir dómstólar ekki virt sanngjarnt jafnvægi milli réttar kæranda til einkalífs annars vegar og hagsmuna vinnuveitanda að því er varðar réttinn til friðhelgi eignarréttar hins vegar. Því hefði verið brotið gegn 8. gr. sáttmálans.

### *Niðurstöður*

Varðandi það hvort kændur hefðu mátt vænta þess að friðhelgi einkalífs þeirra yrði virt leit Yfirdeild dómstólsins til þess að stórmarkaður væri opin almenningi og sú starfsemi sem þar er tekin upp, þ.e. innkaup viðskiptavina og móttaka greiðslu, væri ekki persónulegs eðlis. Þannig gæti friðhelgi einkalífs sætt eðlilegum takmörkunum. Hins vegar gæti kerfisbundin eða varanleg myndupptaka og eftirfarandi vinnsla, jafnvel á opinberum stöðum, vakið upp álitafni um brot á friðhelgi einkalífs. Spænsk löggjöf hefði mælt fyrir um að ábyrgðaraðili myndbandseftirlitskerfis á opinberum stöðum skyldi upplýsa um slíkt eftirlit fyrirfram. Kændum var hins vegar aðeins tilkynnt um uppsetningu sýnilegra eftirlitsmyndavéla. Í þeim aðstæðum hafi kændur mátt vænta þess að þeir sættu ekki myndbandseftirliti á öðrum svæðum verslunarinnar án þess að vera látnir vita. Því ætti 8. gr. sáttmálans við.

Yfirdeild dómstólsins tók fram að til þess að tryggja meðalhóf slíkra eftirlitsráðstafana á vinnustöðum yrðu innlendir dómstólar að taka tillit til eftirfarandi þátta við mat á andstæðum hagsmunum: (i) tilvist og efni tilkynninga til starfsmanna, (ii) umfang eftirlitsins og eðli þeirra svæða sem sættu eftirliti, (iii) hvort lögmetar ástæður réttlæti eftirlit og umfang þess, (iv) hvort aðrar ráðstafanir væru til þess

## 8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

---

fallnar að fela í sér minni skerðingu á persónufrelsi, (v) afleiðingar eftirlitsins fyrir starfsmenn, einkum hvernig vinnuveitandi nýtti efni upptaknanna og hvort sú notkun væri til þess fallin að ná fram markmiði ráðstöfunarinnar og (vi) hvort viðeigandi varnaglar væru til staðar.

Dómstóllinn leit til þess að eftirlitið hefði ekki náð til sérstaklega viðkvæmra staða. Lengd vöktunarinnar (10 dagar) hefði ekki í sjálfu verið óhófleg. Þá hafi aðeins framkvæmdastjóri stórmarkaðarins, lögmaður fyrirtækisins og stéttarfélagssfulltrúi skoðað upptökurnar áður en kærendum sjálfum var tilkynnt um efnið. Með hliðsjón af þessu taldi dómstóllinn að ekki hefði verið alvarlega vegið að friðhelgi einkalífs kærenda. Fyrir kærundur höfðu afleiðingar umrædds eftirlits verið verulegar. Efni myndbandseftirlitsins hafði hins vegar ekki verið notað af vinnuveitandanum í neinum öðrum tilgangi en til að bera kennsl á þá sem báru ábyrgð á tapinu og beita viðkomandi agaviðurlögum. Ennfremur benti umfang tapsins til þess að þjófnaðurinn hefði verið framinn af hópi einstaklinga og upplýsingagjöf til tiltekinna starfsmanna hefði hugsanlega spillt fyrir meginmarkmiði eftirlitsins.

Spænskir dómstólar höfðu framkvæmt ítarlegt hagsmunamat milli annars vegar réttar kærenda til einkalífs og hins vegar réttar atvinnurekanda til friðhelgi eignarréttar og snurðulauss reksturs fyrirtækisins. Þar hafi verið gengið úr skugga um það hvort lögmætt markmið réttlætti myndbandseftirlitið og hvort ráðstafanirnar, sem viðhafðar voru í því skyni, væru ekki úr hófi fram. Dómstóllinn tók fram að almennt séð gæti minnsti grunur um óheiðarlegt athæfi eða misgerðir ekki réttlætt uppsetningu leynilegs myndbandseftirlits, en féllst þó á að rökstuddur grunur um alvarlegt misferli og svo umfangsmikið tap, sem um ræddi í málinu, gætu talist nægilega veigamiklar ástæður.

Með hliðsjón af þeim verulegu varnögllum sem spænsk löggjöf setti og vægi þeirra sjónarmiða sem þóttu réttlæta myndbandseftirlitið komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að ríkið hefði ekki brotið jákvæðar skyldur sínar til þess að tryggja réttindi kærenda til friðhelgi einkalífs skv. 8. gr. sáttmálans.

---

### **13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns**

---

**Ulemek gegn Króatíu**

**Dómur frá 31. október 2019**

**Mál nr. 21613/16**

**Sjá reifun dómsins undir 3. gr.**

*Bann við ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð. Aðbúnaður í fangelsi. Skaðabætur. Raunhæft úrræði.*

**Ilias og Ahmed gegn Ungverjalandi – Yfirdeild**

**Dómur frá 21. nóvember 2019**

**Mál nr. 47287/15**

**Sjá reifun dómsins undir 3. gr.**

*Flóttamaður. Bann við pyndingum. Brottvísun. Rannsókn. Frelsissvipting.*

---

## 14. gr. Bann við mismunun

---

**J.D. og A gegn Bretlandi**

**Dómur frá 24. október 2019**

**Mál nr. 32949/17 og 34614/17**

**14. gr. Bann við mismunun**

**1. gr. 1. viðauka. Réttur til friðhelgi eignarréttar**

*Mismunun. Meðalhóf. Lögmeðtt markmið. Húsnæðisbætur. Fötlun. Kyn. Heimilisofbeldi. Svefnherbergisskattur.*

### 1. Málsatvik

Kærandur, J.D. og A, eru breskir ríkisborgarar, búa báðar í félagslegu húsnæði og njóta húsnæðisbóta (e. housing benefit) til að greiða leigu. Vegna breytinga á reglum í Bretlandi árið 2012 skertust húsnæðisbætur þeirra beggja um 14% þar sem þær reyndust hafa einu svefnherbergi meira en þær töldust þurfa samkvæmt nýju reglugerðinni. J.D. bjó í þriggja herbergja eign sem var sérstaklega sniðin að þörfum fatlaðrar dóttur hennar, sem bjó með henni. Meðal sérstakra aðlagana voru breiðar hurðir, rampar við innganga fyrir hjólastól, lyfta og lyftibúnaður. A hafði verið úthlutað þriggja herbergja húsi sökum skorts á tveggja herbergja húsum og bjó þar með syni sínum. A var þolandi heimilisofbeldis og var í ljósi þess úthlutað húsnæði á grundvelli svokallaðrar „verndaráætlunar“, er miðar að því að vernda einstaklinga gegn gerendum heimilisofbeldis. Á grundvelli þessarar áætlunar var háaloft hennar hannað sem „neyðarherbergi“, þangað sem hún og sonur hennar gætu hörfað ef atlaða væri yfirvofandi.

Báðar sóttu um húsaleiguuppbót (e. Discretionary Housing Payments) til að mæta viðbættum kostnaði í kjölfar innleiðingar hinna nýju reglna en var hafnað. J.D. og A höfðuðu mál sökum skerðingar húsnæðisbótanna á grundvelli mismununar og héldu því fram að lækkun bótanna setti þær í ótryggar aðstæður sem ekki hefði verið bætt úr með greiðslu húsaleiguuppbótar. Þær töldu sig eiga rétt á því að búa áfram í húsnæði sínu án þess að bætur þeirra yrðu skertar. Málin rötuðu til Hæstaréttar Bretlands, sem hafnaði kröfum þeirra í nóvember 2016.

### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

#### *Kæran*

Fyrri kærandi byggði kvörtun sína á 14. gr. sáttmálans um bann við mismunun, ásamt 8. gr. um friðhelgi einkalífs og fjölskyldu og 1. gr. 1. samningsviðauka um friðhelgi eignarréttar, en kærandi taldi sig hafa orðið fyrir mismunun á grundvelli fötlunar dóttur sinnar. Síðari kærandi byggði kröfur sínar á 14. og 8. gr. sáttmálans og taldi sig hafa orðið fyrir mismunun á grundvelli kyns síns sem fórnarlamb kynbundins ofbeldis. Mannréttindadómstóllinn taldi rétt að taka málið fyrir á grundvelli 14. gr. sáttmálans samhliða 1. gr. 1. samningsviðauka.



### *Niðurstöður*

Að mati dómstólsins varðaði málið meinta óbeina mismunun. Skerðing húsnæðisbóta náði jafnt yfir alla viðtakendur. Spurningin var því hvort skerðingin hefði óhóflega skaðleg áhrif á kærundur vegna sérstakra aðstæðna þeirra, þ.e. fötlunar dóttur fyrri kæranda og kyns síðari kæranda. Dómstóllinn ítrekaði að bæði einstaklingar sem sinna fötluðu barni og tengjast því sterkum persónulegum böndum og einstaklingar, að mestu leyti konur, sem orðið hafa fyrir kynbundnu ofbeldi geta krafist verndar 14. gr. sáttmálans. Þá tók dómstóllinn einnig fram að mismunur á meðferð á grundvelli atvika sem féllu undir 14. gr. teldist mismunun ef þær væru ekki innan málefnalegra og skynsamlegra marka. Ríkjum bæri ekki aðeins að forðast mismunun heldur væru þau einnig skyldug að ganga úr skugga um að einstaklingar í mismunandi aðstæðum væru meðhöndlaðir á mismunandi hátt ef nauðsyn krefði.

Hvað varðar svigrúm til mats taldi dómstóllinn að ríki hefðu vissulega viðtækt svigrúm varðandi almennar efnahagslegar eða félagslegar ráðstafanir, þannig að almennt gripi dómstóllinn ekki inn í nema ráðstafanir ríkja skorti alvarlega málefnalegan grundvöll (e. manifestly without a reasonable foundation). Annað ætti hins vegar við varðandi mat á því hvort slíkar ráðstafanir fælu í sér mismunun. Hið viðtæka svigrúm til mats ætti því ekki við í málinu. Raunar þyrfti ríkar ástæður til þess að réttlæta mismunandi meðferð á grundvelli fötlunar eða kyns.

Dómstóllinn taldi að vegna aðstæðna kæranda hefðu þær orðið fyrir takmörkun á réttindum sínum með því að vera meðhöndlaðar á sama hátt og aðrir viðtakendur húsnæðisbóta. Dómstóllinn tók fram að húsnæði þeirra væri sérstaklega aðlagð og að þær myndu því lenda í erfiðleikum eða, í tilfelli annarrar þeirrar, öryggi hennar yrði stefnt í hættu, þyrftu þær að flytjast búferlum. Dómstóllinn kannaði þá hvort sá misbrestur að taka ekki tillit til mismunandi aðstæðna kæranda og annarra viðtakenda húsnæðisbóta hefði falið í sér mismunun í skilningi sáttmálans. Nauðsynlegt væri að athuga hvort málefnalegar og réttmætar ástæður hafi legið þeim ráðstöfunum að baki. Með öðrum orðum þyrfti með ráðstöfuninni að vera stefnt að lögmætum markmiðum og þyrfti að vera gætt meðalhófs milli þeirra aðferða sem notaðar voru og þess markmiðs sem að var stefnt. Dómstóllinn ítrekaði að stjórnvöld þyrftu að færa veigamikil rök fyrir slíkum ráðstöfunum.

Dómstóllinn benti á að innlendir dómstólar hefðu viðurkennt að markmið ráðstafananna – að draga úr útgjöldum ríkisins með því að hvetja einstaklinga á vinnualdri, búsetta í félagslegu húsnæði með fleiri svefnherbergjum en nauðsynlegt væri, til að flytja í minna húsnæði – væri lögmætt. Kærundur hefðu einnig fallist á að almennt séð væri þetta lögmætt markmið. Dómstóllinn tók fram að við mat á meðalhófi liti dómstóllinn ekki aðeins til einstaklingsbundinna aðstæðna kæranda, heldur einnig til samrýmanleika kerfisins í heild við 14. gr. sáttmálans.

### *Fyrri kærandi*

Dómstóllinn taldi að hvers konar flutningur væri skaðvænlegur og mjög óæskilegur fyrir kærandann J.D. Þó teldist flutningur í minna en jafnframt sérsniðið

#### 14. gr. Bann við mismunun

---

húsnæði ekki í grundvallarandstöðu við viðurkenndar þarfir fatlaðs fólks sem byggir í slíku húsnæði en hefði ekki læknisfræðilega þörf fyrir aukasvefnherbergi. Dómstóllinn taldi einnig að húsaleiguuppbótarkerfið, þótt það hefði sína ókosti, gerði stjórnvöldum kleift að taka ákvarðanir á einstaklingsgrundvelli og það fæli í sér ýmsa varnagla til þess að girða fyrir brot gegn mannréttindum og jafnræði. Dómstóllinn taldi því að húsaleiguuppbótarkerfið væri nægilega veigamikil ástæða til þess að komast að þeirri niðurstöðu að framkvæmd þeirra ráðstafana sem hér væri um deilt fullnægði kröfum um meðalhóf og lögmætt markmið. Mismunun á meðferð kæranda og annarra var því réttlætanagerur og ekki hafði verið brotið gegn réttindum fyrri kæranda, J.D., skv. 14. gr. sáttmálans og 1. gr. 1. samningsviðauka.

#### *Síðari kærandi*

Dómstóllinn benti á að það markmið reglnanna að hvetja fólk til flutninga stangaðist á við það markmið „verndaráætlunarinnar“ að leyfa fórnarlömbum kynbundins ofbeldis að búa örugg á heimilum sínum. Þessi tvö lögmætu markmið væru því í andstöðu hvort við annað en ríkið hefði ekki sýnt fram á ríkar ástæður fyrir því að veita markmiði húsnæðisbótareglanna aukið vægi. Sér í lagi var bent á að afleiðingar fyrir kæranda A eða aðra einstaklinga er nytu úrræða verndaráætlunarinnar væru þungbærar.

Að því er varðar heimilisofbeldi væri ríkjum þar að auki skylt að vernda einstaklinga frá hættu er stafar frá öðrum, þ.á m. í aðstæðum þar sem réttur einstaklings til að njóta friðhelgi heimilis án óspekta er í húfi. Dómstóllinn komst því að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið á réttindum síðari kæranda, A, skv. 14. gr. sáttmálans og 1. gr. 1. samningsviðauka.

---

## 35. gr. Skilyrði þess að mál sé tækt

---

**Ulemek gegn Króatíu**

**Dómur frá 31. október 2019**

**Mál nr. 21613/16**

**Sjá reifun dómsins undir 3. gr.**

*Bann við ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð. Aðbúnaður í fangelsi.  
Skadabætur. Raunhæft úrræði.*

---

## 1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

---

**J.D. og A gegn Bretlandi**

**Dómur frá 24. október 2019**

**Mál nr. 32949/17 og 34614/17**

**Sjá reifun dómsins undir 14. gr.**

*Mismunun. Meðalhóf. Lögmaett markmið. Húsnæðisbætur. Fötlun. Kyn.  
Heimilisofbeldi. Svefnherbergisskattur.*

---

## 2. gr. 7. viðauka. Réttur til áfrýjunar sakamáls

---

**Styrmir Þór Bragason gegn Íslandi**

**Dómur frá 16. júlí 2019**

**Mál nr. 36292/14**

**Sjá reifun dómsins undir 6. gr.**

*Réttlát málsmeðferð. Umboðssvik. Hlutdeild. Áfrýjun. Milliliðalaus málsmeðferð. Endurrit munnlegra framburða.*

---

## 4. gr. 7. viðauka. Réttur til að vera ekki saksóttur eða refsað tvívegis

---

Mihalache gegn Rúmeníu

Dómur frá 8. júlí 2019

Mál nr. 54012/10

4. gr. 7. sammingsviðauka – Réttur til að vera ekki saksóttur eða refsað tvívegis

*Umferðarlagabrot. Ölvunarakstur. „Ne bis in idem.“ Réttur til að vera ekki saksóttur eða refsað tvívegis.*

### 1. Málsatvik

Kærandi er rúmenskur ríkisborgari fæddur 1975. Aðfaranótt 3. maí 2008 stöðvaði lögreglan kæranda við akstur við umferðareftirlit. Ölvun kæranda var mæld með öndunarprófi sem reyndist jákvætt og í kjölfarið var hann beðinn um að fylgja lögreglunni á spítala í blóðprufu, en kærandi neitaði að verða við þeirri beiðni.

Í júlí 2008 lagði saksóknaraembættið fram ákæru á hendur kæranda fyrir að neita að gefa blóðsýni til athugunar á vínanda í blóði. Þann 7. ágúst 2008 felldi ákærvaldið ákærana niður á þeim grundvelli að háttsemin teldist ekki nógu alvarleg til að fela í sér refsivert brot. Hins vegar ákvað ákærvaldið að kærandi skyldi borga stjórnvaldssekt, sem hljóðaði upp á 1.000 rúmensk lei eða 250 evrur. Þeirri sekt var ekki áfrýjað og borgaði kærandi hana, ásamt málskostnaði, þann 15. ágúst 2008.

Í janúar 2009 ákvað hið æðra ríkissaksóknaraembætti að víkja frá ákvörðun ákærvaldsins þann 7. ágúst, *ex officio*, á þeim forsendum að stjórnvaldssektin hefði ekki verið við hæfi í ljósi þeirrar almennu og sértæku áhættu fyrir samfélagið sem málsatvik hefðu leitt af sér. Í kjölfarið var málið sent aftur til saksóknara, til áframhaldandi meðferðar.

Í mars 2009 var kærandi boðaður fyrir dóm og hlaut skilorðsbundinn dóm í nóvember 2009 til eins árs fangelsisvistar, fyrir þær sakir að hafa neitað að gefa blóðsýni. Kærandi áfrýjaði dóminum en áfrýjunardómstóll vísaði málinu endanlega frá dómi þann 14. júní 2010.

Á árinu 2013 var kæranda boðið að óska eftir endurgreiðslu á stjórnvaldssektinni sem hann greiddi samkvæmt ákvörðuninni þann 7. ágúst 2008. Af gögnum málsins verður ráðið að kærandi óskaði eftir slíkri endurgreiðslu.

### 2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

#### *Kæran*

Kærandi byggði kæru sína á 4. gr. 7. sammingsviðauka um réttinn til að vera ekki saksóttur eða refsað tvívegis eða „*ne bis in idem*“ og taldi að hann hafi verið ákærður og dæmdur tvisvar fyrir sama brotið. Hann taldi einnig að enduruptaka málsmeðferðarinnar gegn honum hefði verið í ósamræmi við umrætt ákvæði.

### Niðurstaða

Dómstóllinn vísaði til þess að rétturinn til að vera ekki saksóttur eða refsað tvívegis eða „*ne bis in idem*“ byggji á þremur þáttum.

Í fyrsta lagi þurfi báðar málsmeðferðirnar í eðli sínu að varða refsiverð brot. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að bæði fyrri málsmeðferðin, sem leiddi til stjórnvaldssektar þann 7. ágúst 2008, og seinni málsmeðferðin, sem leiddi til dóms þann 14. júní 2010, hefðu lotið að refsingu.

Í öðru lagi þurfi báðar málsmeðferðirnar að varða sömu málsatvik. Dómstóllinn vísaði til þess að í báðum tilvikum hefði kærandi verið sóttur til saka og refsað fyrir að neita að veita blóðsýni við umferðarathugun lögreglu aðfaranótt 3. maí 2008.

Í þriðja lagi þurfi að vera um aðskildar málsmeðferðir að ræða og vísaði dómstóllinn til þess að 4. gr. 7. samningsviðauka væri ætlað að banna endurtekningu sakamáls sem hefði verið lokið. Dómstóllinn leit til þess að ákvörðun ákærvaldsins frá 7. ágúst 2008 hefði falið í sér sakfellingu í skilningi sáttmálans, en aðkoma dómstóla væri ekki nauðsynleg í því tilliti. Þá þurfti að kanna hvort sú ákvörðun væri endanleg. Dómstóllinn tók fram að við mat á því hefðu skilgreiningar að landsrétti ekki úrslitapýðingu. Líta þyrfti til þess hvort „venjuleg“ úrræði væru til staðar til þess að raska fyrri ákvörðun. Opin og ótímabundin lagaheimild æðri ríkissaksóknaraembættisins til þess að endurupptaka sektarákvarðanir, með tilheyrandi réttaróvissu fyrir kæranda, gæti ekki talist „venjulegt“ úrræði. Því yrði að líta á sektarákvörðunina frá 7. ágúst 2008 sem endanlega í skilningi sáttmálans.


Ógilding þeirrar ákvörðunar af hálfu æðri ríkissaksóknara og endurupptaka málsins var því tvítekning á sama máli. Slíkur tvíverknaður gæti í ákveðnum tilvikum samrýmst 4. gr. 7. samningsviðauka, ef síðari málsmeðferðin væri endurupptaka í samræmi við þau skilyrði sem sett eru fram í 2. mgr. 4. gr. 7. samningsviðauka, þ.e. ef ný málsatvik kæmu fram eða ef alvarlegir annmarkar á fyrri málsmeðferð kæmu í ljós. Í þessu tilfelli vísaði dómstóllinn til þess að æðri ríkissaksóknari hefði tekið ákvörðun sína á grundvelli sömu málsástæðna og að engin ný gögn hefðu verið til staðar. Dómstóllinn taldi því að rök æðri ríkissaksóknaraembættisins fyrir endurupptöku málsins samrýmdust ekki 4. gr. 7. samningsviðauka og að endurupptaka málsins hefði ekki verið réttlætanleg.

Þar með væri brotið gegn 4. gr. 7. samningsviðauka.

---

**Dómar og ákvarðanir í málum gegn Íslandi**

---



EUROPEAN COURT OF HUMAN RIGHTS  
COUR EUROPÉENNE DES DROITS DE L'HOMME

**ÖNNUR AÐALDEILD**

**STYRMIR ÞÓR BRAGASON GEGN ÍSLANDI**

*(Kæra nr. 36292/14)*

DÓMUR

STRASBORG

16. júlí 2019

**ENDANLEG ÚTGÁFA**  
**16.10.2019**

*Dómur þessi er endanlegur samkvæmt 2. mgr. 44. gr. mannréttindasáttmálans.  
Texti hans kann að sæta ritstjórnarbreytingum.*



## Dómar og ákvarðanir í málum gegn Íslandi

Í málinu Styrmir Þór Bragason gegn Íslandi kveður Mannréttindadómstóll Evrópu (önnur aðaldeild), sem situr í dómi skipuðum:

Marko Bošnjak, *forseta*,

Julia Laffranque,

Valeriu Griţco,

Egidijus Kūris,

Ivana Jelić,

Arnfinn Bårdsen, dómurum,

Oddnýju Mjöll Arnardóttur, sérstökum dómara,

og Stanley Naismith, *deildarritara*,

eftir að hafa fjallað um málið á lokuðum fundi hinn 25. júní 2019,

upp eftirfarandi dóm, sem var samþykktur þann dag er síðast greinir:

### MÁLSMEDFERÐ

1. Mál þetta á upphaf sitt í kæru (nr. 36292/14), sem Styrmir Þór Bragason („kærandi“), sem er íslenskur ríkisborgari, lagði fram gegn Íslandi á grundvelli 34. gr. samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis („mannréttindasáttmálinn“) hinn 25. apríl 2014.

2. Í fyrirsvari fyrir kæranda var Ragnar Halldór Hall, lögmaður í Reykjavík. Í fyrirsvari fyrir ríkisstjórn Íslands („ríkið“) var Ragnhildur Hjaltadóttir, ráðuneytisstjóri í innanríkisráðuneytinu, sem umboðsmaður þess.

3. Kærandi taldi að með dómi Hæstaréttar 31. október 2013 hefði verið brotið gegn rétti hans skv. 6. gr. mannréttindasáttmálans og 2. gr. 7. samningsviðauka við mannréttindasáttmálann.

4. Róbert Spanó, dómari sem kjörinn var fyrir Ísland, sagði sig frá málinu (28. regla). Oddný Mjöll Arnardóttir var því kvödd til þess að sitja sem sérstakur dómari (sbr. 4. mgr. 26. gr. mannréttindasáttmálans og 1. mgr. 29. reglu).

5. Kæran var send ríkinu 29. febrúar 2016.

### MÁLSATVIK

#### I. MÁLAVEXTIR

6. Kærandi er fæddur 1970 og búsettur í Reykjavík. Á þeim tíma sem um ræðir var kærandi bankastjóri MP fjárfestingabanka hf. (hér eftir „MP banki“).

7. 2. október 2008 sendi MP banki út veðköll með tölvupósti til nokkurra eigenda stofnfjárbréfa í X, sparisjóði þar sem kærandi hafði áður setið í stjórn. Eigendur stofnfjárbréfanna höfðu fjármagnað kaup sín með lánum frá MP banka, sem tryggð voru með veði í bréfunum sjálfum. Meðal þessara eigenda voru A, stjórnarformaður X, og B, félag þar sem C, framkvæmdastjóri X, átti 30% hlut. Í tölvuskeytunum tilkynnti MP banki eigendunum að hann væri knúinn til þess að virkja gjaldfellingarákvæði 13. gr. lánsamninganna, þar sem bankanum var heimilað að gjaldfella lán við sérstakar aðstæður vegna markaðsaðstæðna og óviðráðanlegra

afla (*force majeure*). Hægt væri þó að komast hjá þessu ef eigendurnir samþykktu að myntbreyta samningnum yfir í íslenskar krónur (kr.).

8. Skömmu síðar áttu A, C og kærandi með sér fund, þar sem ákveðið var að stofnfjárbréf í X, sem m.a. voru í eigu A og B, yrðu seld á tilteknu verði til að MP banki gæti endurheimt þá fjármuni sem í upphafi höfðu verið lánaðir A og B til þess að fjármagna kaup þeirra. Einnig var ákveðið að kaupun skyldu fjármögnuð af X.

9. Kærandi lagði til að dótturfélag MP banka keypti bréfin, en síðar var því breytt þannig að kaupandinn varð Y, einkahlutafélag, sem keypti bréfin í X 13. október 2008. Bréfin voru í eigu A, B, annarra starfsmanna X og MP banka sjálfs. X veitti Y lán að fjárhæð 800.000.000 kr. (u.þ.b. 5.230.000 evrur á þeim tíma sem um ræðir) til þess að kaupa bréfin, með veði í bréfunum sjálfum. Hinn 29. desember 2008 veitti X annað lán til Y til þess að kaupa viðbótarbréf í eigu varamanns í stjórn X.

10. 7. september 2009 tilkynnti Fjármálaeftirlitið sérstökum saksóknara að eftirlitið hefði ráðist í rannsókn á kaupum Y á bréfunum í X. Vísaði eftirlitið málinu til rannsóknar hjá sérstökum saksóknara vegna gruns um refsivert brot af hálfu stjórnenda X og MP banka.

11. 22. apríl 2010 tók Fjármálaeftirlitið völdin yfir X og vék stjórn bankans frá. Hafði eignfjárstaða bankans verið undir lögboðnum mörkum um allnokkurt skeið og var stjórn bankans þeirrar skoðunar að aðgerðir til þess endurreisa fjárhagsstöðu bankans yrðu árangurslausar. Hinn 3. maí 2011 var Y lýst gjaldþrota. Átti félagið engar eignir aðrar en stofnfjárbréf í X.

12. 25. júní 2010 voru A og C ákærðir á grundvelli 249. gr. almennra hegningarlaga vegna fjármálaviðskipta í formi láns sem X veitti Y til þess að kaupa hlutabréf í X án fullnægjandi tryggingar eða mats á gjaldhæfi og eignum Y og í andstöðu við eigin reglur bankans. Var kærandi ákærður fyrir hlutdeild í umboðssvikum A og C skv. 249. gr. sbr. 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga með því að hafa lagt á ráðin með A og C um að fjármunirnir yrðu greiddir úr sjóðum X til að fjármagna kaupin á stofnfjárbréfum í eigu ofangreindra eigenda í október 2008, með því hafa ákveðið gengi bréfanna ásamt meðákærðu og með því að hafa haft milligöngu um að Y keypti bréfin á því verði sem hann hefði ákveðið ásamt meðákærðu, með 800 milljón króna yfirdráttarláni frá X og 43.916.385 króna fjármögnun MP Banka. Í sömu viðskiptum seldi MP Banki Y einnig 119.244.757 af eigin stofnfjárhlutum í X og voru þau kaup einnig fjármögnuð með láninu frá X. Með þessum viðskiptum var fjárfestingaráhættu MP Banka komið yfir á X.

13. Var kærandi einnig ákærður fyrir peningþvætti skv. 264. gr. almennra hegningarlaga með því að hafa tekið við fjármuninum, sem aflað var ólöglega með umboðssvikum meðákærðu, þrátt fyrir að honum hefði mátt vera ljóst, í ljósi aðstæðna, að lán það sem meðákærðu tryggðu frá X til viðskiptanna var veitt með ólögmaðum hætti.

14. Héraðsdómur hlýddi á framburð allra þriggja sakborninga, svo og fjögurra stjórnarmanna og eins varamanns í stjórn X á viðkomandi tíma, hins fyrrverandi

framkvæmdastjóra X og formanns stjórnar MP banka á viðkomandi tíma. Ennfremur hlýddi rétturinn á framburð nokkurra stjórnenda, regluvarða og starfsmanna X og MP banka, eiganda Y og viðskiptafélaga hans og skiptastjóra Y.

15. Kærandi bar að eftir tölvubréfin frá 2. október 2008 hefði verið haldinn fundur í MP banka til þess að ræða mögulegar lausnir. Á fundinum hefði hann lagt til að dótturfélag MP banka keypti bréfin og að X skyldi veita lán til kaupanna, sem meðákærðu hans hefðu sagst mundu íhuga og leggja fyrir stjórnarfund X. Þá hefði gengi bréfanna verið ákveðið. Stjórnarformaður MP banka hefði í kjölfarið ekki fallist á að dótturfélag MP banka keypti stofnfjárbréfin, þar sem það hefði haft neikvæð áhrif á greiðslufærni MP banka. Því hefði verið ákveðið að Y kæmi inn sem kaupandi, enda hefði eigandi Y rætt viðskiptin við stjórnarformann MP banka. Kvaðst hann enga vitneskju hafa haft um stöðu Y. Varðandi lánið frá 29. desember 2008 bar hann að umræddur varamaður í stjórn hefði haft samband við sig og látið í ljós þá ósk að selja stofnfjárbréf sín. Þar sem hann hefði áður fengið þau boð frá eiganda Y að hann hefði áhuga á að kaupa frekari stofnfjárbréf hefði kærandi spurt talsmenn X hvort X væri reiðubúinn að fjármagna kaupin. Neitaði kærandi að hafa haft nokkur tók á starfsmönnum X á þeim tíma eða nokkra eigin fjárhagslega hagsmuni af viðskiptunum. Kvaðst hann ekki hafa verið í samskiptum við neina fulltrúa X aðra en meðákærðu. Benti hann á að MP banki hefði verið mun minni banki á þeim tíma og að MP banki hafi fært öll bankaviðskipti sín til X í hruninu, sem sýndi hvert álit forsvarsmenn MP banka hefðu haft á X á þeim tíma.

16. A, meðákærði kæranda, skýrði frá því að hann og C hefðu átt fund með kæranda til þess að ræða veðkall MP banka frá 2. október 2008. Bar A að á fundinum hefði kærandi lagt til að dótturfélag MP banka keypti stofnfjárbréfin á tilteknu gengi og að þeir hefðu rætt um að X fjármagnaði kaupin. A tók einnig fram að kærandi hefði verið sá eini frá MP banka sem aðkomu átti að málinu. A sagði ennfremur að hann hefði fengið boð nokkrum dögum eftir fundinn um að dótturfélag MP banka væri ekki lengur kaupandinn, heldur mundi Y kaupa bréfin. Að því er varðar lánið 29. desember 2008 bar A að hann hefði haft samband við kæranda til að spyrjast fyrir um hvort Y hefði áhuga á að auka við hlut sinn og að A, C og kærandi hefðu komið sér saman um að leggja tillöguna fyrir stjórn X.

17. C, hinn meðákærði kæranda, bar að hann hefði komið að máli við kæranda eftir veðkall MP banka 2. október 2008 til þess að fjalla um framlengingu lánasamninganna og tók fram að kærandi hefði orðið verulega ágengur við starfsfólk X varðandi lánasamningana. Hefðu hann og A því átt fund með kæranda, sem hefði lagt til að MP banki tæki yfir bréfin á tilteknu verði, en C kvaðst ekki muna hvort fjármögnun viðskiptanna hefði verið rædd á fundinum. Fyrir fundinn hefði MP banki farið fram á fjármögnun hjá X vegna þeirra stofnfjárbréfa sem hann átti þegar og þeim bréfum sem hann kynni að eignast eftir veðköllin, sem C sagði að hann hefði gefið vilyrði fyrir. Kvaðst hann ennfremur hafa vitað til þess að MP banki hefði áhuga á að færa bréfin sín í X, bæði þau sem hann ætti þegar og þau sem hann kynni að eignast með veðköllunum, yfir í dótturfélag með fjármögnun frá X.

## Dómar og ákvarðanir í málum gegn Íslandi

Hann hefði frétt frá A nokkrum dögum eftir fund þeirra að MP banki hefði ákveðið að breyta kaupandanum að bréfunum úr dótturfélaginu í Y og gert nauðsynlegar ráðstafanir.

18. Stjórnarformaður MP banka, D, bar að hann hefði kynnt eiganda Y sem mögulegan kaupanda í viðskiptunum en að kærandi hefði tjáð honum í september 2008 að X vildi taka yfir fjármögnun bréfanna í X vegna hækkunar lána og veðkalla MP banka. Hann hefði því talið að X hefði átt frumkvæðið að viðskiptunum. Bar hann að hann hefði tjáð eiganda Y að í viðskiptunum fælist tækifæri fyrir Y til þess að eignast stofnfjárbréf með fjármögnun a.m.k. að verulegum hluta. D bar að hann hefði verið sáttur við viðskiptin, enda hefðu þau lagað lausafjárstöðu bankans og hann hefði metið stöðu sparisjóðsins mjög sterka á þessum tíma.

19. Þáverandi forstöðumaður áhættustýringar MP banka, E, bar að kærandi hefði tekið yfir láns samningamálið eftir að C hefði farið fram á fund. Hefði niðurstaðan verið sú að Y keypti bréfin með milligöngu MP banka, en að erfitt hefði verið að ákveða verð bréfanna þar sem viðskipti með þau hefðu verið stöðvuð í ágúst 2008.

20. F, sem var miðlari hjá MP banka á þessum tíma, bar að kærandi hefði komið til sín til að ræða viðskiptin og þeir hefðu bætt stofnfjárbréfum MP banka við listann yfir bréf sem verið var að selja til Y. F bar að kærandi hefði áður sagt sér að kaupa tiltekin bréf en síðan að hætta að kaupa bréf í X. F kvaðst hafa sent upplýsingar um viðskiptin til starfsmanna X, enda hefðu þau þurft að fara fyrir stjórn hans. Þá kvaðst F hafa haft samband við eiganda Y til að spyrjast fyrir hvort hann hefði áhuga á að kaupa fleiri bréf.

21. G, eigandi Y, bar að hann teldi að D hefði upplýst hann um að kærandi myndi hafa samband við hann vegna kaupanna á bréfum í X og að hann hefði síðar verið í sambandi við kæranda varðandi viðskiptin. Eftir að gengið hefði verið frá fyrri kaupunum hefði kærandi haft samband við hann til að spyrja hvort hann hefði áhuga á að kaupa frekari bréf.

22. H, sem var viðskiptafélagi G í Y, bar að starfsemi félagsins hefði lagst af áður en af viðskiptunum varð, að G hefði síðan haft samband og spurt sig hvort hann mætti nota Y til að kaupa bréf í X. Hann hefði farið með G á fund í X til að skrifa undir láns samning og síðan farið með honum í MP banka á fund með kæranda. Hann bar að kærandi hefði sagt þeim að þeir ættu hagnaðarvon í að kaupa bréfin. H bar einnig að viðskiptin hefðu gengið hratt fyrir sig og að allt hefði verið undirbúið í MP banka. Hann tók fram að G hefði ætlað að taka yfir Y og verða eini eigandi bréfanna gegnum Y.

23. Með dómi 29. júní 2011 voru kærandi, A og C sýknaðir í héraði. Taldi rétturinn að þótt A og C hefðu veitt Y fyrsta lánið án þess að meta fjárhagsstöðu Y og þannig brotið gegn lánareglum X, svo og reglum um hæfi með því að eiga hlut að lánveitingu sem tengdist viðskiptum sem þeir voru aðilar að, hefði ekki verið sýnt fram á að lánið hefði verið veitt gegn ófullnægjandi veðum, né heldur hefði verið sýnt fram á að ásetningur þeirra hefði staðið til þess að misnota aðstöðu sína og stefna fé X í hættu. Enn fremur var bent á að C hefði haft umboð til þess að

veita lán allt að tiltekinni fjárhæð, andstætt lánareglum X, og að lánið sem veitt var Y hefði verið innan þeirra marka. Þar sem A og C hefðu verið sýknaðir af þessum ákæruliðum var kærandi einnig sýknaður af ákærum um hlutdeild í umboðssvikum og peningabævti.

24. 5. júlí 2011 áfrýjaði ríkissaksóknari málinu til Hæstaréttar.

25. Með dómi 7. júní 2012 sneri Hæstiréttur við dómi héraðsdóms að því er varðar A og C. Taldi rétturinn að lánveiting X til Y hefði verið ólögmat og að þeir væri sekir um ákærurnar á hendur þeim. Voru þeir hvor um sig dæmdur til 4ra ára og 6 mánaða fangelsisvistar. Byggði sakfelling Hæstaréttar á þeirri staðreynd að héraðsdómur hefði ekki með réttum hætti beitt og túlkað 249 gr. almennra hegningarlaga.

26. Að því er varðar kæranda taldi Hæstiréttur að í héraðsdómi hefði kærandi verið sýknaður einungis á grundvelli niðurstöðu réttarins varðandi háttsemi A og C. Tók Hæstiréttur fram að héraðsdómur hefði ekki ráðist í sjálfstætt mat á því hvort og þá með hvaða hætti meta þyrfti munnlegan framburð fyrir dómi hvað varðar sök kæranda. Hæstiréttur ómerkti því dóm héraðsdóms að því er varðar kærandann og vísaði málinu aftur til nýrrar meðferðar.

27. Við endurflutning málsins hlýddi héraðsdómur á framburð kæranda, A, C, D, E, F og G.

28. Kærandi bar að A og C hefðu farið fram á fund með honum eftir veðköllin 2. október 2008 og að á þeim fundi hefði hann lagt til að dótturfélag MP banka keypti stofnfjárbréfin með fjármunum í sjóðum þess á þeim tíma en að X myndi lána dótturfélaginu þá fjármuni sem þörf væri á til viðbótar til þess að ráðast í kaupin. Bar kærandi að hann hefði á þeim tíma talið X vera í mun sterkari stöðu en stærstu bankarnir þrír, sem voru að falla á þeim tíma, og að hann haft að markmiði að tryggja hagsmuni MP banka og lagt þetta til með þeim fyrirvara að D samþykkti tillöguna. Bar hann að D hefði ekki fallist á að nota dótturfélag til þess að kaupa bréfin og lagt þess í stað til að Y yrði kaupandinn en að hann hefði ekki sjálfur rætt málið við G, eiganda Y. Þá benti hann á að hann hefði ekkert haft með það að gera hvort X lánaði Y til kaupanna, enda hefði hann engin yfirráð haft yfir X. Þá hefðu stjórnendur X, þeir A og C, sagt honum að þeir yrðu að fara með málið fyrir stjórn X.

29. A bar að á fundi hans með kæranda og C hefði verið ákveðið að dótturfélag MP banka keypti bréfin með eigin fjármunum en að X veitti lán fyrir viðbótarfjármunum til kaupanna. Síðar hefðu kærandi og D fundið annan kaupanda að bréfunum en A hefði ekki verið viðriðinn það ferli. A kvað sig minna að kærandi hefði lagt til gengi bréfanna og tók fram að hann hefði kynnst kæranda þegar hinn síðarnefndi sat í stjórn X. A bar enn fremur að á þessum tíma hefði fjárhagsstaða X verið góð og að fjárfestingin í stofnfjárbréfunum hefði átt að vera trygg.

30. C bar að hann hefði haft samband við kæranda eftir að veðkallið frá 2. október 2008 barst til þess að ræða mögulegar lausnir. Í kjölfarið hefði hann átt fund með A og kæranda, þar sem MP banki hefði lýst áhuga á að taka yfir bréfin og setja þau inn í dótturfélag sitt. Kvað C MP banka og X hafa verið í nánú samstarfi

og kvaðst hann hafa skilið það svo á fundinum að bankinn væri í lausafjársvand-ræðum. C bar enn fremur að A hefði upplýst hann um breytinguna frá dótturfélagi MP banka til Y, en að hann hefði ekki verið í beinu sambandi við kæranda varðandi þá breytingu.

31. D bar að A og kærandi hefðu verið í sambandi við hann, tilkynnt honum að X vildi taka yfir fjármögnun bréfanna og spurt hvort D vissi um hugsanlegan kaupanda. D hefði síðan haft samband við G og spurt hvort hann hefði áhuga, en D segist hafa vitað frá upphafi að X myndi fjármagna kaupin.

32. E bar að hann hefði sent út veðköllin 2. október 2008 og að skilningur hans hefði verið sá að málið yrði leyst með því að dótturfélag MP banka tæki yfir bréfin og að andvirði þeirra yrði notað til þess að endurgreiða lánin til MP banka.

33. F bar að hann minnti að kærandi hefði sagt honum í tölvupósti að Y myndi koma í stað dótturfélags MP banka sem kaupandi og að hann hefði í kjölfarið upplýst C um það. F bar að kærandi hefði haft beina aðkomu að viðskiptunum en að það hefði ekki verið óvanalegt með stór viðskipti og það hefði gerst tvisvar eða þrisvar áður.

34. G, eigandi Y, bar að hann hefði fyrst verið í sambandi við D varðandi viðskiptin en síðar hefði hann rætt þau við kæranda, þar með talið fjármögnun kaupanna, sem hann bar að hefði verið kynnt fyrir sér á þann hátt að hún væri „innifalin.“ G bar að hann hefði ekki verið í sambandi við X, nema hvað hann hafi farið þangað til að undirrita lánsskjöl. Hann bar einnig að hann hefði ekki samið um gengi bréfanna.

35. Með dómi 31. janúar 2013 sýknaði héraðsdómur kæranda.

36. Benti héraðsdómur á það í fyrsta lagi að upphaf málsins hefði verið póstur sem sendur var af MP banka þar sem lánin voru gjaldfelld og að lántakendur, þ.m.t. A og B, hefðu ekki ætlað sér að setja frekari tryggingar fyrir lánunum. Kærandi hefði þá lagt til að félag í eigu MP banka keypti bréfin og að X fjármagnaði kaupin. Síðar var þessu breytt og Y varð kaupandinn. Í öðru lagi benti héraðsdómur á að það hefði verð alkunna að mikill lausafjárskortur væri hjá stóru íslensku bönkunum. Kæranda og vitnum bar hins vegar saman um að lausafjárstaða X hefði verið góð að þessu leyti, sem fengi stuðning í gögnum málsins. Taldi héraðsdómur að hafa yrði þetta í huga þegar metin væri sú ákvörðun kæranda að leita til X eftir láni til kaupa á stofnfjárbréfunum. Hins vegar taldi rétturinn augljóst að lánveitandi bæri ákveðna útlánaáhættu. Með því að X veitti lán í stað MP banka hefði sú áhætta færst til X. Í dómi sínum 7. júní 2012 hefði Hæstiréttur slegið því föstu að þetta lán hefði verið ólöglegt. Benti héraðsdómur síðan á að kærandi hefði neitað því að honum hefði verið kunnugt um það hvernig staðið hefði verið að málum hjá X varðandi lánveitinguna til Y. Enn fremur var það mat dómsins að því er þetta varðar að framburður kæranda um þetta hefði verið trúverðugur og studdur af framburði annarra vitna. Benti héraðsdómur enn fremur á að kærandi hefði kannast við aðkomu sína að ákvörðun sölugengis bréfanna, sem hefði miðast við að bankinn fengi lán sín greidd að fullu. Í ljósi stöðu kæranda sem framkvæmdastjóra MP banka hefði sú afstaða þó verið edlileg. Hefði hann ekki verið í stöðu til að ákveða hvernig staðið yrði að málum af hálfu X og hefði hann engan þátt átt í afgreiðslu

lánsins þar. Því hefði ekki að mati héraðsdóms verið sýnt fram á að kærandi hefði mátt vita að meðákærðu hefðu staðið með ólögætum hætti að lánveitingunni.

37. Hinn 21. febrúar 2013 áfrýjaði ríkissaksóknari málinu til Hæstaréttar og krafðist þess að kærandi yrði sakfelldur samkvæmt ákæru og dæmdur til refsingar samkvæmt því.

38. Við meðferð málsins fyrir Hæstarétti voru ekki aftur teknar skýrslur af kæranda og vitnum. Kærandi lagði fram skriflegar athugasemdir og verjandi hans flutti málið munnlega við opinbert réttarhald í Hæstarétti.

39. Með dómi 31. október 2013 sneri Hæstiréttur við dómi héraðsdóms og sakfelldi kæranda fyrir hlutdeild í umboðssvikum A og C. Var kærandi dæmdur til eins árs fangelsisvistar.

40. Í upphafi lýsti Hæstiréttur staðreyndum máls á grundvelli dóms héraðsdóms frá 29. júní 2011 (þar sem A, C og kærandi voru sýknaðir), dóms Hæstaréttar frá 7. júní 2012, þar sem A og C voru sakfelldir, og dóms héraðsdóms frá 31. janúar 2013 (þar sem kærandi var aftur sýknaður). Setti Hæstiréttur einnig fram samantekt af vitnisburðinum fyrir héraðsdómi, þar með talið vitnisburði kæranda, A, C, D, E, F, G og annarra vitna, en endurrit þeirra voru meðal málgagna. Að auki tók rétturinn saman önnur skrifleg sönnunargögn, þar með talið tölvupóstsamskipti frá þeim tíma sem atburðirnir höfðu átt sér stað.

41. Ennfremur var í dóminum að finna eftirfarandi:

„Í hinum áfrýjaða dómi segir að [kærandi] hafi staðfastlega neitað því að honum hafi verið kunnugt um hvernig staðið var að málum hjá [X] varðandi lánveitinguna sem Hæstiréttur sló föstu í dómi sínum í máli nr. 442/2011 [7. júní 2012] að væri ólögæt. Eins og áður greinir [var það] mat héraðsdóms að framburður kæranda um þetta við aðalmeðferð málsins hafi verið trúverðugur, en hann styðjist auk þess við framburð vitna. Samkvæmt 2. mgr. 208. gr. laga [um meðferð sakamála] getur Hæstiréttur ekki endurmetið niðurstöðu [héraðsdóms] um sönnunargildi munnlegs framburðar nema hlutaðeigandi vitni eða ákærði hafi gefið skýrslu [fyrir Hæstarétti]. Slík skýrslugjöf hefur ekki farið fram. Verður því við það miðað að [kæranda] hafi ekki verið kunnugt um hvernig þessi lánveitandi stóð að veitingu lánsins að fjárhæð 800.000.000 krónur til [Y] 13. október 2008.

Á hinn bóginn er í niðurstöðu héraðsdóms ekki vikið að atriðum sem lúta að öðrum þáttum í brotum [A og C sem] [kæranda] er gefin að sök hlutdeild í, [en fjallað er um þau atriði] í málskjöllum og skýrslum [kæranda] og vitna fyrir [héraðs]dómi. Af þeim sökum er ekkert því til fyrirstöðu að Hæstiréttur líti til þessara sönnunargagna við úrlausn málsins, að því leyti sem þau varða annað en það hvernig staðið var að lánveitingunni af hálfu [X].

Samkvæmt 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga skal hver sá maður, sem með liðsinni í orði eða verki, fortöllum, hvatningum eða á annan hátt á þátt í að brot samkvæmt lögunum er framið, sæta þeirri refsingu sem við brotinu er lögð. Eftir þessu er nægilegt að maður hafi átt þátt í því með saknæmum hætti að brot hafi verið framið til þess að hann verði sakfelldur fyrir hlutdeild. Á hinn bóginn er það ekki skilyrði fyrir því að maður hafi gerst sekur um hlutdeild í broti þar



sem ásetnings er krafist að hann hafi vitað hvernig brotið yrði útfært í einstökum atriðum. Af þessu leiðir að vitneskja [kærandi] um önnur atriði en hvernig staðið var að veitingu lánsins til [Y] af hálfu [X] kann að hafa orðið til þess að honum hafi ekki getað dulist, í ljósi aðdraganda lánveitingarinnar og allra aðstæðna, að hún hafi verið ólögmæt. Vegna þess að [kærandi] er gefin að sök refsiverð hlutdeild í umboðssvikum [A og C] verður við úrlausn um hvort háttsemi hans falli undir 249. gr., sbr. 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga, að hafa hliðsjón af forsendum fyrir sakkfellingu [A og C] í fyrrgreindum dómi Hæstaréttar sem áður hafa verið raktar, þar á meðal þeirri túlkun á [249. gr. almennra hegningarlaga] sem þar er stuðst við.

Í [tölvuskeyti] MP [banka] hf. 2. október 2008 [...] vísaði bankinn til verulegra breytinga á markaðsaðstæðum, óvissu á mörkuðum og óviðráðanlegra ytri atvika ... [sem ástæðna] fyrir boðaðri gjaldfellingu lána sem bankinn hafði veitt til kaupa á stofnfjárbréfum í [X]. Á þessum tíma var veruleg lausafjárþurrð hjá fjármálafyrirtækjum, hlutafjármarkaðir í mikilli óvissu og þrír stærstu viðskiptabankar landsins riðuðu til falls. Eins og áður segir verður ekki séð af gögnum málsins að lánþegar sem tilgreindir eru í ákæru hafi andmælt innheimtu á þeim grundvelli sem vísað var til í bréfinu, eða að til hafi staðið að þeir settu frekari tryggingar fyrir lánunum frá MP banka. Þekkti kærandi þessa stöðu mála og eins og áður hefur komið fram eru í gögnum málsins ýmis tölvubréf sem bera um samskipti hans og sumra lánþeganna um innheimtu lánanna, en þau samskipti náðu allt aftur til júní 2008. Kom þar fram að bankinn lánaði almennt ekki gegn veðum í óskráðum bréfum nema tryggingarhlutfall væri að minnsta kosti 150%, auk þess sem eftir atvikum væri krafist sjálfskuldarábyrgðar.

Eins og áður greinir hittust [kærandi], [A] og [C] á fundi 6., 7. eða 8. október 2008 en um það leyti varð ljóst að viðskiptabönkunum þremur yrði ekki forðað frá falli. Samkvæmt framburði þeirra þriggja féllust [A] og [C] á þá ráðagerð [kærandi] að [X] myndi lána [dótturfélagi MP banka] fé til kaupa á stofnfjárbréfum í [X]. Þar var annars vegar um að ræða þau bréf sem MP fjárfestingarbanki hf. hafði veitt lán til kaupa á gegn handveði í þeim og hins vegar bréf sem voru í eigu bankans sjálfs. Þau stofnfjárbréf, sem samkvæmt áætluninni var gert ráð fyrir að keypt yrðu að stærstum hluta með láni frá [X], voru samtals að nafnvirði 242.260.151 króna, þar af nam nafnvirði bréfa í eigu bankans 119.244.757 krónum.

Þeir þrír [kærandi, A og C] komu sér saman um hvert skyldi vera kaupverð stofnfjárbréfa í fyrirhugudum viðskiptum. Eins og áður greinir sagðist [kærandi] hafa komið með tillögu að því gengi sem miða ætti við eftir að hafa fengið það útreiknað hjá lánasviði MP banka. Hafi gengið og þar með kaupverðið miðast við að MP banki fengi fullar endurheimtur á þeim lánum sem hann hafði áður veitt til kaupa á bréfunum, enda hafi [kærandi] með þessu verið að gæta hagsmuna bankans. Með vísan til þessa og annars sem fram er komið í málinu, þar á meðal upplýsinga um gengi stofnfjárbréfa í [X] í viðskiptum með þau fyrir milligöngu MP banka í ágúst 2008, liggur fyrir að kaupverðið, sem [kærandi] gerði tillögu um og var lagt til grundvallar í umræddum viðskiptum, hafi ekki tekið mið af raunverulegu verðgildi bréfa á þessum tíma.



## Dómar og ákvarðanir í málum gegn Íslandi

Þær ráðagerðir sem að framan greinir komu allar til framkvæmda að því frátöldu að [Y], sem var eins og áður segir að meirihluta í eigu [G], kom í stað [dótturfélags MP banka] sem kaupandi stofnfjárbréfanna. Ástæðan mun hafa verið sú að [D], stjórnarformaður MP banka, féllst ekki á að dótturfélag bankans keypti bréfin. Fyrir [héraðs]dómi kvað kærandi [D] hafa sagt sér að hann hefði rætt við [G] og í framhaldinu hafi stjórnendum [X] verið tilkynnt að kominn væri nýr kaupandi að bréfunum. Ennfremur sagðist [kærandi] hafa óskað eftir því fyrir hönd [G] að [X] myndi „fjármagna þennan pakka“. Eins og áður er fram komið hafði MP banki handveð í þeim stofnfjárbréfum sem keypt höfðu verið fyrir lán frá honum og að sögn [kæranda] voru eigendur þeirra bréfa ekki reiðubúnir að setja frekari tryggingar fyrir lánunum. Í samræmi við það var kæranda, [A] og [C] öllum ljóst að þannig yrði staðið að málum eins og fram kom í framburði [C] fyrir [héraðs]dómi. Sú fyrirætlan var reyndar í ósamræmi við fyrri afstöðu bankans þegar hann sendi sem lánveitandi [tölvuskeytið] 2. október 2008. Sé horft til framburðar [kæranda] um aðkomu sína að þeim viðskiptum sem hér um ræðir hafði hann ekki ástæðu til að ætla að [X] myndi, þvert gegn því sem áður hafði verið gengið út frá, krefjast frekari trygginga fyrir láninu til [Y] en handveðs í hinum keyptu bréfum.

Þá verður ráðið af gögnum málsins, meðal annars af tölvupóstsamskiptum [MP banka] við [eiganda Y], að kæranda hafi verið kunnugt um bága fjárhagsstöðu félagsins sem tilheyrði [eiganda Y]. Samkvæmt framburði [eiganda Y, A og C] átti [eigandi Y] ekki samskipti við aðra en kæranda og [stjórnarformann MP banka] um fjármögnun kaupanna. [Eigandi Y] kvað [kæranda] og [stjórnarformann MP banka] hafa gefið fyrirheit um að [X] myndi fjármagna kaupin, sem varð og raunin með því að [starfsmaður MP banka] tilkynnti [C] fyrir hönd [kæranda] að [Y] kæmi í stað [félagsins í eigu MP banka] sem kaupandi bréfanna.

Samkvæmt framansögðu er hafið yfir skynsamlegan vafa að [kærandi] tók ekki síður þátt í því en [A] og [C] að leggja á ráðin um hvernig standa skyldi að lánveitingunni frá [X] til [Y] til kaupa á stofnfjárbréfum í [X]. Með þeim viðskiptum, sem voru að langstærstum hluta fjármögnuð af [X], var málum komið þannig fyrir að áhættu á tjóni vegna bréfanna, sem áður hafði hvílt á MP banka þar sem [kærandi] var framkvæmdastjóri, var velt yfir á [X]. Þannig fékk bankinn kröfur sínar á hendur eigendum stofnfjárbréfanna greiddar að fullu um leið og eigendurnir, þar á meðal [A] og [B], sem [C] átti verulegan hlut í, losnuðu undan skuldbindingum sínum. Að auki seldi bankinn sín eigin bréf á verði sem eins og áður greinir tók ekki mið af raunverulegu verðmæti þeirra á þessum tíma. Að virtri þeirri vitneskju, sem [kærandi] bjó yfir og áður hefur verið lýst, menntun hans og þekkingu á starfsemi banka og fjármálastofnana verður því fallist á með ákæruvaldinu að [kæranda] hafi ekki getað dulist að lánveiting [X] til [Y] 13. október 2008 hafi verið ólögmat og til þess fallin að valda [X] verulegri fjártjónshættu, enda kom á daginn að [X] tapaði öllu því fé sem lánað var til [Y]. Samkvæmt því hefur [kærandi] með þeirri háttsemi sem lýst er í ákæru gerst sekur um refsiverða hlutdeild í umboðssvikum þeirra [A] og [C]. Þar sem ganga verður út frá

Því sem fyrr segir að [kærandi] hafi ekki verið kunnugt um hvernig staðið var að lánveitingunni til [Y] af hálfu [X] telur Hæstiréttur einungis sannað að ásetningur hans sem hlutdeildarmanns hafi náð til háttsemi sem varðar fangelsi allt að 2 árum samkvæmt 249. gr. almennra hegningarlaga. Það ákvæði tæmir sök gagnvart 264. gr. [almennra hegningarlaga] eins og sú grein hljóðaði er brotið átti sér stað.“

42. Hinn 1. desember 2013 var kærandi sagt upp starfi sínu í fjárfestingarbanka í ljósi niðurstöðu dóms Hæstaréttar.

## II. VIÐEIGANDI LANDSLÖG

43. Viðeigandi ákvæði almennra hegningarlaga á Íslandi nr. 19/1940 á viðkomandi tíma eru svohljóðandi:

### 22. gr.

„Hver sá maður, sem með liðsinni í orði eða verki, fortöllum, hvatningum eða á annan hátt á þátt í að brot samkvæmt lögum þessum er framið, sæta þeirri refsingu sem við brotinu er lögð.“

...“

### 249. gr.

„Ef maður, sem fengið hefur aðstöðu til þess að gera eitthvað, sem annar maður verður bundinn við, eða hefur fjárreiður fyrir aðra á hendi, misnotar þessa aðstöðu sína, þá varðar það fangelsi allt að 2 árum, og má þyngra refsinguna, ef mjög miklar sakir eru, allt að 6 ára fangelsi.“

### 264. gr.

„Hver sem tekur við eða aflar sér eða öðrum ávinnings af broti samkvæmt lögum þessum skal sæta sektum eða fangelsi allt að 2 árum. Sömu refsingu skal sá sæta sem geymir eða flytur slíkan ávinning, aðstodar við afhendingu hans eða stuðlar á annan sambærilegan hátt að því að tryggja öðrum ávinning af broti. Nú er brot ítrekað eða stórfellt og getur refsing þá orðið fangelsi allt að 4 árum.“

...“

44. Viðeigandi ákvæði laga um meðferð sakamála (lög nr. 88/2008) á þeim tíma sem um ræðir eru svohljóðandi:

### 196. gr.

„Með þeim takmörkunum sem leiðir af öðrum ákvæðum laga þessara er heimilt að áfrýja héraðsdómi til Hæstaréttar til þess að fá:

- endurskoðun á ákvörðun viðurlaga,
- endurskoðun á niðurstöðum sem byggðar eru á skýringu eða beitingu réttarreglna,
- endurskoðun á niðurstöðum sem byggðar eru á mati á sönnunargildi annarra gagna en munnlegs framburðar fyrir héraðsdómi,
- ómerkingu á dómi og heimvísun máls,
- frávísun máls frá héraðsdómi.

Við áfrýjun dóms er jafnframt heimilt að leita endurskoðunar á úrskurðum sem kveðnir hafa verið upp og ákvörðunum sem teknar verið undir rekstri máls í héraði.

Nú er héraðsdómi áfrýjað í einhverjum þeim tilgangi sem um ræðir í 1. mgr. og er þá um leið heimilt að leita endurskoðunar á niðurstöðum hans um kröfu skv. XXVI. kafla, enda

## Dómar og ákvarðanir í málum gegn Íslandi

hafi verið leyst úr henni að efni til og ákærði eða kröfuhafi hafi krafist endurskoðunar fyrir sitt leyti. Verði héraðsdómi ekki áfrýjað samkvæmt framansögðu er ákærða og kröfuhafa hvorum um sig heimilt að áfrýja sérstaklega úrlausn dómsins um kröfuna að efni til en um það málskot fer eftir reglum um áfrýjun dóms í einkamáli.“

### 204. gr.

„Hæstiréttur getur kveðið upp dóm um frávisun máls frá réttinum vegna galla á málalíbúnaði þar fyrir dómi án þess að málflutningur fari áður fram. Á sama hátt getur Hæstiréttur ómerkt héraðsdóm ef verulegir gallar hafa verið á meðferð máls í héraði og vísað því frá héraðsdómi ef undirbúningi undir málhöfðun hefur verið áfátt í meginatriðum.

Nú er málalíbúnaði áfátt, án þess að nauðsynlegt þyki þó að vísa máli frá eða ómerkja héraðsdóm, og getur þá Hæstiréttur beint því til aðila að afla gagna um tiltekin atriði eða grípa til annarra aðgerða til að ráða bót á því sem áfátt er.

Áður en málflutningur fer fram getur Hæstiréttur tekið mál fyrir á dómþingi eftir þörfum til að ráða til lykta atriðum varðandi rekstur þess. Skulu aðilar kvaddir fyrir dóm með hæfilegum fyrirvara í þessu skyni.“

### 205. gr.

.....

Hæstiréttur getur ákveðið að munnleg sönnunarfærsla fari þar fram í þeim mæli sem hann telur þörf, enda þyki honum í ljósi atvika ástæða til að ætla að sú sönnunarfærsla geti haft áhrif á úrslit máls.“

### 208. gr.

.....

Hæstiréttur getur ekki endurmetið niðurstöðu héraðsdómara um sönnunargildi munnlegs framburðar nema hlutaðeigandi vitni eða ákærði hafi gefið skýrslu þar fyrir dómi.

Nú telur Hæstiréttur líkur á að niðurstæða héraðsdómara um sönnunargildi munnlegs framburðar fyrir dómi kunni að vera röng svo að einhverju skipti um úrslit máls og vitni eða ákærði sem eiga í hlut hafa ekki gefið munnlega skýrslu fyrir Hæstarétti. Getur þá rétturinn fellt úr gildi héraðsdóm og meðferð málsins í héraði í þeim mæli að munnleg sönnunarfærsla geti farið þar fram eftir þörfum og leyst verið úr máli á ný. Sé héraðsdómur ómerktur samkvæmt þessu skulu þrír dómáramur skipa dóm í málinu við nýja meðferð þess í héraði og mega þeir ekki vera hinir sömu og áður fóru með það.“

45. Samkvæmt lögum um meðferð sakamála er unnt að endurupptaka mál við tiltekna aðstæður. Í 228. gr. laganna segir að hafi héraðsdómur gengið í sakamáli sem ekki hefur verið áfrýjað og áfrýjunarfrestur er liðinn geti endurupptökunefnd orðið við beiðni manns, sem telur sig ranglega sakfelldan eða sakfelldan fyrir meira brot en það sem hann hefur framið, um að málið verði endurupptekið í héraði að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Skilyrðin eru meðal annars að verulegir annmarkar hafi verið á meðferð máls þannig að áhrif hafi haft á niðurstöðu þess (d-liður). Ríkissaksóknari getur beiðst endurupptöku máls til hagsbóta fyrir dómfelldan aðila ef hann telur skilyrði 1. mgr. 228. gr. laganna uppfyllt. Samkvæmt 229. gr. laganna skal beiðnin vera skrifleg og henni beint til endurupptökunefndar. Í henni skal ítarlega rökstutt hvernig skilyrðum til endurupptöku teljist fullnægt. Samkvæmt 231. gr. laganna tekur endurupptökunefnd ákvörðun um hvort mál verði endurupptekið. Sé beiðni um endurupptöku tekin til greina skal fyrri dómur í málinu halda gildi sínu þar til nýr dómur hefur verið kveðinn upp í málinu. Í 232. gr.

laganna segir að endurupptökunefnd geti samþykkt beiðni um endurupptöku máls sem endanlega hefur verið dæmt í Landsrétti eða Hæstarétti og að nýr dómur verði þá kveðinn upp ef fullnægt er þeim skilyrðum sem greinir í 228. gr.

## LAGAATRÍÐI

### I. MEINT BROTT GEGN 1. MGR. 6. GR. MANNRÉTTINDASÁTTMÁLANS

46. Kærandi taldi að með dómi Hæstaréttar 31. október 2013 hefði verið brotið gegn rétti hans til réttlátrar málsmeðferðar svo sem kveðið er á í 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmálans, sem að því marki sem við á er svohljóðandi:

„1. Þegar kveða skal á um ... sök sem [maður] er borinn um refsivert brott, skal hann eiga rétt til réttlátrar ... málsmeðferðar...“

47. Ríkið mótmælti þessum málalíbúnaði.

#### A. Meðferðarhæfi

48. Að mati dómstólsins er kæra þessi ekki augljóslega illa grunduð í skilningi a-liðar 3. mgr. 35. gr. mannréttindasáttmálans. Enn fremur telur dómstóllinn að hún sé ekki ótæk til meðferðar á neinum öðrum forsendum. Hún verður því að teljast tæk til meðferðar.

#### B. Efnishlið málsins

##### 1. Sjónarmið aðila

49. Kærandi benti á að ákvörðun áfrýjunardómstóls um að hlýða ekki á framburð sakbornings verði að réttlæta og að taka verði tillit til eðlis brotsins og áhrifanna sem sakfelling hefði á líf sakbornings. Í því sambandi vísaði kærandi meðal annars til *Botten gegn Noregi*, 19. febrúar 1996, *Reports of Judgments and Decisions* 1996I. Enn fremur taldi hann að í meginreglunni um milliliðalaust mat á sönnunargögnum fælist að æðri dómstóll geti ekki sakfellt mann sem sýknaður hefur verið á neðra dómstigi nema fyrirnefndi dómstóllinn hafi hlýtt á framburð sakbornings og vitna sem síðarnefndi dómstóllinn hefði byggt á.

50. Vakti kærandi athygli á því að íslenskum lögum hefði verið breytt að þessu leyti til þess að taka mið af dómi Mannréttindadómstólsins í málinu *Sigurþór Arnarsson gegn Íslandi* (nr. 44671/98, 15. júlí 2003). Þrátt fyrir það hefði Hæstiréttur að hans mati ekki breytt framkvæmd sinni í raun.

51. Í þessu máli hefði verið brotið gegn meginreglu 6. gr. um milliliðalaust mat á sönnunargögnum þar sem Hæstiréttur hefði í dómi sínum 31. október 2013 snúið við sýknudómi yfir honum og byggt sakfellingu hans á endurmati á gildi munnlegs framburðar kæranda og vitnanna fyrir héraðsdómi án þess að hlýtt væri á framburðinn fyrir Hæstarétti. Benti hann á að í héraðsdómi hefði verið komist að þeirri niðurstöðu að framburður kæranda hefði verið trúverðugur og í samræmi við framburð vitna. Við þessar aðstæður, og einnig samkvæmt innlendum rétti, þ.e.

með skírskotun til 205. og 208. gr. laga um meðferð sakamála, hefði Hæstarétti borið að kalla hann og vitnin til skýrslugjafar áður en sýknudóminum yfir honum var snúið við.

52. Enn fremur taldi kærandi að Hæstiréttur hefði byggt sakfellingu hans á rökstuðningi og niðurstöðum sem fram komu í fyrri dómi Hæstaréttar frá 7. júní 2012 þar sem A og C hefðu verið sakfelldir. Í þeim dómi væri ekki að finna efnislega umfjöllun um ákærurnar á hendur kæranda og ekki hefði heldur verið um að ræða neinn framburð af hans hálfu eða annarra vitna við þá málsmeðferð í Hæstarétti.

53. Að hlýtt yrði á framburð hans milliliðalaust í Hæstarétti væri því mikilvægara í ljósi þeirra alvarlegu afleiðinga sem sakfellingin hafði fyrir hann. Minna má á að fyrir utan að fá á sig dóminn missti kærandi einnig vinnu sína og var hann útilokaður frá starfi á fjármálamörkuðum í tíu ár frá uppkvaðningu dómsins.

54. Ríkið taldi að ekki hefði verið um að ræða brot gegn 6. gr. mannréttinda-sáttmálans þar sem Hæstiréttur hefði ekki byggt sakfellingu sína á kæranda á endurmati á sönnunargildi framburðarins fyrir héraðsdómi og því hefði réttinum ekki verið skylt að hlýða milliliðalaust á framburð hans.

55. Benti ríkið m.a. á að réttað hefði verið tvisvar í héraðsdómi, þar sem hlýtt hefði verið á málflutning verjenda, kæranda og vitna. Munnlegur málflutningur hefði verið í Hæstarétti í báðum málum, þar sem hlýtt hefði verið á málflutning lögmanna varnaraðila og saksóknara. Samkvæmt 1. mgr. 196. gr. laga um meðferð sakamála hefði Hæstiréttur haft fulla heimild til þess að endurskoða álitamál varðandi málsatvik og réttarreglur, þar með talið sönnunargildi annarra gagna en munnlegs framburðar fyrir héraðsdómi.

56. Benti ríkið einnig á að samkvæmt fordæmum mannréttindadómstólsins, þegar áfrýjunardómstóll hefur fulla heimild til þess að fjalla bæði um lagaleg atriði og málsatvik, væri ekki ætíð krafist opins réttarhalds samkvæmt 1. mgr. 6. gr. eða ef slíkt réttarhald fer fram, þá réttar til viðurvistar, jafnvel þótt áfrýjunardómstóll geti snúið við sýknudómi. Þannig uppfyllti skipulag réttarkerfisins á Íslandi kröfur 6. gr. mannréttindasáttmálans.

57. Enn fremur hefði Hæstiréttur sérstaklega bent á í þessu máli að hann gæti ekki endurmetið og hefði ekki endurmetið gildi framburðar kæranda fyrir héraðsdómi að því er varðar að kæranda hefði ekki verið kunnugt hvernig X hefði staðið að láninu til Y. Hæstiréttur tók hins vegar fram að þegar héraðsdómur hefði sýknað kæranda hefði rétturinn ekki lagt mat á önnur brot A og C sem kæranda var gefin að sök hlutdeild í. Af þeim sökum væri ekkert því til fyrirstöðu að Hæstiréttur legði mat á sönnunargögn varðandi þessi brot, hvort sem um væri að ræða skjöl eða endurrit skýrslna sem fyrir réttinum lægju. Með vísan til 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga benti Hæstiréttur á að þegar ákvarðaður væri ásetningur um hlutdeild væri ekki skilyrði að viðkomandi hefði haft fulla vitneskju um hvernig brotið yrði útfært. Vitneskja kæranda um aðra þætti en hvernig staðið var að veitingu lánsins til frá X til Y gat því leitt til þeirrar niðurstöðu að honum hafi ekki getað dulist, í ljósi aðdraganda lánveitingarinnar og allra aðstæðna, að hún væri ólögmat.

Samkvæmt því benti ríkið á að að því marki sem Hæstiréttur hefði lagt eigið mat á málsatvik hefði rétturinn fyrst og fremst byggt á skriflegum sönnunargögnum eða haldið sig við framburð vitna varðandi óumdeildar staðreyndir og hefði Hæstiréttur einungis vikið frá niðurstöðum héraðsdóms varðandi lagaleg álitaefni en ekki frá mati héraðsdóms á sönnunargildi framburðar.

58. Ríkið taldi einnig að kærandi hefði ekki skýrt á hvern hátt það hefði verið gagnlegt fyrir vörn hans að hlýtt yrði á framburð hans í Hæstarétti. Hann hefði ekki fjallað um gögnin sem sakfelling hans byggði á né heldur hvernig framburður hans hefði getað orðið til þess að Hæstiréttur kæmist að annarri niðurstöðu í máli hans.

59. Enn fremur, að því er varðar þá röksemdafærslu kæranda að dómur Hæstaréttar hefði byggt að verulegu leyti á dómi réttarins yfir A og C, benti ríkið á að kærandi hefði verið aðili að þeim málum og engar hindranir hefðu staðið í vegi fyrir að hann tæki til varna. Ríkið var ósammála þeim skilningi kæranda að Hæstiréttur hefði byggt sakfellingardóm sinn á niðurstöðunum í dómi Hæstaréttar frá 7. júní 2012.

60. Að lokum, þegar dómurinn var kveðinn upp yfir kæranda lét Hæstiréttur hann njóta vafans varðandi alvarleika ásetnings hans, sem samkvæmt 249. gr. almennra hegningarlaga hefur áhrif á hámarksrefsinguna sem hægt hefði verið að leggja á. Þannig tók Hæstiréttur fram að þar sem ganga yrði út frá því að kæranda hefði ekki verið kunnugt um hvernig staðið var að lánveitingunni til Y af hálfu X teldi Hæstiréttur einungis sannað að ásetningur hans sem hlutdeildarmanns hefði náð til háttsemi sem varðaði fangelsi allt að 2 árum.

## 2. Álit dómstólsins

### (a) Meginreglurnar

61. Dómstóllinn ítrekar að þótt 6. gr. mannréttindasáttmálans tryggi rétt til réttlátrar málsmeðferðar eru þar ekki settar fram neinar sérstakar reglur um hvort sönnunargögn séu tæk eða hvernig skuli meta þau, og því heyrja þau atriði fyrst og fremst undir innlenda löggjöf og dómstóla (sjá, meðal annarra heimilda, *García Ruiz gegn Spáni* [GC], nr. 30544/96, 28. mgr., 21. janúar 1999, *Kashlev gegn Eistlandi*, nr. 22574/08, 40. mgr., 26. apríl 2016, og *Lazu gegn Moldóvu*, nr. 46182/08, 34. mgr., 5. júlí 2016). Það kemur ekki í hlut dómstólsins að fjalla um staðreyndavillur eða lögvillur sem innlendir dómstóll er sakaður um nema að því leyti og að því marki sem þær kunna að hafa leitt til brots gegn réttindum og frelsi sem verndar njóta samkvæmt mannréttindasáttmálanum. Við ákvörðun á því hvort málsmeðferð hafi verið sanngjörn setur dómstóllinn sig ekki í hlutverk áfrýjunardómstóls á fjórða stigi sem sker úr um hvort sönnunargagna hafi verið aflað með ólögætum hætti samkvæmt landslögum, hvort þau séu tæk fyrir rétti eða um sök kæranda. Samkvæmt nálægðarreglunni heyrja þessi atriði undir hina innlendu dómstóla. Ekki er videigandi fyrir dómstólinn að skera úr um hvort sönnunargögn sem fyrir lágu hafi nægt til sakfellingar kæranda og þannig setja eigið mat á málsatvikum og sönnunargögnum í stað mats hinna innlendu dómstóla. Eina úrlausnarefni dómstólsins er að meta hvort málsmeðferðin hafi farið fram með sanngjörnum

hætti og hvort hún hafi í tilteknu máli samrýmst mannréttindasáttmálanum og taka jafnframt mið af sérstökum aðstæðum, eðli og flækjustigi málsins (*Murtazaliyeva gegn Rússlandi* [GC], nr. 36658/05, 149. mgr., 18. desember 2018).

62. Að því er varðar umfang þessa máls veitir dómstóllinn því athygli í upphafi að kærandinn kvartaði undan því, með vísan til hins almenna réttar til réttlátrar málsmeðferðar samkvæmt 1 mgr. 6. gr. mannréttindasáttmálans, að Hæstiréttur hefði endurmetið hinn munnlega framburð án þess að hlýða á kærandann í eigin persónu eða vitnin. Að því er varðar hið síðarnefnda var í engu vísað til réttarins til þess að spyrja eða láta spyrja vitni samkvæmt d-lið 3. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmálans. Ríkið byggði röksemdafærslu sína einnig alfarið á 1. mgr. 6. gr. Dómstóllinn sér ekki ástæðu til þess að fjalla um neinn hluta kærunnar samkvæmt d-lið 3. mgr. 6. gr. að eigin frumkvæði, þar sem kæran varðar ekki rétt til þess að leiða vitni „á sama hátt“ og ákærvaldið, heldur hinn almenna rétt til sanngjarnrar málsmeðferðar samkvæmt 1. mgr. 6. gr. Því telur dómstóllinn að fjalla megi um kærunna með viðhlítandi hætti samkvæmt því ákvæði (sjá *Sigurþór Arnarsson gegn Íslandi*, sem vísað er til hér að framan, 29. mgr.).

63. Dómstóllinn ítrekar að beiting 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmálans um málsmeðferð eftir áfrýjun, þar með talið til æstu dómstóla, veltur á séreinkennum þeirrar málsmeðferðar sem um ræðir; taka verður mið af málsmeðferðarkerfinu í heild sinni í réttarkerfi viðkomandi lands og þess hlutverks sem viðkomandi dómstóll gegnir í því sambengi (sjá m.a. *Botten gegn Noregi*, sem vísað er til hér að framan, 39. gr., *Sigurþór Arnarsson gegn Íslandi*, sem vísað er til hér að framan, 30. mgr., og *Lazu gegn Moldóvu*, sem vísað er til hér að framan, 33. mgr.). Málsmeðferð varðandi áfrýjunarleyfi og málsmeðferð sem varðar aðeins lagaatriði en ekki málsatvik kann að uppfylla kröfur 1. mgr. 6. gr., enda þótt áfrýjanda hafi ekki verið veitt færi á að veita áfrýjunardómstólnum munnlega skýrslu.

64. Enn fremur, jafnvel þótt áfrýjunardómstóll hafi heimild til þess að fjalla bæði um lagaatriði og málsatvik er ekki í 1. mgr. 6. gr. mælt fyrir um skilyrðislausan rétt til munnlegs málflutnings, eða, ef munnlegur málflutningur er haldinn, um rétt aðila til að vera sjálfur viðstaddur og ávarpa réttinn milliliðalaust (sjá m.a. *Botten gegn Noregi*, sem vísað er til hér að framan, 39. mgr., og *Sigurþór Arnarsson gegn Íslandi*, sem vísað er til hér að framan, 30. mgr.). Þá kann sakborningur einnig með skýlausum hætti að hafa afsalað sér réttinum til þátttöku í áfrýjunarmálinu (sjá m.a. *Kashlev gegn Eistlandi*, nr. 22574/08, 51. mgr., 26. apríl 2016). Á hinn bóginn hefur dómstóllinn talið að þegar áfrýjunardómstóli er falið að fjalla um mál út frá málsatvikum og lagalegum atriðum og ráðast í heildarmat á álitaefninu um sekt eða sýknu kæranda geti sá dómstóll ekki með hliðsjón af réttlátri málsmeðferð með tilhlýðilegum hætti kveðið upp úr um þau atriði án þess að ráðast í milliliðalaust mat á framburði ákærða sjálfs – haldi hann því fram að hann hafi ekki framið þann verknað sem talinn hefur verið refsivert brot (sjá *Constantinescu gegn Rúmeníu*, nr. 28871/95, 27. júní 2000, með tilvísun til *Ekbatani gegn Svíþjóð*, 26. maí 1988, 32. mgr., Series A nr. 134; sjá einnig *Dondarini gegn San Marínó*, nr. 50545/99, 27. mgr., 6. júlí 2004). Að þessu leyti eru náin tengsl við þekkta dómaframkvæmd



dómstólsins á þá leið að þegar skorið er úr um sakargift ætti sakborningur að öllu jöfnu að fá áheyrn fyrir dómstólnum sem sakfellir hann (sjá m.a. *Sándor Lajos Kiss gegn Ungverjalandi* nr. 26958/05, 22. mgr., 29. september 2009).

65. Það er rétt, sem ríkið leggur áherslu á, að dómstóllinn hefur talið að sú staðreynd að áfrýjunardómstóll hafi til þess vald að ómerkja sýknudóm dómstóls á lægra stigi án þess að kalla til sakborninginn og án þess að hlýða á framburð hans eða vitna milliliðalaust brjóti ekki í sjálfu sér, og án þess að annað komi til, gegn þeim rétti sem tryggður er samkvæmt 1. mgr. 6. gr. (sjá *Botten gegn Noregi*, sem vísað er til hér að framan, 48. mgr.).

66. Á hinn bóginn má einnig ráða af dómaframkvæmd dómstólsins, sbr. hina almennu nálgun dómstólsins, sem þegar hefur verið lýst (sjá 64. mgr. hér að framan), að ef áfrýjunardómstóll hefur til þess heimild að endurskoða atriði varðandi málsatvik, annað hvort að því er varðar spurningu um sekt eða refsingu, eða hvort tveggja, kann rétturinn til réttlátrar málsmeðferðar samkvæmt 1. mgr. 6. gr., eftir aðstæðum í málinu, að girða fyrir að áfrýjunardómstóllinn geti sakfellt sakborning sem þegar hefur verið sýknaður á lægra dómstigi. Þegar tekið er mið af því hvað er í húfi fyrir sakborninginn ætti spurningin í heild að vera sú hvort áfrýjunardómstóllinn geti „þannig að málsmeðferð verði réttlát rannsakað með tilhlýðilegum hætti þau málefni sem skera þarf úr um án beins mats á framburði“ sakbornings eða vitnis í eigin persónu (sjá *Botten gegn Noregi*, sem vísað er til hér að framan, 52. mgr.).

67. Enn fremur er í dómaframkvæmd dómstólsins um þetta atriði, þegar litið er á framkvæmdina í heild og samhengi, gerður greinamunur annars vegar á aðstæðum þar sem áfrýjunardómstóll, sem sneri við sýknudómi án þess að hlýða sjálfur á hinn munnlega framburð sem sýknudómurinn byggðist á, hafði ekki einvörðungu heimild til þess að rannsaka málsatvik og lagaatriði heldur réðist beinlínis í nýja rannsókn á atvikum, og svo hins vegar aðstæðum þar sem áfrýjunardómstóllinn var einungis ósammála dómstólnum á lægra stigi varðandi skýringu laga og/eða gildi þeirra varðandi þær staðreyndir sem fyrir lágu, jafnvel þótt hann hefði einnig haft lögsögu varðandi málsatvik. Til að mynda í málinu *Igual Coll gegn Spáni*, nr. 37496/04, 36. mgr., 10. mars 2008, taldi dómstóllinn að áfrýjunardómstóllinn hefði ekki einungis sett fram aðra lögskýringu eða beitingu lagareglna um málsatvik sem slegið hafði verið föstum á fyrsta dómstigi, heldur ráðist í nýtt mat á málsatvikum út fyrir hrein lagaleg atriði (sjá einnig *Spínu gegn Rúmeníu*, nr. 32030/02, 55.-59. mgr., 29. apríl 2008, *Andreescu gegn Rúmeníu*, nr. 19452/02, 65.-70. mgr., 8. júní 2010, *Almenara Alvarez gegn Spáni*, nr. 16096/08, 25. október 2011). Með sama hætti, í *Marcos Barrios gegn Spáni*, nr. 17122/07, 40.-41. mgr., 21. september 2010, taldi dómstóllinn að áfrýjunardómstóllinn hefði tjáð sig um álitamál varðandi málsatvik, það er að segja trúverðugleika vitnis, og þannig breytt þeim málsatvikum sem slegið hafði verið föstum á fyrsta dómstigi og tekið nýja afstöðu varðandi staðreyndir sem réðu úrslitum um ákvörðun um sekt kæranda (sjá einnig *García Hernández gegn Spáni*, nr. 15256/07, 33.34. mgr., 16. nóvember 2010).

68. Aftur á móti, í málinu *Bazo González gegn Spáni*, nr. 30643/04, 16.



desember 2008, taldi dómstóllinn að ekki hefði verið brotið gegn 1. mgr. 6. gr. á þeim forsendum að þeir þættir sem áfrýjunardómstóllinn þurfti að greina til þess að sakfella kæranda hefðu fyrst og fremst verið af lagalegum toga og í dómi hans hefði verið sérstaklega tekið fram að það væri ekki hlutverk hans að ráðast í nýtt mat á sönnunargögnum; þess í stað hefði hann einungis beitt annarri lögskýringu en dómstóllinn á neðra stiginu (sjá aftur á móti *Sigurþór Arnarsson gegn Íslandi*, sem vísað er til hér að framan, 34. mgr., og *Mihaiu gegn Rúmeníu*, nr. 43512/02, 38. mgr., 4. nóvember 2008, þar sem dómstóllinn lagði áherslu á að álitaefnin hefðu aðallega varðað málsatvik). Sambærileg niðurstaða fékkst í *Keskinen og Veljekset Keskinen Oy gegn Finnlandi*, nr. 34721/09, 5. júní 2012. Aftur á móti, eins og dómstóllinn skýrði í *Suuripää gegn Finnlandi*, nr. 43151/02, 44. mgr., 12. janúar 2010, verður á þessu stigi að taka með í reikninginn að „málsatvikin og lögskýringin kunna að vera samtvinnuð að því marki að erfitt sé að skilja þar á milli.“

69. Loks, ef beint mat á sönnunargögnum er talið nauðsynlegt af þeim ástæðum sem greinir hér að framan, er áfrýjunardómstólnum skylt að grípa til virkra ráðstafana í því skyni, hvað sem því líður að kærandi hafi ekki mætt til dómþingsins, farið fram á að ávarpa dóminn eða mótmælt því, með milligöngu verjanda síns, að nýr dómur yrði kveðinn upp (sjá *Botten gegn Noregi*, sem vísað er til hér að framan, 53. mgr., og *Sigurþór Arnarsson gegn Íslandi*, sem vísað er til hér að framan, 38. mgr.). Að öðrum kosti verður áfrýjunardómstóll að láta við sitja að ómerkja sýknu dómstólsins á neðra stigi og vísa málinu aftur til nýrrar málsmeðferðar.

### (b) Beiting þessara meginreglna í fyrirliggjandi máli

70. Í þessu máli veitir dómstóllinn því athygli að kærandi var sýknaður af héraðsdómi eftir fullt réttarhald þar sem aðilar höfðu málsforræði og þar sem skýrslur voru teknar, þar með talið munnlegar skýrslur kæranda og vitna. Um sanngirnir þeirrar málsmeðferðar er ekki deilt.

71. Ákærvaldið áfrýjaði sýknudómi yfir kæranda til Hæstaréttar, sem boðaði til dómþings þar sem verjendur kæranda fluttu málið munnlega. Meðal málgagna fyrir Hæstarétti voru endurrit munnlegs málflutnings fyrir héraðsdómi og öll skjöl sem lögð voru fram í málsmeðferðinni í síðarnefnda réttinum. Þá lá fyrir hjá Hæstarétti dómur hans frá 7. júní 2012, þar sem A og C voru sakfelldir.

72. Hæstiréttur hafði fulla lögsögu til þess að rannsaka álitaefni um málsatvik, svo og lagaatriði, þar með talið sönnunargildi skriflegra sönnunargagna; á hinn bóginn mátti hann ekki endurmeta munnlegan framburð fyrir héraðsdómi án þess að hlýða á hann aftur. Án þess að hlýða aftur á hinn munnlega framburð sakfelldi Hæstiréttur kæranda fyrir hlutdeild í umboðssvikum A og C. Spurningin sem liggur fyrir dómstólnum er þess vegna hvort Hæstiréttur gat við þessar aðstæður, ef málsmeðferðin átti að vera réttlát, rannsakað álitaefnin með tilhlýðilegum hætti án þess að meta með beinum hætti þann framburð sem kærandi og vitni höfðu veitt í eigin persónu.

73. Dómstóllinn veitir því eftirtekt að héraðsdómur sýknaði kæranda á þeim

forsendum að honum hefði ekki verið kunnugt um það hvernig staðið hefði verið að málum hjá X varðandi lánveitinguna til Y. Ekki hefði heldur verið sannað að mati héraðsdóms að kæranda – miðað við þær staðreyndir sem honum voru kunnar – hefði mátt vera ljóst að meðákærðu höfðu veitt lánið með ólögætum hætti (sjá 36. mgr. hér að framan).

74. Í dómi sínum endurmat Hæstiréttur ekki sérstaklega niðurstöður héraðsdóms varðandi það hvort kærandi hefði í raun vitað hvernig umrædd lán hefðu verið afgreidd. Samkvæmt túlkun Hæstaréttar á 1. mgr. 22. gr., sbr. 249. gr. hegningarlaga var það ekki talið skilyrði fyrir sakfellingu manns fyrir hlutdeild í umboðssvikum að hann hefði raunverulega vitneskju um útfærslu svikanna í smáatriðum. Í máli kæranda var nægilegt samkvæmt niðurstöðu Hæstaréttar að aðrir þættir, sem kæranda voru ljósir með hliðsjón af menntun hans og þekkingu á fjármálastofnunum og hinum almennu aðstæðum sem uppi voru á viðkomandi tíma, voru þess eðlis að ekki hefði getað farið fram hjá kæranda að viðskiptin sem um ræddi væru í andstöðu við lög og honum „hafi ekki getað dulist, í ljósi aðdraganda lánveitingarinnar og allra aðstæðna, að hún hafi verið ólögæt“. Enn fremur, þar sem héraðsdómur hefði ekki í niðurstöðum sínum lagt neitt mat á gildi vitnisburðar fyrir réttinum varðandi slíka „aðra þætti“ væri að áliti Hæstaréttar ekkert sem stæði í vegi fyrir því að rétturinn tæki mið af þeim vitnisburði við úrlausn málsins, svo lengi sem hann tæki mið af staðreyndum öðrum en þeim sem lutu að því hvernig lánveitingin var útfærð af hálfu X. Á þeim grundvelli var það niðurstaða Hæstaréttar að það væri „hafið yfir skynsamlegan vafa“ að kærandi hefði ekki síður tekið þátt í því en A og C „að leggja á ráðin um hvernig standa skyldi að lánveitingunni“ frá X til Y, og einnig að honum „hafi ekki getað dulist“ að lánið „hafi verið ólögæt“ (sjá 41. mgr. hér að framan).

75. Taldi ríkið að að því marki sem Hæstiréttur hefði lagt eigið mat á málsatvik hefði rétturinn fyrst og fremst byggt á skriflegum sönnunargögnum eða haldið sig við framburð vitna varðandi óumdeildar staðreyndir og hefði Hæstiréttur því einungis vikið frá niðurstöðum héraðsdóms varðandi lagaleg álitaefni en ekki frá mati héraðsdóms á sönnunargildi framburðar.

76. Dómstóllinn fellst ekki á röksemdafærslu ríkisins af eftirfarandi ástæðum.

77. Það er rétt að í lagalegum skilningi má greina mat á því hvort einhverjum „geti ekki hafa dulist“ vegna þekkingar sinnar á öðrum þáttum að lán hafi verið veitt með ólögætum hætti frá mati á því hvort viðkomandi hafi í raun verið kunnugt um það hvernig staðið hefði verið að lánveitingunni. Dómstóllinn fellst þannig á að þótt greinarmunurinn kunni að vera óglöggur var að meginreglu til mögulegt fyrir Hæstarétt að komast að niðurstöðu sinni án þess að draga í efa mat héraðsdóms á framburði kæranda að þessu leyti fyrir héraðsdómi að því er varðar þetta tiltekna atriði.

78. En þegar Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að kæranda „hafi ekki getað dulist“ að lánið hefði verið veitt með ólögætum hætti tók rétturinn nokkuð víðtækari afstöðu en héraðsdómur til þess hvaða þættir skiptu máli fyrir matið frá lagalegu sjónarhorni. Enn fremur leiddi þessi víðtækari nálgun til þess að Hæstiréttur

byggði sakfellingu sína á kæranda á breiðari staðreyndagrundi en héraðsdómur hafði gert í sínum dómi. Jafnvel þótt ágreiningur Hæstaréttar við héraðsdóm væri þannig í upphafi alfarið lagalegs eðlis, hafði framkvæmd Hæstaréttar óhjákvæmilega í för með sér að rétturinn yrði að leggja nýtt og víðtækara mat á staðreyndir málsins. Ráða má af dómi Hæstaréttar að rétturinn byggði þetta nýja mat á gögnum málsins, þar með talið endurritum af framburði kæranda og vitna fyrir héraðsdómi út yfir það sem fram kom í dómi héraðsdóms (sjá 41. mgr. hér að framan).

79. Eins og ríkið benti á byggði Hæstiréttur að verulegu leyti á málsatvikum sem ekki var deilt um sem slík og sem fram komu í hinum skriflegu gögnum. Að þessu leyti fellst dómstóllinn á það með ríkinu að mál kæranda megi greina frá málinu *Sigurþór Arnarsson gegn Íslandi* (sem vísað er til hér að framan). En þótt undirliggjandi staðreyndir væru hvorki sérlega flóknar né umdeildar sem slíkar var málið fyrir Hæstarétti á sinn hátt flókið. Þá var álítaefnið sem fyrir Hæstarétti lá að skera úr um hvort kæranda – út frá því sem hann hafði vitneskju um á viðkomandi tíma og því sem hann gat ráðið í og bjó yfir hæfni til að skilja – „gat ekki dulist“ að lánveitingin væri ólögmat. Þar komu augljóslega mjög við sögu huglægir þættir. Dómstóllinn hlýtur að gera ráð fyrir því að í slíkum málum kynnu skynjun og viðhorf kæranda og þeirra sem beina aðkomu áttu að málinu, og þar með framburður þeirra, að hafa vægi (sbr. *Botten gegn Noregi*, sem vísað er til hér að framan, 49. mgr., og *Suuripää gegn Finnlandi*, sem vísað er til hér að framan, 44. mgr.).

80. Að auki horfir dómstóllinn til þeirrar staðreyndar að Hæstiréttur dæmdi kæranda til eins árs fangelsisvistar án þess einu sinni að geta stuðst við fyrra mat á viðurlögum á neðra dómstigi, þar sem hlýtt hafði verið milliliðalaust á kæranda (sjá m.a. *Botten gegn Noregi*, sem vísað er til hér að framan, 50. mgr., *Sigurþór Arnarsson gegn Íslandi*, sem vísað er til hér að framan, 35. mgr., og *Zahirović gegn Króatíu*, nr. 58590/11, 57. mgr., 25. apríl 2013).

81. Kærandi stóð frammi fyrir alvarlegum ákærum. Hann átti yfir höfði sér tiltölulega þunga refsingu. Enn fremur, þegar litið er til eðlis brotsins sem um ræðir, sér dómstóllinn ekki ástæðu til að efast um að niðurstaða málsins gat skaðað starfsferil kæranda. Raunin varð enda sú að sakfellingin og refsingin urðu til þess að kæranda var vikið úr starfi (sjá 42. mgr. hér að framan).

82. Enn fremur, þótt Hæstarétti bæri ekki formleg skylda með vísan til 196., 205., eða 208. gr. laga um meðferð sakamála til þess að boða kæranda til skýrslugjafar áður en sýknu hans yrði snúið við telur dómstóllinn í ljósi aðstæðna í þessu máli að kærandi hafi af sanngirnri mátt gera ráð fyrir að hann eða önnur vitni yrðu kölluð fyrir réttinn til skýrslugjafar ef rétturinn hefði í huga að snúa við sýknudómi héraðsdóms og sakfella hann samkvæmt ákærunni.

83. Þegar litið er til málsmeðferðarinnar í heild fyrir hinum íslensku dómstólum, til hlutverks Hæstaréttar á þeim tíma sem um ræðir og til eðlis þeirra álítaefna sem dæma átti um telur dómstóllinn að engum sérstökum atriðum hafi verið til að dreifa á málinu er réttlættu að Hæstiréttur létti undir höfuð leggjast að kalla til kæranda og vitni, sem máli skiptu, til þess að hlýða milliliðalaust á framburð þeirra

## Dómar og ákvarðanir í málum gegn Íslandi

áður en dómur yrði kveðinn upp samkvæmt 196. gr. sakamála laga. Af framkvæmd dómstólsins leiðir að engu breytir um þessa niðurstöðu sú staðreynd að Hæstiréttur hafði aðgang að endurritum af hinum munnlega framburði í máli kæranda fyrir héraðsdómi (sjá *Sigurþór Arnarsson gegn Íslandi*, sem vísað er til hér að framan, 36. mgr.).

84. Samkvæmt framangreindu er það niðurstaða dómstólsins að brotið hafi verið gegn 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmálans.

## II. MEINT BROT GEGN 1 MGR. 2. GR. 7. SAMNINGSVIÐAUKA VIÐ MANNRÉTTINDASÁTTMÁLANN

85. Kærandi taldi að brotið hefði verið gegn rétti hans til áfrýjunar, sem færi gegn 2. mgr. 7. samningsviðauka við mannréttindasáttmálann, sem hljóðar svo:

„1. Sérhver sá, sem dómstóll finnur sekan um afbrot, skal hafa rétt til að láta æðri dóm fjalla á ný um sakfellinguna eða refsinguna. Um beitingu þessa réttar skal gilda löggjöf, þar á meðal um tilefni þess að beita megi.

2. Réttur þessi getur verið háður undantekningum þegar um er að ræða minni háttar brot, eftir því sem fyrir er mælt í lögum, eða þegar fjallað var um mál viðkomandi manns á frumstigi af æðsta dómi, eða hann var sakfelldur eftir áfrýjun á sýknudómi.“

86. Kærandi taldi að brotið hefði verið gegn málskotsrétti hans þar sem Hæstiréttur hefði í dómi sínum 31. október 2013 byggt sakfellingu hans á röksemdum og niðurstöðum sem fram hefðu verið settar í dómi Hæstaréttar 7. júní 2012 gegn A og C. Þær röksemdir hefðu ekki verið liður í máli hans fyrir héraðsdómi í síðara málinu og honum hefði ekki gefist færi á að halda uppi vörnum gegn þeim. Þá hefði Hæstiréttur látið undir höfuð leggjast að hlýða á hann og vitni.

87. Ríkið var ósammála þeim skilningi kæranda á dómi Hæstaréttar frá 31. október 2013 að rétturinn hefði byggt niðurstöður sínar á dómi Hæstaréttar frá 7. júní 2012. Í fyrri dóminum hefði Hæstiréttur lagt sjálfstætt mat á sönnunargögnin. Einnig vísaði ríkið til undanþáguákvæðisins í 2. mgr. 2. gr. 7. samningsviðaukans við mannréttindasáttmálann.

88. Dómstóllinn vísar til orðalags 2. mgr. 2. gr. 7. samningsviðauka, þar sem berum orðum er fallist á að málskotsréttur sé takmarkaður „þegar fjallað var um mál viðkomandi manns á frumstigi af æðsta dómi, eða hann var sakfelldur eftir áfrýjun á sýknudómi.“ Af þessu leiðir að sú staðreynd að enginn möguleiki var til áfrýjunar á sakfellingardómi Hæstaréttar og ákvörðun refsingar kæranda vekur ekki ein og sér neitt álitaefni að því er varðar mannréttindasáttmálann (sjá t.d. *Kashlev gegn Eistlandi*, sem vísað er til hér að framan, 52. mgr.). Enn fremur, að því leyti sem kærandi vísar til sanngirni málsmeðferðarinnar fyrir Hæstarétti, sem lauk með dómi 31. október 2013, vekur það atriði ekki sérstakt álitaefni samkvæmt 2. mgr. 2. gr. 7. samningsviðauka.

89. Af því leiðir að kæra þessi er augljóslega illa grunduð í skilningi a-liðar 3. mgr. 35. gr. mannréttindasáttmálans.

### III. BEITING 41. GR. MANNRÉTTINDASÁTTMÁLANS

90. 41. gr. mannréttindasáttmálans er svohljóðandi:

„Dómurinn skal ef nauðsyn krefur veita sanngjarnar bætur til þess aðila sem orðið hefur fyrir tjóni ef hann kemst að þeirri niðurstöðu að um brot á samningnum eða sanningsviðaukum við hann hafi verið að ræða og ef löggjöf viðkomandi sanningsaðila heimilar aðeins að veittar séu bætur að hluta.“

#### A. Bætur

91. Kærandi krafðist 40.000 evra (EUR) í miskabætur.

92. Ríkið taldi kröfuna um miskabætur óhóflega.

93. Með hliðsjón af sérstökum málavöxtum þessa máls telur dómstóllinn að því er varðar miskabætur að niðurstaða um brot gegn 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmálans teljist ein og sér sanngjarnar bætur. Dómstóllinn getur þess enn fremur að það kemur í hlut ríkisins að velja, undir eftirliti ráðherranefndarinnar, hinar almennu og/eða, eftir atvikum, sértæku ráðstafanir sem gripið verður til í íslenskum rétti í því skyni að binda enda á brotið eða brotin sem dómstóllinn komst að niðurstöðu um og bæta úr afleiðingunum eftir því sem unnt er. Í þessu sambandi bendir dómstóllinn á að í 228. og 232. gr. laga um meðferð sakamála er kveðið svo á að endurupptökunefnd geti að uppfylltum tilteknum skilyrðum mælt fyrir um endurupptöku sakamáls sem endanlega hefur verið dæmt í Landsrétti eða Hæstarétti (sjá, að breyttu breytanda, *Ibrahim o.fl. gegn Bretlandi* [GC], nr. 50541/08, 50571/08, 50573/08 og 40351/09, 315. mgr., 30. september 2016, og *Ramos Nunes de Carvalho E Sá gegn Portúgal* [GC], nr. 55391/13, 57728/13 og 74041/13, 222. mgr., 6. nóvember 2018). Í þessu sambandi leggur dómstóllinn áherslu á mikilvægi þess að tryggja að fyrir hendi séu innlend úrræði til endurupptöku máls í ljósi niðurstöðu um að brotið hafi verið gegn 6. gr. mannréttindasáttmálans. Eins og dómstóllinn hefur áður lagt áherslu á má líta á slík úrræði sem mikilvægan þátt í fullnustu dóma dómstólsins og tilvist þeirra er til marks um skuldbindingu sanningsríkis gagnvart mannréttindasáttmálanum og dómafordæmum Mannréttindadómstólsins (*Moreira Ferreira gegn Portúgal* (nr. 2) [GC], nr. 19867/12, 99. mgr., 11. júlí 2017).

#### B. Kostnaður og útgjöld

94. Kærandi krafðist einnig 29.900 evra (3.858.508 kr.) vegna kostnaðar og útgjalda sem til stofnaðist fyrir íslensku dómstólunum og 27.600 evra (3.572.499 kr.) vegna kostnaðar og útgjalda fyrir Mannréttindadómstólnum. Framantaldar fjárhæðir eru að meðtöldum virðisaukaskatti.

95. Ríkið andmælti ekki kostnaðinum sem til stofnaðist við málareksturinn á Íslandi en taldi fjárhæð kostnaðarins fyrir Mannréttindadómstólsins óhóflega.

96. Samkvæmt framkvæmd dómstólsins á kærandi aðeins rétt á endurgreiðslu kostnaðar og útgjalda að því marki sem sýnt þykir að til þeirra hafi í raun og óhjákvæmilega verið stofnað og að fjárhæð þeirra sé hæfileg. Í þessu máli, þegar höfð er hliðsjón af því að til kostnaðarins við innlenda málareksturinn var ekki stofnað í því skyni að koma í veg fyrir eða bæta fyrir brotið sem talið er að hafi átt

## Dómar og ákvarðanir í málum gegn Íslandi

sér stað á dómstigi Hæstaréttar, vísar dómstóllinn frá kröfunni varðandi kostnað við hina innlendu málsmeðferð. Á hinn bóginn er talið sanngjarnt að dæma kæranda 7.500 evrur vegna kostnaðar af málsmeðferðinni fyrir Mannréttindadómstólnum (sjá m.a. *Egill Einarsson gegn Íslandi*, nr. 24703/15, 60. mgr., 7. nóvember 2017).

### C. Dráttarvextir

97. Dómstóllinn telur við hæfi að dráttarvextir skuli byggðir á almennum útlánsvöxtum Seðlabanka Evrópu (e. marginal lending rate) með þriggja hundraðshluta álagi.

### AF ÞESSUM SÖKUM HEFUR DÓMSTÓLLINN KOMIST AÐ ÞEIRRI EINRÓMA NIÐURSTÖÐU

1. að kærán skv. 1. mgr. 6. gr. sé tæk til meðferðar en að aðrir kæruliðir séu ótækir til meðferðar,
2. að brotið hafi verið gegn 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmálans,
3. að niðurstaða um brot teljist ein og sér fullnægjandi sanngjarnar bætur fyrir þann miska sem kærandi varð fyrir.
4. Því er dæmt:
  - a) að ríkið skuli greiða kæranda, innan þriggja mánaða frá því að dómurinn verður endanlegur samkvæmt 2. mgr. 44. gr. mannréttindasáttmálans, 7.500 evrur (sjö þúsund og fimm hundruð evrur), auk hvers kyns skatta sem kunna að leggjast á kæranda, vegna kostnaðar og útgjalda, sem umreiknist í mynt hins kærða ríkis á því gengi sem gildir á greiðsludegi,
  - b) að frá þeim tíma sem áðurnefndir þrír mánuðir eru liðnir og fram að uppgjöri skuli einfaldir vextir leggjast á fyrrgreinda fjárhæð sem svara til almennra útlánsvaxta Seðlabanka Evrópu meðan á vanskilum stendur, með þriggja hundraðshluta álagi,
5. *samhljóða að vísa frá viðbótarkröfum kæranda um sanngjarnar bætur.*

Gert á ensku og tilkynnt skriflega hinn 16. júlí 2019 í samræmi við 2. og 3. mgr. 77. gr. reglna dómstólsins.


Stanley Naismith  
Ritari

Marko Bošnjak  
Forseti

---

**Dómar og ákvarðanir í málum gegn Íslandi**

---



EUROPEAN COURT OF HUMAN RIGHTS  
COUR EUROPÉENNE DES DROITS DE L'HOMME

**ÖNNUR AÐALDEILD**  
**JÚLÍUS ÞÓR SIGURÞÓRSSON GEGN ÍSLANDI**  
*(Kæra nr. 38797/17)*

DÓMUR

STRASBORG

16. júlí 2019

**ENDANLEG ÚTGÁFA**  
**16.10.2019**

*Dómur þessi er endanlegur samkvæmt 2. mgr. 44. gr. mannréttindasáttmálans.  
Texti hans kann að sæta ritstjórnarbreytingum.*

## Í málinu Júlíus Þór Sigurbórsson gegn Íslandi

kveður Mannréttindadómstóll Evrópu (önnur aðaldeild), sem situr í deild skipaðri:

Marko Bošnjak, *forseta*,

Robert Spano,

Julia Laffranque,

Valeriu Gritco,

Egidijus Kūris,

Ivana Jelić,

Arnfinn Bårdsen, dómurum,

og Stanley Naismith, *deildarritara*,

eftir að hafa fjallað um málið á lokuðum fundi hinn 11. júní 2019,

upp eftirfarandi dóm, sem var samþykktur þann dag er síðast greinir:

### MÁLSMEDFERÐ

1. Mál þetta á upphaf sitt í kæru (nr. 38797/17), sem Júlíus Þór Sigurbórsson („kærandi“), sem er íslenskur ríkisborgari, lagði fram gegn Íslandi með vísan til 34. gr. samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis („mannréttindasáttmálinn“) hinn 26. maí 2017.

2. Í fyrirsvari fyrir kæranda var Bragi Björnsson, lögmaður í Reykjavík. Í fyrirsvari fyrir ríkisstjórn Íslands („ríkið“) var Einar Karl Hallvarðsson, ríkislögmaður, sem umboðsmaður þess.

3. Sér í lagi kvartaði kærandi undan því að eftir að hann hefði verið sýknaður af refsiveru broti á fyrsta dómstigi hefði hann verið sakfelldur af Hæstarétti án þess að rétturinn hefði hlýtt að nýju á munnlegan framburð sakborninga og vitna sem sýknun hans hefði grundvallast á. Byggði hann á 1. mgr. 6 gr. mannréttindasáttmálans.

4. Hinn 18. apríl 2018 var tilkynning um fyrrnefnda kæru send ríkinu og voru aðrir liðir kærunnar lýstir ótækir til meðferðar samkvæmt 3. mgr. 54. gr. reglna mannréttindadómstólsins.

### MÁL SATVIK

#### I. MÁLAVEXTIR

5. Kærandi er fæddur 1962 og búsettur í Kópavogi.

6. Á þeim tíma sem málsatvik áttu sér stað var kærandi vörustjóri grófvöru í timbursöludeild í byggingarvöruversluninni Húsasmiðjunni. Árið 2014, að lokinni lögreglurannsókn, gaf embætti sérstaks saksóknara út ákæru á hendur kæranda og tólf öðrum starfsmönnum Húsasmiðjunnar og tveggja annarra byggingavöruverslana, Byko og Úlfsins Lagersölu, þar sem þeir voru sakaðir um refsivert verðsamráð. Í ákærunni var tekið fram að hin meintu brot hefðu aðallega verið framin með símtölum og tölvupóstsamskiptum. Meðan á rannsókninni stóð hefði Héraðsdómur Reykjaness heimilað hlerun og hljóðritun símtala milli tiltekinnna símanúmera sem skráð voru í nafni fyrirtækjanna þriggja. Sakargiftin á hendur



kæranda byggði á símtali frá B, starfsmanni Byko, hinn 28. febrúar 2011, þar sem þeir höfðu að sögn hvatt hvor annan til þess að eiga með sér refsivert verðsamráð.

7. Við meðferð málsins fyrir héraðsdómi lagði ákærvaldið fram upplýsingar um símtölin ásamt hljóðritum einhverra þeirra, svo og tölvuskeyti og önnur skrifleg sönnunargögn, einkum varðandi tiltekin skipti á upplýsingum um verð. Héraðsdómur vísaði málinu gegn einum sakborningi frá en hinir neitustu sök. Við aðalmeðferð gáfu þeir munnlegar skýrslur fyrir réttinum að viðstöddum öðrum meðákærðu, án tillits til þess hvort hinir síðarnefndu hefðu áður gefið skýrslu. Þeir voru gagnspurðir af verjendum sínum og ákærendum og auk þess spurðir af dómurinum. Fjöldi vitna bæði ákærvaldsins og verjenda báru vitni að ákærðu viðstöddum. Meginvörn kæranda var sú að hann hefði fengið óvænt símtal, sem hann vissi ekki hvernig hann ætti að bregðast við, og að hann hefði ekki gert samkomulag af neinu tagi við B; hann hefði strax greint yfirmanni sínum frá símtalinu og upplýsingar sem veittar hefðu verið í símtalinu hefðu ekki haft eða getað haft áhrif á störf hans hjá Húsasmiðjunni.

8. Með dómi 9. apríl 2015 sýknaði Héraðsdómur kæranda af refsiverðu verðsamráði og hvatningu til slíks samráðs, en sakfelldi einn hinna sakborninganna fyrir þau brot; hinir sakborningarnir tíu voru sýknaðir af öllum ákæruliðum. Að því er viðvikur kæranda féllst rétturinn á framburð hans, sem rétturinn taldi studdan af framburði annars sakbornings og eins vitnis, og „[taldi] dómurinn því ósannað að, þrátt fyrir gáleysi ákærða um að slíta ekki samtalinu strax, að hann hafi ekki vitað á hverju hann átti von né hafa getað brugðist við símtalinu á annan hátt en hann gerði.” Þá styddi sú háttsemi ákærða að fara beint eftir símtalið og tilkynna það yfirmönnum sínum, að vilji hans hefði ekki staðið til að taka þátt í fyrirætlunum B. Taldi rétturinn að huglægt skilyrði um gáleysi væri ekki uppfyllt vegna þess hvernig ákærði hefði brugðist við símtalinu.

9. Ákærvaldið áfrýjaði sýknudóminum yfir kæranda og tilteknum öðrum meðákærðu til Hæstaréttar og lagði fram öll sýnileg gögn sem lögð höfðu verið fyrir héraðsdóm, svo og heildarendurrit framburðar ákærðu og vitna við málsmeðferðina fyrir héraðsdómi.

10. Í málsmeðferðinni fyrir Hæstarétti voru ekki aftur teknar skýrslur af sakborningum og vitnum. Sakborningar lögðu fram skriflegar greinargerðir og verjendur fluttur ræður við opið réttarhald í Hæstarétti. Í dómi sínum þann 1. desember 2016 staðfesti Hæstiréttur sýknudóminn yfir tveimur ákærðu og sakfellingu eins, en sneri við sýknudóminum yfir kæranda og sjö öðrum sakborningum og sakfelldi þá fyrir brot gegn 1. mgr. og a-lið 2. mgr. 41. gr. a. samkeppnislaga nr. 44/2005, sbr. 10. gr. sömu laga (sjá 13. mgr. hér fyrir neðan). Hlaut kærandi 9 mánaða skilorðsbundinn fangelsisdóm. Með vísan til 2. málslíðar 2. mgr. 114. gr. laga um meðferð sakamála (sjá 12. mgr. hér fyrir neðan) gagnrýndi Hæstiréttur þá staðreynd að héraðsdómur hefði gefið ákærðu kost á að vera viðstaddir þegar meðákærðu gáfu skýrslu, án tillits til þess hvort þeir ættu sjálfir eftir að koma fyrir dóm til skýrslugjafar. Taldi rétturinn að vegna þess að sú háttsemi, sem ákærðu var gefin að sök, væri eðlislík og ætti að verulegu leyti rót sína að rekja til sömu atvika hefði verið brýnt að koma í

## Dómar og ákvarðanir í málum gegn Íslandi

veg fyrir að ákærðu hlýddu á framburð meðákærðu fyrr en eftir að þeir sjálfir hefðu komið fyrir dóm og gefið þar skýrslu. Þá gagnrýndi Hæstiréttur að í héraðsdómi hefði ekki verið gerður greinarmunur á ákærðu sem sakborningum og sem vitnum, þrátt fyrir ólíka stöðu þeirra að lögum, en sumir sakborningar hefðu gefið skýrslu um þá háttsemi, sem þeim var gefin að sök í ákæru en höfðu síðar stöðu vitna þegar þeir tjáðu sig um önnur ákæruatriði. Á grundvelli þessarar umfjöllunar taldi Hæstiréttur að sá háttur á skýrslutöku af ákærðu væri „ekki síst ámælisverður fyrir þá sök að hann rýrir til muna sönnunargildi framburðar þeirra fyrir dómi.“

11. Hæstiréttur taldi sannað með vísan til gagna málsins að Byko hefði upphaflega spurst fyrir um verð hjá Húsasmiðjunni í símtölum. Samskiptin hefðu síðan þróast úr því að vera einhliða í að verða gagnkvæm þar sem þeir, sem ræðst hefðu við, hefðu skipst á upplýsingum um verð hjá fyrirtækjunum á sömu eða sambærilegum vörutegundum en tilgangurinn með upplýsingagjöfinni hefði augljóslega verið sá að fá gleggri mynd af verðum keppinautarins en kostur hefði verið fyrir fyrirtækin, hvort um sig, með því að kynna sér einungis verðin með þeim aðferðum sem viðskiptavinum stóðu til boða. Var talið að hin tíðu og reglubundnu samskipti hefðu falið í sér samstilltar aðgerðir sem höfðu það að markmiði að raska samkeppni milli fyrirtækjanna. Að því er viðvíkur kæranda sérstaklega taldi Hæstiréttur að með símtali hans og B 28. febrúar 2011 hefðu báðir af ásettu ráði og á alvarlegan hátt brotið gegn 1. mgr. og a-lið 2. mgr. 41. gr. a. samkeppnislaga, þar sem ekki færi milli mála að í samtali sínu hefðu þeir hvatt hvor annan til að halda upp verðum grófvöru, þar á meðal við gerð tilboða.

## II. VIÐEIGANDI LANDSLÖG

12. Viðeigandi ákvæði laga um meðferð sakamála (lög nr. 88/2008) á þeim tíma sem um ræðir voru svohljóðandi:

### 114. gr.

„...  
Á meðan ákærði gefur skýrslu skulu vitni í sama máli ekki hlýða á framburðinn. Dómari getur enn fremur ákveðið að það sama gildi um aðra ákærðu ef ástæða þykir til.  
...“

### 196. gr.

Með þeim takmörkunum sem leiðir af öðrum ákvæðum laga þessara er heimilt að áfrýja héraðsdómi til Hæstaréttar til þess að fá:

- endurskoðun á ákvörðun viðurlaga,
- endurskoðun á niðurstöðum sem byggðar eru á skýringu eða beitingu réttarreglna,
- endurskoðun á niðurstöðum sem byggðar eru á mati á sönnunargildi annarra gagna en munnlegs framburðar fyrir héraðsdómi,
- ómerkingu á dómi og heimvísun máls,
- frávísun máls frá héraðsdómi.

Við áfrýjun dóms er jafnframt heimilt að leita endurskoðunar á úrskurðum sem kveðnir hafa verið upp og ákvörðunum sem teknar hafa verið undir rekstri máls í héraði.

...“

### 208. gr.

„\*\*\*

Hæstiréttur getur ekki endurmetið niðurstöðu héraðsdómara um sönnunargildi munnlegs framburðar nema hlutaðeigandi vitni eða ákærði hafi gefið skýrslu þar fyrir dómi.

Nú telur Hæstiréttur líkur á að niðurstaða héraðsdómara um sönnunargildi munnlegs framburðar fyrir dómi kunni að vera röng svo að einhverju skipti um úrslit máls og vitni eða ákærði sem eiga í hlut hafa ekki gefið munnlega skýrslu fyrir Hæstarétti. Getur þá rétturinn fellt úr gildi héraðsdóm og meðferð málsins í héraði í þeim mæli að munnleg sönnunarfærsla geti farið þar fram eftir þörfum og leyst verði úr máli á ný. Sé héraðsdómur ómerktur samkvæmt þessu skulu þrír dómáram skipa dóm í málinu við nýja meðferð þess í héraði og mega þeir ekki vera hinir sömu og áður fóru með það.“

13. Samkvæmt lögum um meðferð sakamála er unnt að endurupptaka mál við tiltekna aðstæður. Í 228. gr. laganna segir að hafi héraðsdómur gengið í sakamáli sem ekki hefur verið áfrýjað og áfrýjunarfrestur er liðinn geti endurupptökunefnd orðið við beiðni manns, sem telur sig ranglega sakfelldan eða sakfelldan fyrir meira brot en það sem hann hefur framið, um að málið verði endurupptekið í héraði að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Skilyrðin eru meðal annars að verulegir anmarkar hafa verið á meðferð máls þannig að áhrif hafi haft á niðurstöðu þess (d-liður). Ríkissaksóknari getur beiðst endurupptöku máls til hagsbóta fyrir dómfelldan aðila ef hann telur skilyrði 1. mgr. 228. gr. laganna uppfyllt. Samkvæmt 229. gr. laganna skal beiðnin vera skrifleg og henni beint til endurupptökunefndar. Í henni skal ítarlega rökstutt hvernig skilyrðum til endurupptöku teljist fullnægt. Samkvæmt 231. gr. laganna tekur endurupptökunefnd ákvörðun um hvort mál verði endurupptekið. Sé beiðni um endurupptöku tekin til greina skal fyrri dómur í málinu halda gildi sínu þar til nýr dómur hefur verið kveðinn upp í málinu. Í 232. gr. laganna segir að endurupptökunefnd geti samþykkt beiðni um endurupptöku máls sem endanlega hefur verið dæmt í Landsrétti eða Hæstarétti og að nýr dómur verði þá kveðinn upp ef fullnægt er þeim skilyrðum sem greinin í 228. gr.

14. Viðeigandi ákvæði samkeppnislaga, nr. 44/2005, eru svohljóðandi:

### 10. gr.

„Allir samningar og samþykktir milli fyrirtækja, hvort heldur þær eru bindandi eða leiðbeinandi, og samstilltar aðgerðir sem hafa að markmiði eða af þeim leiðir að komið sé í veg fyrir samkeppni, hún sé takmörkuð eða henni raskað eru bannaðar. Bann þetta tekur m.a. til samninga, samþykktar og samstilltra aðgerða sem:

- áhrif hafa á verð, afslætti, álagningu eða önnur viðskiptakjör með beinum eða óbeinum hætti,
- takmarka eða stýra framleiðslu, mörkuðum, tækniþróun eða fjárfestingu,
- skipta mörkuðum eða birgðalindum,
- viðskiptaaðilum sé mismunad með ólíkum skilmálum í sams konar viðskiptum og samkeppnisstaða þeirra þannig veikt,
- sett sé það skilyrði fyrir samningagerð að hinir viðsemjendurnir taki á sig viðbótarskuldbindingar sem tengjast ekki efni samninganna, hvorki í eðli sínu né samkvæmt viðskiptavenju.“

## Dómar og ákvarðanir í málum gegn Íslandi

### 41. gr. a

„Hver starfsmaður eða stjórnarmaður fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja, sem framkvæmir, hvetur til eða lætur framkvæma samráð sem brýtur gegn 10. og/eða 12. gr. og varðar þau atriði sem tilgreind eru í 2. og 3. mgr., skal sæta sektum eða fangelsi allt að sex árum.

Ákvæði 1. mgr. tekur til eftirfarandi brota fyrirtækja eða samtaka fyrirtækja á sama sölustigi á 10. eða 12. gr.

- a. samráðs um verð, afslætti, álagningu eða önnur viðskiptakjör,
- b. samráðs um takmörkun eða stýringu á framboði, framleiðslu, mörkuðum eða sölu,
- c. samráðs um skiptingu á birgðalindum eða mörkuðum, t.d. eftir svæðum eða viðskiptavinum,
- d. samráðs um gerð tilboða,
- e. samráðs um að eiga ekki viðskipti við tiltekin fyrirtæki eða neytendur,
- f. upplýsingagjafar um þau atriði sem fram koma í a–e-liðum.

Ákvæði 1. mgr. tekur einnig til ólögmeats samráðs milli fyrirtækja sem hefur það að markmiði að fyrirtæki hefji ekki samkeppni í atvinnustarfsemi.

Með samráði í þessari grein er átt við samkomulag, samninga, samþykktir, ákvarðanir eða samstilltar aðgerðir fyrirtækja eða samtaka fyrirtækja.

Dæma má sviptingu réttinda skv. 68. gr. almennra hegningarlaga og upptöku eignar skv. 69. gr. sömu laga í máli er rís vegna brota á 10., 12. og 41. gr. b laga þessara.

Tilraun til brots eða hlutdeild í brotum samkvæmt grein þessari er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.“

## LAGAATRÍÐI

### I. MEINT BROT GEGN 1. MGR. 6. GR. MANNRÉTTINDASÁTTMÁLANS

15. Kærandi kvartaði undan því að eftir að hann hefði verið sýknaður á fyrsta dómstigi hefði Hæstiréttur sakfellt hann án þess að hafa hlýtt að nýju á munnlegan framburð. Taldi hann að með því hefði honum verið synjað um réttláta málsmeðferð. Vísaði hann til 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmálans, sem er svohljóðandi:

„Pegar kveða skal á um ... sök sem [maður] er borinn um refsivert brot, skal hann eiga rétt til réttlátrar ... málsmeðferðar...“

16. Ríkið mótmælti þessum málalíbúnaði.

### A. Meðferðarhæfi

17. Að mati dómstólsins er kærán ekki augljóslega illa grunduð í skilningi a-liðar 3. mgr. 35. gr. mannréttindasáttmálans. Ennfremur telur dómstóllinn að hún sé ekki ótæk til meðferðar á neinum öðrum forsendum. Hún verður því að teljast tæk til meðferðar.

### B. Málsástæður

#### 1. Sjónarmið aðila

18. Að mati kæranda yrði að líta svo á sú ákvörðun að hafa að engu framburð sem héraðsdómur hafði talið trúverðugan og sem leitt hefði til sýknu hans hlyti að teljast endurskoðun á sönnunargildi framburðarins og af því yrði að draga þá

ályktun að Hæstiréttur hefði ekki talið framburðinn trúverðugan. Hefði rétturinn fallist á að framburðurinn væri trúverðugur hefði ekki verið unnt að sakfella hann.

19. Kærandi féllst á að nauðsynlegt væri að meta sanngirni málsmeðferðarinnar í heild sinni en mótmælti því að hann hefði hlotið réttláta málsmeðferð á öllum stigum eins og ríkið héldi fram. Einkum og sér í lagi væri réttur hans til þess að gefa munnlega skýrslu, sem talin var trúverðug í héraðsdómi, einskis virði ef Hæstiréttur gæti virt hana að vettugi án þess að hlýða á hana. Að því er varðar þá staðhæfingu ríkisins að hann hefði ekki farið fram á að Hæstiréttur hlýddi á munnlega skýrslu hélt kærandi því fram að ekki væri unnt að koma slíkri beiðni við þar sem það væri Hæstaréttar eins að ákveða það og bætti við að í öllu falli hefði ekkert tilefni verið til slíkrar beiðni þar sem hann hefði verið sýknaður á fyrsta dómstigi.

20. Taldi kærandi að með þeirri niðurstöðu að gildi hins munnlega framburðar hefði verið „rýrt til muna“ vegna þeirrar aðferðar sem beitt hefði verið hefði Hæstiréttur „hent út“ þeim framburði með þeim afleiðingum að horft hefði verið fram hjá öllum skýringum og útlistunum sakborninga, sem héraðsdómur hefði talið trúverðugar. Að mati kærands hefði þetta falið í sér endurmat á trúverðugleika hins munnlega framburðar.

21. Að því er varðar þá staðhæfingu ríkisins að algengt væri að Hæstiréttur gagnrýndi ákvarðanir héraðsdóms um málsmeðferð án þess að það hefði áhrif á niðurstöðu máls benti kærandi á að í málunum sem ríkið vísaði til hefði Hæstiréttur tekið fram með skýrum hætti að gagnrýnin hefði ekki áhrif á niðurstöðuna, sem ekki hefði verið gert í þessu máli; þvert á móti hefði rétturinn tekið fram að sú málsmeðferð sem fylgt hefði verið hefði rýrt til muna sönnunargildi framburðarins. Ennfremur hefði rétturinn talið „brýnt“ að fylgja annarri málsmeðferð til þess að koma í veg fyrir að ákærðu hlýddu hver á framburð annars, sem væri til marks um að ekki væri um að ræða almenna gagnrýni. Að mati kæranda hefði Hæstiréttur endurmetið sönnunargildi framburðar sakborninga með því að ætla honum verulega rýrt sönnunargildi.

22. Þá vefengdi kærandi þá afstöðu ríkisins að sakfelling hans hefði byggt alfarið á mati á hinum sýnilegu sönnunargögnum. Hélt hann því fram að þar sem skipti á opinberum upplýsingum væru ekki í sjálfu sér brot gegn samkeppnislögum nægðu hin sýnilegu og skjalfestu sönnunargögn ekki til þess að sanna brot gegn þeim lögum; „markmið“ og „tilgangur“ upplýsingaskiptanna kæmu hvergi fram í hinum sýnilegu sönnunargögnum og niðurstöður Hæstaréttar í þeim efnun færu gegn munnlegum framburði allra sakborninga. Héraðsdómur hefði metið það svo að skýringarnar sem gefnar hefðu verið væru trúverðugar, en Hæstiréttur hefði í engu vísað til þeirra skýringa, heldur vísað einungis til símtalanna.

23. Taldi kærandi að málið væri að efni til svipað *Botten gegn Noregi*, 19. febrúar 1996, 39. mgr., *Reports of Judgments and Decisions* 1996I, og *Zahirović gegn Króatíu*, nr. 58590/11, 25. apríl 2013. Einkum og sér í hefði málsmeðferðin sem viðhöfð hefði verið í *Botten* verið í öllum mikilvægum atriðum sambærileg við málsmeðferðina í þessu máli og þótt munur væri á heimildum hæstaréttanna tveggja ætti röksemdafærsla mannréttindadómstólsins fyrir niðurstöðu sinni um að

brotið hefði verið gegn 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmálans *a fortiori* við um mál hans.

24. Ríkið hélt því fram að Hæstiréttur hefði ekki endurmetið sönnunargildi framburðarins fyrir héraðsdómi, hvorki í heild né að hluta. Að því er viðvíkur þeirri staðhæfingu kæranda að Hæstarétti hefði borið samkvæmt 2. mgr. 208. gr. laga um meðferð sakamála að boða hann til skýrslugjafar áður en sýknudóminum yfir honum var snúið við minnti ríkið á að það væri fyrst og fremst hlutverk landsdómstóla að túlka ákvæði innlendra laga og að ekki væri unnt að draga túlkun Hæstaréttar í efa nema telja mætti hana gerræðislega eða bersýnilega ómálefnalega. Taldi ríkið að ekki væri unnt að líta á þann veg á lagatúlkun Hæstaréttar í þessu máli.

25. Að því er varðar meint brot gegn 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmálans lagði ríkið áherslu á að það sem lægi fyrir dómstólnum væri að meta hvort málsmeðferðin í heild sinni hefði verið sanngjörn. Minnti ríkið á að samkvæmt fordæmum dómstólsins réðist beiting 6. gr. um málsmeðferð fyrir áfrýjunardómstóli af sérstökum einkennum málsmeðferðarinnar. Taldi ríkið að kærandi hefði notið réttlátrar málsmeðferðar á öllum stigum: hann hefði notið fulls jafnræðis við ákærvaldið að því er varðar framlagningu skriflegra sönnunargagna og engar takmarkanir hefðu verið settar á rétt hans til þess að kalla til vitni á fyrsta dómstigi og hann hefði haft fullt tækifæri til þess að bregðast við gögnum sem lögð voru fram af ákærvaldinu. Í héraðsdómi hefði farið fram réttarhald með málsforræði aðila, þar sem hlýtt hefði verið á málflutning ákærvaldsins og verjenda, svo og framburð kæranda sjálfs, meðákærðra og allra vitna sem verjendur hefðu kallað til. Sanngirni þeirrar málsmeðferðar væri ennfremur hvorki umdeild né vafa undirorpin og taka yrði þessi atriði með í reikninginn við víðara mat á sanngirni málsmeðferðarinnar í heild sinni. Þá hefði farið fram munnlegur málflutningur fyrir Hæstarétti þar sem kærandi hefði notið fullrar aðstoðar verjenda og hlýtt hefði verið bæði á ákærvaldið og verjendur.

26. Benti ríkið á að samkvæmt fordæmum mannréttindadómstólsins, þegar áfrýjunardómstóll hefur fulla heimild til þess að fjalla bæði um lagaleg atriði og málsatvik, er ekki ætíð krafist opins réttarhalds samkvæmt 1. mgr. 6. gr. eða ef slíkt réttarhald fer fram, þá réttar til viðurvistar. Bætti ríkið við að hvorki kærandi né lögmaður hans hefðu farið fram á að kærandi, meðákærðu eða vitni gæfu skýrslu fyrir Hæstarétti. Vakti ríkið athygli á því að samkvæmt 1. mgr. 196. gr. laga um meðferð sakamála hefði Hæstiréttur haft fulla heimild til þess að endurskoða álitamál varðandi málsatvik og réttarreglur, þar með talið sönnunargildi *annarra gagna en munnlegs framburðar fyrir héraðsdómi*. Af því leiddi að Hæstiréttur endurmæti ekki munnlegan framburð nema ef umræddur ákærði eða vitni hefðu gefið munnlega skýrslu fyrir Hæstarétti sjálfum. Að jafnaði hlýðir Hæstiréttur, sem dómstóll á öðru stigi og lokastigi, ekki á málið í heild að nýju, heldur reiðir sig á mat héraðsdóms á sönnunargildi hins munnlega framburðar sem þar er gefinn.

27. Að því er viðvíkur þeirri niðurstöðu Hæstaréttar að sönnunargildi munnlegs framburðar í þessu máli hefði verið til muna rýrt taldi ríkið að þegar umrædd málsgrein væri lesin í samhengi væri ljóst að Hæstiréttur hefði ekki

endurmetið sönnunargildi framburðarins. Í raun hefði rétturinn í dómi sínum tekið fram að hann „[gæti] ekki endurmetið niðurstöðu héraðsdómara um sönnunargildi munnlegs framburðar nema hlutadeigandi vitni eða ákærði hafi gefið skýrslu fyrir Hæstarétti“. Matið á sök kæranda hefði þannig augljóslega byggt á sýnilegum gögnum en ekki á framburði fyrir héraðsdómi. Bætti ríkið við í þessu sambandi að gagnrýni Hæstaréttar hefði varðað formsatriði og að algengt væri að Hæstiréttur gagnrýndi ákvarðanir héraðsdóms um málsmeðferð í uppfræðsluskyni en að slík gagnrýni gæti varðað annmarka sem ekki gæfu tilefni til ómerkingar hins áfrýjaða dóms. Í þessu málið hefði gagnrýnin verið tvíþætt: í fyrsta lagi, að því er varðar það að sakborningum hefði verið leyft að hlýða á framburð meðákærðu áður en þeir gæfu sjálfir skýrslu og í öðru lagi að því er varðar það að ákærðu skyldu gefa skýrslu fyrst sem sakborningar og síðan sem vitni. En þótt Hæstiréttur hefði komist að þeirri niðurstöðu að sönnunargildi framburðarins hefði verið til muna rýrt hefði rétturinn ekki endurmetið sönnunargildi framburðarins.

28. Lagði ríkið áherslu á að kærandi og meðákærðu hefðu fyrst og fremst verið sakaðir um ólöglegt verðsamráð með símtölum og tölvupóstsamskiptum. Þannig hefðu þau sönnunargögn sem ákæruvaldið hefði lagt fram við réttarhaldið falist í upplýsingum um símtöl, þar með talið hvenær þau hefðu átt sér stað og hversu lengi þau hefðu staðið yfir, hljóðupptökur af nokkrum þeirra, tölvuskeytum og öðrum skriflegum sönnunargögnum. Af því leiddi að dómstólarnir hefðu þurft að meta þessi sýnilegu sönnunargögn við úrlausn málsins og að því leyti hefði Hæstiréttur – sem hefði getað lesið og/eða hlýtt á þau gögn – ekki verið bundinn af mati héraðsdóms á gildi þeirra. Sakfelling réttarins á kæranda og öðrum meðákærðu hefði byggt á þeim gögnum, sem Hæstiréttur hefði talið nægja til þess að sanna sök en þegar slíkum gögnum hefði ekki verið til að dreifa hefðu sakborningar verið sýknaðir. Þá hefði Hæstiréttur ekki verið bundinn af niðurstöðum héraðsdóms að því marki sem þær byggðu á rangri skýringu viðeigandi ákvæða samkeppnislaga.

29. Ríkið greindi málið frá málum þar sem mannréttindadómstóllinn hefði komist að þeirri niðurstöðu að áfrýjunardómstóll gæti ekki snúið við sýknudómi dómstóls á lægra dómstigi og kveðið upp sakfellingardóm yfir sakborningi án beins mats á framburði sakborninga og vitna í eign persónu. Taldi ríkið að þau mál ættu það sameiginlegt að hinn munnlegi framburður hefði verið hin einu og afgerandi sönnunargögn sem áfrýjunardómstóllinn hefði byggt dóm sinn á. Í þessu máli hefðu sönnunargögnin aftur á móti ekki takmarkast við hinn munnlega framburð, heldur hefðu þau falist í sýnilegum gögnum.

## 2. Álit dómstólsins

### (a) Meginreglurnar

30. Dómstóllinn ítrekar að þótt 6. gr. mannréttindasáttmálans tryggi réttinn til réttlátrar málsmeðferðar eru þar ekki settar fram neinar sérstakar reglur um hvort sönnunargögn séu tæk eða hvernig skuli meta þau, og því heyra þau atriði fyrst og fremst undir innlenda löggjöf og dómstóla (sjá, meðal annarra heimilda, *García Ruiz gegn Spáni* [GC], nr. 30544/96, 28. mgr., 21. janúar 1999, *Kashlev*



*gegn Eistlandi*, nr. 22574/08, 40. mgr., 26. apríl 2016, og *Lazu gegn Moldóvu*, nr. 46182/08, 34. mgr., 5. júlí 2016). Það kemur ekki í hlut dómstólsins að fjalla um staðreyndavillur eða lögvillur sem innlendir dómstóll er sakaður um nema að því leyti og að því marki sem þær kunna að hafa leitt til brots gegn réttindum og frelsi sem verndar njóta samkvæmt mannréttindasáttmálanum. Við ákvörðun á því hvort málsmeðferð hafi verið sanngjörn setur dómstóllinn sig ekki í hlutverk áfrýjunardómstóls á fjórða stigi við ákvörðun á því hvort sönnunargagna hafi verið aflað með ólögætum hætti samkvæmt landslögum, hvort þau séu tæk fyrir rétti eða um sök kæranda. Samkvæmt nálægðarreglunni heyra þessi atriði undir hina innlendu dómstóla. Ekki er viðeigandi fyrir dómstóllinn að skera úr um hvort sönnunargögn sem fyrir lágu hafi nægt til sakfellingar á kæranda og þannig setja eigið mat á málsatvikum og sönnunargögnum í stað mats hinna innlendu dómstóla. Eina úrlausnarefni dómstólsins er að meta hvort málsmeðferðin hafi farið fram með sanngjörnum hætti og hvort hún hafi í tilteknu máli samrýmst mannréttindasáttmálanum en jafnframt taka mið af sérstökum aðstæðum, eðli og flækjustigi málsins (*Murtazaliyeva gegn Rússlandi* [GC], nr. 36658/05, 149. mgr., 18. desember 2018).

31. Að því er varðar umfang þessa máls veitir dómstóllinn því athygli í upphafi að kærandinn kvartaði undan því, með vísan til hins almenna réttar til réttlátrar málsmeðferðar samkvæmt 1 mgr. 6. gr. mannréttindasáttmálans, að Hæstiréttur hefði endurmetið hinn munnlega framburð án þess að hlýða á kæranda í eigin persónu eða vitnin. Að því er varðar hið síðarnefnda var í engu vísað til réttarins til þess að spyrja eða láta spyrja vitni samkvæmt d-lið 3. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmálans. Ríkið byggði röksemdafærslu sína einnig alfarið á 1. mgr. 6. gr. Dómstóllinn sér ekki ástæðu til þess að fjalla um neinn hluta kærunnar samkvæmt d-lið 3. mgr. 6. gr. að eigin frumkvæði, þar sem kæran varðar ekki rétt til þess að leiða vitni „á sama hátt“ og ákærvaldið, heldur hinn almenna rétt til sanngjarnrar málsmeðferðar samkvæmt 1. mgr. 6. gr. Því telur dómstóllinn að fjalla megi um kæranna með viðhlítandi hætti samkvæmt því ákvæði (sjá *Sigurþór Arnarsson gegn Íslandi*, nr. 44671/98, 29. mgr., 15. júlí 2003).

32. Dómstóllinn ítrekar að gildi 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmálans um málsmeðferð eftir áfrýjun, þar með talið til æðstu dómstóla, veltur á séreinkennum þeirrar málsmeðferðar sem um ræðir; taka verður mið af málsmeðferðarkerfinu í heild sinni í réttarkerfi viðkomandi lands og þess hlutverks sem viðkomandi dómstóll gegnir í því sambengi (sjá m.a. *Botten gegn Noregi*, sem vísað er til hér að framan, 39. gr., *Sigurþór Arnarsson gegn Íslandi*, sem vísað er til hér að framan, 30. mgr., og *Lazu gegn Moldavíu*, sem vísað er til hér að framan, 33. mgr.). Málsmeðferð varðandi áfrýjunarleyfi og málsmeðferð sem varðar aðeins lagaatriði en ekki atvik máls kann að uppfylla kröfur 1. mgr. 6. gr., enda þótt áfrýjanda hafi ekki verið veitt færi á að veita áfrýjunardómstólnum munnlega skýrslu.

33. Ennfremur, jafnvel þótt áfrýjunardómstóll hafi heimild til þess að fjalla bæði um lagaatriði og málsatvik er ekki í 1. mgr. 6. gr. mælt fyrir um skilyrðislausan rétt til munnlegs málflutnings, eða, ef munnlegur málflutningur er haldinn, um rétt



aðila til að vera viðstaddur og til að ávarpa réttinn milliliðalaust (sjá m.a. *Botten gegn Noregi*, sem vísað er til hér að framan, 39. mgr., og *Sigurþór Arnarsson gegn Íslandi*, sem vísað er til hér að framan, 30. mgr.). Þá kann sakborningur einnig með skýlausum hætti að hafa afsalað sér réttinum til þátttöku í áfrýjunarmálinu (sjá m.a. *Kashlev gegn Eistlandi*, sem vísað er til hér að framan, 51. mgr.). Á hinn bóginn hefur dómstóllinn talið að þegar áfrýjunardómstóli er falið að fjalla um mál út frá málsatvikum og lagalegum atriðum og ráðast í heildarmat á álitaefninu um sekt eða sýknu kæranda geti sá dómstóll ekki með hliðsjón af réttlátri málsmeðferð með tilhlýðilegum hætti kveðið upp úr um þau atriði án þess að ráðast í milliliðalaust mat á framburði ákærða sjálfs – haldi hann því fram að hann hafi ekki framið þann verknað sem talinn hefur verið refsivert brot (sjá *Constantinescu gegn Rúmeníu*, nr. 28871/95, 27. júní 2000, með tilvísun til *Ekbatani gegn Svíþjóð*, 26. maí 1988, 32. mgr., A-deild nr. 134; sjá einnig *Dondarini gegn San Marínó*, nr. 50545/99, 27. mgr., 6. júlí 2004). Að þessu leyti eru náin tengsl við þekktu dómaframkvæmd dómstólsins á þá leið að þegar skorið er úr um sakargift ætti sakborningur að öllu jöfnu að fá áheyrn fyrir dómstólnum sem sakfellir hann (sjá m.a. *Sándor Lajos Kiss gegn Ungverjalandi*, nr. 26958/05, 22. mgr., 29. september 2009).

34. Það er rétt, sem ríkið leggur áherslu á, að dómstóllinn hefur talið að sú staðreynd að áfrýjunardómstóll hafi til þess vald að ómerkja sýknudóm dómstóls á lægra stigi án þess að kalla til sakborninginn og án þess að hlýða á framburð hans eða vitna milliliðalaust brjóti ekki í sjálfu sér, og án þess að annað komi til gegn þeim rétti sem tryggður er samkvæmt 1. mgr. 6. gr. (sjá *Botten gegn Noregi*, sem vísað er til hér að framan, 48. mgr.).

35. Á hinn bóginn má einnig ráða af dómaframkvæmd dómstólsins, sbr. hina almennu nálgun dómstólsins, sem þegar hefur verið lýst (sjá 33. mgr. hér að framan), að ef áfrýjunardómstóll hefur til þess heimild að endurskoða atriði varðandi málsatvik, bæði að því er varðar spurningu um sekt eða refsingu, eða hvort tveggja, kann rétturinn til réttlátrar málsmeðferðar samkvæmt 1. mgr. 6. gr., eftir aðstæðum í málinu, að girða fyrir að áfrýjunardómstóllinn geti sakfellt sakborning sem þegar hefur verið sýknaður á lægra dómstigi. Þegar tekið er mið af því hvað er í húfi fyrir sakborninginn ætti spurningin heild að vera sú hvort áfrýjunardómstóllinn geti „þannig að málsmeðferð verði réttlát rannsakað með tilhlýðilegum hætti þau málefni sem skera þarf úr um án beins mats á framburði“ sakbornings eða vitnis í eigin persónu (sjá *Botten gegn Noregi*, sem vísað er til hér að framan í 52. mgr.).

36. Ennfremur er í dómaframkvæmd dómstólsins um þetta atriði, þegar litíð er á framkvæmdina í heild og í réttu samhengi, gerður greinamunur annars vegar á aðstæðum þar sem áfrýjunardómstóll, sem sneri við sýknudómi án þess að hlýða sjálfur á hinn munnlega framburð sem sýknudómurinn byggðist á, hafði ekki einvörðungu lögsögu til þess að rannsaka málsatvik ásamt lagaatriðum heldur réðist beinlínis í nýja rannsókn á atvikum, og svo hins vegar aðstæðum þar sem áfrýjunardómstóllinn var einungis ósammála dómstólnum á lægra stigi varðandi skýringu laga og/eða beitingu þeirra um málsatvik sem slegið hafði verið föstum, jafnvel þótt hann hefði einnig haft lögsögu varðandi málsatvik. Til að mynda í málinu *Igual Coll*

## Dómar og ákvarðanir í málum gegn Íslandi

*gegn Spáni*, nr. 37496/04, 36. mgr., 10. mars 2008, taldi dómstóllinn að áfrýjunardómstóllinn hefði ekki einungis sett fram aðra lögskýringu eða beitingu lagareglna um málsatvik sem slegið hafði verið föstum á fyrsta dómstigi, heldur ráðist í nýtt mat á málsatvikum umfram hrein lagaleg atriði (sjá einnig *Spínu gegn Rúmeníu*, nr. 32030/02, 55.-59. mgr., 29. apríl 2008, *Andreescu gegn Rúmeníu*, nr. 19452/02, 65.-70. mgr., 8. júní 2010, *Almenara Alvarez gegn Spáni*, nr. 16096/08, 25. október 2011). Með sama hætti, í *Marcos Barrios gegn Spáni*, nr. 17122/07, 40.-41. mgr., 21. september 2010, taldi dómstóllinn að áfrýjunardómstóllinn hefði tjáð sig um álitamál varðandi málsatvik, það er að segja trúverðugleika vitnis, og þannig breytt málsatvikum sem slegið hafði verið föstum á fyrsta dómstigi og tekið nýja afstöðu varðandi atvik sem réðu úrslitum um ákvörðun um sekt kæranda (sjá einnig *García Hernández gegn Spáni*, nr. 15256/07, 33.34. mgr., 16. nóvember 2010).

37. Aftur á móti, í málinu *Bazo González gegn Spáni*, nr. 30643/04, 16. desember 2008, taldi dómstóllinn að ekki hefði verið brotið gegn 1. mgr. 6. gr. á þeim forsendum að þeir þættir sem áfrýjunardómstóllinn þurfti að greina til þess að sakfella kæranda hefðu fyrst og fremst verið af lagalegum toga og í dómi hans hefði verið sérstaklega tekið fram að það væri ekki hlutverk hans að ráðast í nýtt mat á sönnunargögnum; þess í stað hefði hann einungis beitt annarri lögskýringu en dómstóllinn á neðra stiginu (sjá aftur á móti *Sigurþór Arnarsson gegn Íslandi*, sem vísað er til hér að framan, 34. mgr., og *Mihaiu gegn Rúmeníu*, nr. 43512/02, 38. mgr., 4. nóvember 2008, þar sem dómstóllinn lagði áherslu á að álitaeftirn hefðu aðallega varðað málsatvik). Sambærileg niðurstaða fékkst í *Keskinen og Veljekset Keskinen Oy gegn Finnlandi*, nr. 34721/09, 5. júní 2012. Aftur á móti, eins og dómstóllinn skýrði í *Suuripää gegn Finnlandi*, nr. 43151/02, 44. mgr., 12. janúar 2010, verður á þessum tímapunkti að taka með í reikninginn að „málsatvikin og lögskýringin kunna að vera samtvinnuð að því marki að erfitt sé að skilja þar á milli.“

38. Loks, ef beint mat á sönnunargögnum er talið nauðsynlegt af þeim ástæðum sem greinir hér að framan, er áfrýjunardómstólnum skylt að grípa til virkra ráðstafana í því skyni, hvað sem því líður að kærandi hafi ekki mætt til dómþingsins, farið fram á að ávarpa dóminn eða mótmælt því, með milligöngu verjanda síns, að nýr dómur yrði kveðinn upp (sjá *Botten gegn Noregi*, sem vísað er til hér að framan, 53. mgr., og *Sigurþór Arnarsson gegn Íslandi*, sem vísað er til hér að framan, 38 mgr.). Að öðrum kosti verður áfrýjunardómstóll að láta við sitja að ómerkja sýknu dómstólsins á neðra stigi og vísa málinu aftur til nýrrar málsmeðferðar.

### (b) Beiting þessara meginreglna í fyrirbyggjandi máli

39. Í þessu máli veitir dómstóllinn því athygli að kærandi var sýknaður af héraðsdómi eftir fullt réttarhald þar sem aðilar höfðu málsforræði og þar sem skýrslur voru teknar, þar með talið munnlegar skýrslur sakborninga og vitna. Ákærvaldið áfrýjaði meðal annars sýknudómi yfir kæranda til Hæstaréttar, sem boðaði til dómþings þar sem verjendur sakborninga fluttu málið munnlega. Hæstiréttur hafði

fulla lögsögu til þess að rannsaka álitaefni um málsatvik, svo og lagaatriði, þar með talið sönnunargildi skriflegra sönnunargagna; á hinn bóginn mátti hann ekki endurmeta munnlegan framburð fyrir héraðsdómi án þess að hlýða á hann aftur. Án þess að hlýða aftur á hinn munnlega framburð sakfelldi rétturinn kæranda fyrir refsivert verðsamráð og dæmdi hann til níu mánaða skilorðsbundinnar fangelsisvistar. Spurningin sem liggur fyrir dómstólnum er þess vegna hvort Hæstiréttur gat við þessar aðstæður, ef málsmeðferðin átti að vera réttlát, rannsakað álitaefnin með tilhlýðilegum hætti án þess að meta með beinum hætti þann framburð sem sakborningar og vitni höfðu veitt í eigin persónu.

40. Dómstóllinn sér ekki ástæðu til þess að vefengja þá staðhæfingu ríkisins að Hæstarétti hafi ekki borið skylda til þess samkvæmt 2. mgr. 208. gr. laga um meðferð sakamála að stefna kæranda fyrir réttinn til þess að gefa skýrslu áður en rétturinn sneri við sýknudómi hans. Í raun heldur kærandi því ekki fram að Hæstiréttur hafi farið gegn landslögum. Þá telur dómstóllinn það ekki ráða úrslitum að kærandi hafi ekki farið fram á hlýtt yrði aftur á framburð hans, jafnvel þótt gert væri ráð fyrir að sá kostur hefði staðið honum opin. Þótt kæranda væri ljóst að ákærvaldið krefðist sakfellingar hans af hálfu Hæstaréttar minnir dómstóllinn á að ef bein rannsókn sönnunargagna er talin nauðsynleg er áfrýjunardómstóli skylt að grípa til virkra aðgerða í þá átt, hvað sem líður því að kærandi hafi ekki krafist þess að hlýtt yrði aftur á framburði (sjá 38. mgr. hér að framan).

41. Meginágreiningsefnið milli aðilanna er hvort Hæstiréttur hafi endurmetið framburðinn með þeirri niðurstöðu réttarins að sönnunargildi hins munnlega framburðar hafi rýrst til muna vegna þess hvernig honum var háttáð fyrir héraðsdómi. Í því sambandi veitir dómstóllinn því athygli að samkvæmt íslenskum lögum var Hæstarétti beinlínis bannað að endurmeta munnlegan framburð án þess að hlýða sjálfur á hann. Þannig var sakfelling kæranda að grunni til ekki byggð á endurmati Hæstaréttar á hinum munnlega framburði sem slíkum, í þeim skilningi að viðhorf væri myndað til sannleiksgildis staðhæfinga, einkum á grundvelli framkomu þess sem verið væri að taka skýrslu af; öllu heldur var það niðurstaða Hæstaréttar að sönnunargildi framburðarins hefði verið „rýrt til muna“ á tæknilegum eða formlegum forsendum, það er að segja vegna þess háttar sem viðhafður var við skýrslutöku, einkum og sér í lagi með því að heimila að sakborningar yrðu viðstaddir þegar meðákærðu gáfu skýrslu.

42. Ekki virðist sem Hæstiréttur hafi alfarið horft fram hjá hinum munnlegu framburðum, eins og kærandi gefur í skyn, en engu að síður tók rétturinn afdráttarlausu afstöðu til áreiðanleika þeirra sem sönnunargagna – sem ekki er frekar minnst á í röksemdafærslu réttarins varðandi kæranda – og þannig til sönnunargildis þeirra við heildarmatið á sök eða sakleysi kæranda. Að því leyti fær dómstóllinn ekki séð neinn efnislegan mun á áreiðanleika og trúverðugleika hins munnlega framburðar í þessu samhengi. Staðreyndin er sú að í allra minnsta falli horfði Hæstiréttur að verulegu leyti fram hjá hluta af þeim sönnunargögnum sem héraðsdómur hafði tekið mið af þegar hann sýknaði kæranda og byggði sakfellingu hans fyrst og fremst, ef ekki alfarið, á eigin mati á efni símtalanna milli kæranda og B. Þótt Hæstiréttur hafi

samkvæmt innlendum rétti haft heimild til þess að endurmeta sýnileg sönnunargögn þýddi sú staðreynd að hann reiddi sig á þau sönnunargögn, en horfði að öllu eða mestu leyti fram hjá skýringum í hinum munnlega framburði, óhjákvæmilega að rétturinn „varð að einhverju leyti að ráðast í eigið mat í því skyni að ákvarða hvort [málsatvik] veittu nægjanlegan grunn til þess að sakfella kæranda“ (*Botten gegn Noregi*, sem vísað er til hér að framan, 49. mgr.). Að mati dómstólsins verður ekki litið svo á að í þessu hafi einungis falist að leggja hreint lagalegt mat á fyrir-  
liggjandi málsatvik; þvert á móti var um að ræða nýtt mat á sönnunargögnunum í heild, sem leiddi til sakfellingar kæranda á grundvelli sönnunargagna sem voru önnur en þau sem héraðsdómur hafði reitt sig á þegar hann sýknaði kæranda (sbr. *Lacadena Calero gegn Spáni*, nr. 23002/07, 39.-51. mgr., 22. nóvember 2011). Af því leiðir að ef málsmeðferðin átti að vera réttlát, og með hliðsjón af því sem í húfi var fyrir kæranda, gat Hæstiréttur ekki með tilhlýðilegum hætti rannsakað þau álítaefni sem til ákvörðunar komu við áfrýjun án þess að leggja beint mat á framburð kæranda, meðákærðra hans og eins vitnanna, sem héraðsdómur hafði reitt sig á í heildarsönnunargildismati sínu á samhengi símtalanna milli kæranda og B hinn 28. febrúar 2011. Að öðrum kosti stóð Hæstarétti opin sú leið að fella úr gildi sýknu héraðsdóms á kæranda af þeim sökum sem hann hafði verið borinn og vísa málinu aftur til nýrrar málsmeðferðar vegna þeirra annmarka sem Hæstiréttur hafði séð á þeim hætti sem viðhafður hafði verið við munnlega skýrslugjöf á fyrsta dómstigi.

43. Loks vekur dómstóllinn athygli á því að kæranda var gert að sæta fangels-  
isvist, þótt skilorðsbundin væri, án þess að Hæstiréttur hefði haft aðstöðu til þess að meta með beinum hætti hvaða mann hann hafði að geyma. Að þessu leyti var Hæstiréttur í svipaðri stöðu og Hæstiréttur Noregs í *Botten*, það er að segja hann hafði fullar heimildir að því er varðar ákvörðun refsingar, en þá gátu komið til álita atriði á borð við persónuleika og skapgerð, og rétturinn hafði ekki stuðning af fyrra mati dómstóls á lægra dómstigi sem hefði hlýtt á kæranda (sjá *Botten gegn Noregi*, sem vísað er til hér að framan, 50. mgr., *Sigurþór Arnarsson gegn Íslandi*, sem vísað er til að framan, 35. mgr., og *Zahirović gegn Króatíu*, sem vísað er til að framan, 57. mgr.).

44. Í ljósi framangreinds er það niðurstaða dómstólsins í þessu máli að brotið hafið verið gegn 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmálans.

## II. BEITING 41. GR. MANNRÉTTINDASÁTTMÁLANS

45. 41. gr. mannréttindasáttmálans er svohljóðandi:

„Dómurinn skal ef nauðsyn krefur veita sanngjarnar bætur til þess aðila sem orðið hefur fyrir tjóni ef hann kemst að þeirri niðurstöðu að um brot á samningnum eða samnings-  
viðaukum við hann hafi verið að ræða og ef löggjöf viðkomandi samningsaðila heimilar aðeins að veittar séu bætur að hluta.“

### A. Bætur

46. Kærandi krafðist 10.000.000 íslenskra króna (ISK, um það bil 75.000 evra (EUR)) í miskabætur.

47. Ríkið taldi að niðurstaða um brot myndi ein og sér teljast fullnægjandi bætur fyrir hvers kyns miska. Ríkið taldi einnig að krafan um miskabætur væri óhófleg og ekki í samræmi við bætur í fyrri málum.

48. Mið hliðsjón af sérstökum málavöxtum þessa máls fellst dómstóllinn á það með ríkinu varðandi miskabætur að niðurstaða um brot gegn 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmálans teljist ein og sér sanngjarnar bætur fyrir hvers kyns miska. Dómstóllinn getur þess ennfremur að það kemur í hlut ríkisins að velja, undir eftirliti ráðherranefndarinnar, hinar almennu og/eða, eftir atvikum, sértæku ráðstafanir sem gripið verður til í íslenskum rétti í því skyni að binda enda á brotið eða brotin sem dómstóllinn komst að niðurstöðu um og bæta úr afleiðingunum eftir því sem unnt er. Í þessu sambandi bendir dómstóllinn á að í 228. og 232. gr. laga um meðferð sakamála er kveðið svo á að endurupptökunefnd geti að uppfylltum tilteknum skilyrðum mælt fyrir um endurupptöku sakamáls sem endanlega hefur verið dæmt í Landsrétti eða Hæstarétti (sjá, að breyttu breytanda, *Ibrahim o.fl. gegn Bretlandi* [GC], nr. 50541/08, 50571/08, 50573/08 og 40351/09, 315. mgr., 30. september 2016, og *Ramos Nunes de Carvalho E Sá gegn Portúgal* [GC], nr. 55391/13, 57728/13 og 74041/13, 222. mgr., 6. nóvember 2018). Í þessu sambandi leggur dómstóllinn áherslu á mikilvægi þess að tryggja að fyrir hendi séu innlend úrræði til endurupptöku máls í ljósi niðurstöðu um að brotið hafi verið gegn 6. gr. mannréttindasáttmálans. Eins og dómstóllinn hefur áður lagt áherslu á má líta á slík úrræði sem mikilvægan þátt í fullnustu dóma dómstólsins og tilvist þeirra er til marks um skuldbindingu samningsríkis gagnvart mannréttindasáttmálanum og dómafordæmum mannréttindadómstólsins (*Moreira Ferreira gegn Portúgal* (nr. 2) [GC], nr. 19867/12, 99. mgr., 11. júlí 2017).

### B. Kostnaður og útgjöld

49. Kærandi krafðist einnig 10.353.744 króna í málskostnað sem Hæstiréttur hefði gert honum að greiða til íslenska ríkisins, svo og sanngjarns hluta kostnaðar og útgjalda sem til hafði stofnast í málinu fyrir mannréttindadómstólnum, að ákvörðun dómstólsins.

50. Ríkið benti á að umræddur kostnaður hefði verið greiddur úr ríkissjóði og að kærandi hefði ekki lagt fram reikning sem sýndi að hann hefði endurgreitt ríkissjóði.

51. Samkvæmt framkvæmd dómstólsins á kærandi aðeins rétt á endurgreiðslu kostnaðar og útgjalda að því marki sem sýnt þykir að til þeirra hafi í raun og óhjákvæmilega verið stofnað og að fjárhæð þeirra sé hæfileg. Í þessu máli, með hliðsjón af þeim gögnum sem dómstóllinn hefur undir höndum og framangreindum forsendum, og einkum og sér í lagi með hliðsjón af því að brotið sem dómstóllinn dæmdi varðar dóm Hæstaréttar og jafnframt vöntun á gögnum varðandi þann

## Dómar og ákvarðanir í málum gegn Íslandi

---

kostnað sem til stofnaðist við málmeðferðina fyrir dómstólnum, vísar dómstóllinn þessum kröfum kæranda frá.

### **AF ÞESSUM SÖKUM HEFUR DÓMURINN KOMIST AÐ ÞEIRRI EINRÓMA NIÐURSTÖÐU**

1. að kæran sé tæk til meðferðar,
2. að brotið hafi verið gegn 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmálans,
3. að niðurstaða um brot teljist ein og sér fullnægjandi sanngjarnar bætur fyrir miska sem kærandi varð fyrir,
4. að vísa frá kröfu kæranda um sanngjarnar bætur.

Gert á ensku og tilkynnt skriflega hinn 16. júlí 2019 í samræmi við 2. og 3. mgr. 77. gr. reglna dómstólsins.

Stanley Naismith  
Ritari

Marko Bošnjak  
Forseti